

Kaldrananeshreppur



Bjarnarfjörður - ljósm. Sigurður Atlason

Aðalskipulag Kaldrananeshrepps 2010-2030

Unnið fyrir hreppsnefnd Kaldrananeshrepps

Greinargerð

6. útgáfa
júni 2011

TBB
Kaldrananeshreppur

Staðfesting greinargerðar:

**AÐALSKIPULAG KALDRANANESHREPPS 2010-2030, SEM AUGLÝST HEFUR
VERIÐ SKV. 31. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 OG LÁ FRAMMI TIL
KYNNINGAR FRÁ _____ TIL _____**

VAR SAMÞYKKT Á FUNDI SVEITARSTJÓRNAR HINN

..... 2011.

ODDVITI KALDRANANESHREPPS

**AÐALSKIPULAG KALDRANANESHREPPS 2010-2030 VAR STAÐFEST AF
SKIPULAGSSTOFNUN**

REYKJAVÍK, HINN.....2011.

**AÐALSKIPULAG KALDRANANESHREPPS 2010-2030 VAR STAÐFEST MEÐ FYRIRVARA UM
NIÐURSTÖÐUR MATS Á UMHVERFISÁHRIFUM ÞEIRRA FRAMKVÆMDA SEM KUNNA AÐ
FALLA UNDIR ÁKVÆÐI LAGA NR. 106/2000, M.S.BR.**

Staðfesting greinargerðar	1
Efnisyfirlit, myndaskrá, töfluskrá og upprættir.....	2-4
1.0. INNGANGUR	5
1.1. Formáli	7
1.2. Um lög, reglugerðir og ýmsar áætlanir.....	8
1.3. Kortagrunnar og upprættir.....	10
1.4. Umsagnir og samráð.....	10
1.5. Afgreiðsla aðalskipulagsins.....	11
2.0. MEGINATRÍÐI STEFNUMÖRKUNAR.....	12
2.1. Önnur stefnumörkun- Landnotkun-Umhverfisáhrif	13
2.1.1. Umhverfis- og verndunarmál/Náttúruverndarsvæði	14
2.1.2. Fornminjar/Þjóðminjaverndarsvæði	15
2.1.3. Hverfisverndarsvæði.....	15
2.1.4. Vatnsverndarsvæði	16
2.1.5. Efnistökusvæði	17
2.1.6. Umhverfisáhrif vegna náttúru og verndarsvæða.....	18
2.2. Þróun byggðar/Þéttbýli	18
2.2.1. Íbúðarsvæði	18
2.2.2. Umhverfisáhrif vegna samfélags og byggðar	18
2.3. Atvinnumál -almennt.....	19
2.3.1. Landbúnaður/landbúnaðarsvæði, -skógrækt	19
2.3.2. Fiskveiðar og -vinnsla.....	21
2.3.3. Hafnarsvæði, iðnaðar- og athafnasvæði.....	21
2.3.4. Verslunar- og þjónustusvæði	22
2.3.5. Svæði fyrir frístundabyggð/Frístundahús	23
2.3.6. Umhverfisáhrif vegna atvinnumála	24
2.4. Veitur	24
2.4.1. Vatnsveita	24
2.4.2. Nýting á heitu vatni, hitaveita.....	25
2.4.3. Rafveita.....	25
2.4.4. Fráveita	26
2.4.5. Sorpeyðing.....	26
2.5. Samgöngu- og fjarskiptamál -almennt.....	27
2.5.1. Samgöngur á landi	27
2.5.2. Samgöngur á sjó, hafnir.....	28
2.5.3. Gönguleiðir.....	28
2.5.4. Fjarskipti.....	28
2.5.5. Umhverfisáhrif vegna grunnkerfa.....	29
2.6. Þjónustustofnanir	30
2.6.1. Skóla- og menntamál	30
2.6.2. Menningarmál.....	31
2.6.3. Heilbrigðismál	31
2.6.4. Félagsþjónusta	31
2.6.5. Opinber stjórnsýsla	31
2.6.6. Kirkja og kirkjugarður	31
2.7. Félagslíf, íþróttir og útivist -Opin svæði til sérstakra nota	31
2.8. Náttúruvá/Öryggismál	32
Landnotkunartafla	34
3.0. MATLÝSING OG UMHVERFISMAT SKIPULAGSTILLÖGUNNAR.....	35
4.0. NÁTTÚRUFAR	36
4.1. Staðháttalýsing.....	36
4.2. Jarðfræði	37
4.3. Lífríki.....	39
4.4. Veðurfar	40
4.5. Flóð.....	42
4.6. Jarðskjálftar.....	43
4.7. Náttúruminjar.....	43
4.7.1. Hverfisvernd.....	44

5.0.	BYGGÐAFORSENDUR	45
5.1.	Saga byggðar og þróun, bújarðir fyrr og nú	45
5.1.1.	Menningarminjar	47
5.1.1.1.	Fornminjar/Fornleifar	47
5.1.1.2.	Húsafriðun	48
5.2.	Íbúáþróun í Strandsýslu	49
5.3.	Íbúáþróun í Kaldrananeshreppi	50
5.3.1.	Aldurs- og kynjaskipting	51
5.4.	Mælingar og eldri skipulagsáætlanir	52
5.5.	Íbúðarbyggð	53
5.5.0.	Almennt	53
5.5.1.	Núverandi húsnæði og aðrar fasteignir	53
5.5.1.1.	Núverandi íbúðarhúsnæði	54
5.5.2.	Húsnæði og landnotkun	55
5.6.	Atvinnulíf	55
5.6.1.	Almennt um atvinnulífið.....	55
5.6.2.	Ársverk	56
5.6.3.	Fiskveiðar og -vinnsla.....	57
5.6.4.	Landbúnaður	58
5.6.5.	Verslun og þjónusta	59
5.6.6.	Ferðaþjónusta.....	59
5.6.7.	Frístundahús	61
5.6.8.	Fólksfjölgun og mannaflí.....	62
5.7.	Veitur	62
5.7.1.	Vatnsveita	62
5.7.2.	Nýting á heitu vatni, hitaveita.....	62
5.7.3.	Rafveita.....	63
5.7.4.	Fráveita	64
5.7.5.	Sorpeyðing.....	64
5.8.	Samgöngumál	64
5.8.1.	Almennt	65
5.8.2.	Samgöngur á landi, umferð.....	65
5.8.3.	Göngu- og reiðleiðir	69
5.8.4.	Hafnir.....	71
5.8.5.	Fjarskipti.....	71
5.9.	Stofnanir og tengd starfsemi	72
5.9.1.	Menntamál	72
5.9.2.	Menningar- og félagsmál	72
5.9.3.	Samkomuhús og söfn.....	73
5.9.4.	Heilbrigðismál	73
5.9.5.	Félagsþjónusta	74
5.9.6.	Opinber þjónusta og stjórnsýsla.....	74
5.9.7.	Kirkja, kirkjugarður	74
5.10.	Umhverfi og útivist	73
5.10.1.	Útivist -almennt	73
5.10.2.	Íþróttasvæði	75
5.10.3.	Sundlaug	75
5.11.	Öryggismál/náttúruvá	75
6.0.	EIGNARHALD Á LANDI	75
7.0.	KÖNNUN Á LANDNOTKUN	76
7.1.	Skipulag á bújörðum	77
8.0.	UM SKIPULAG	77
8.1.	Framkvæmd og endurskoðun skipulags	77
9.0.	LOKAORÐ	78
10.0.	HELSTU HEIMILDIR	78
11.0.	SKÝRINGAR HUGTAKA	79
	Uppdrættir vegna aðalskipulags og viðaukar greinargerðar	86

Myndaskrá

1.	Hiti, meðaltalstölur, á Gjögri 1971-2004.....	40
2.	Úrkoma, meðaltalstölur, á Gjögri 1971-2004.....	41
3.	Vindur, meðaltalstölur, á Gjögri 1971-2004.....	41
4.	Fyrirum útver í Kaldrananeshreppi, úr Fornleifaskrá.....	46
5.	Dreifing fornminja í Kaldrananeshreppi, úr Fornleifaskrá.....	48
6.	Íbúapróun í Strandasýslu 1990-2004.....	49
7.	Fólksflutningar í Kaldrananeshreppi 1986-2003.....	50
8.	Íbúapróun í Kaldrananeshreppi, framreikningur til 2027.....	50
9.	Íbúapróun í Kaldrananeshreppi 1997-2008.....	51
10.	Aldurskipting í Kaldrananeshreppi 2007.....	52
11.	Fasteignaskrá, eftir fjölda skráninga í Kaldrananeshreppi.....	53
12.	Uppbygging íbúðarhúsa í hreppnum eftir tímabilum.....	55
13.	Atvinnuskipting og fjöldi starfa í Strandasýslu 1997.....	56
14.	Atvinnuskipting í Kaldrananeshreppi 2007.....	57
15.	Aflamark í Kaldrananeshreppi 1991-2008.....	57
16.	Samþykkt deiliskipulag í landi Klúku.....	61
17.	Staðsetning borholna á Drangnesi.....	63

Töfluskrá

1.	Landnotkunarflokkar.....	13
2.	Efnisnámur í Kaldrananeshreppi.....	17
3.	Landnotkunartöflur.....	34
4.	Húsafriðun.....	49
5.	Íbúapróun í Kaldrananeshreppi 1997-2009.....	50
6.	Spá um íbúapróun.....	51
7.	Aldurskipting í Kaldrananeshreppi.....	51
8.	Fjöldi fasteigna og stærðir í Kaldrananeshreppi.....	53
9.	Samantekt fasteigna á jörðum, utan Drangness.....	53-54
10.	Meðaltal fullgerðra íbúða, sem nú eru að hluta til skilgreind frístundahús.....	54
11.	Fjöldi starfa eftir aðalstarfi í Kaldrananeshreppi 1998 -2004.....	56
12.	Bújarðir í hefðbundnum búrekstri (2008).....	58
13.	Bújarðir í nýtingu, án búrekstrar (2008).....	58
14.	Bújarðir í eyði (haustið 2008).....	58
15.	Forðagæsluskýrsla árið (2009).....	58
16.	Uppskera árið (2009).....	59
17.	Samningar sem gerðir hafa verið um skógrækt á bújörðum.....	59
18.	Nokkrar vegalengdir frá Drangnesi, í km.....	66
19.	Áætlaðar framkvæmdir í vegamálum í milljónum króna.....	69
20.	Niðurstöður könnunar um landnotkun.....	76
21.	Fjöldi bújarða/landareigna þar sem fyrirhugaðar eru breytingar, eftir flokkum.....	77

Uppdrættir

Sveitarfélagsuppdráttur.....	Í lok greinargerðar—
Þéttbýlisuppdráttur.....	Í lok greinargerðar—

1.0. Inngangur

Vinna við endurskoðun aðalskipulags Kaldrananeshrepps hófst fyrri hluta ársins 2008. Þá var í gildi endurskoðað aðalskipulag sem gildi árabilið 1994 til 2014. Þetta aðalskipulag var unnið í samræmi við eldri lög sem tóku talsverðum breytingum árið 1997, þ.e. skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997. Ný lög tóku síðan gildi hinn 1. janúar 2011, þ.e. skipulagslög nr. 123/2010.

Fyrsta aðalskipulag fyrir Kaldrananeshrepp var staðfest árið 1987, en það eins og hið endurskoðaða sem náði eingöngu til Drangsness, hvað skipulagsuppráttinn varðar, enda þótt í greinargerð væri fjallað um sveitarfélagið sem heild. Staðfest aðalskipulag afmarkaðist því í raun eingöngu við þéttbýlið. Sjá einnig kafla 5.4 sem fjallar um mælingar og eldri skipulagsáætlanir.

Upphaf vinnu við skipulagsgerð í Kaldrananeshreppi má segja að hefjist árið 1944, en þá höfðu kjörnir fulltrúar hreppsins sent Félagsmálaráðuneytinu bréf það sem óskað var eftir afgreiðslu á tilteknum skipulagsmálum í þorpinu. Eftir þetta hafa margs konar mál fengið meðhöndlun skipulagsyfirvalda í samræmi við lög og reglugerðir, sjá áður nefndan kafla nr. 5.4.

Snemma árs 2008 samþykkti hreppsnefnd að hefja endurskoðun á Aðalskipulagi Kaldrananeshrepps. Í október 2008 fékk hreppsnefnd Kaldrananeshrepps frumdrög greinargerðar skipulagstillögunnar til skoðunar. Benedikt Björnsson skipulagsráðgjafi, sem fenginn var til verksins, fór í ferð norður í Kaldrananeshrepp um miðjan september 2009. Skipulagsráðgjafi átti þá fund með oddvita, hreppsnefnd, skipulags- og byggingarnefnd. Farin var kynnisferð um sveitarfélagið og ýmsir möguleikar ræddir og teknir til skoðunar. Á öllu tímabilinu var unnið að öflum ýmissra heimilda. Grunnkorta var aflað hjá Loftmyndum ehf.

Aðalskipulagið sem nú er unnið í þriðja sinn er ætlað að gilda árabilið 2010 til 2030. Það nær yfir allt land hreppsins sem er 387 ferkílómetrar að stærð. Aðalskipulag Kaldrananeshrepps 2010-2030 er sett fram á sveitarfélagsupprætti; í mælikvarðanum 1/50.000 og Þéttbýlisupprætti; í mælikvarðanum 1/10.000 ásamt greinargerð þessari. Gönguleiðir í Kaldrananeshreppi eru eingöngu sýndar á sveitarfélagsupprætti og staðfestar þar. Vegna mælikvarða sveitarfélagsuppráttar er landnotkun í ýmsum tilfellum sýnd með hringtáknnum eða öðrum táknum (skematískum), en svæðin ekki teiknuð nákvæmlega. Reynt er að hafa þessi tákn sem réttast staðsett.

Greinargerðin er þannig uppbyggð að í inngangskafli er fjallað um vinnuferlið og fleira því tengdu. Þar er formáli, nokkrar upplýsingar um atriði sem tengjast skipulagsmálum, ásamt helstu lagaforsendum. Í 2. kafla er stefnumótun og þar koma fram helstu breytingar sem verða á landnotkun í Kaldrananeshreppi, ýmis markmið fá þar umfjöllun og þar er einnig núverandi landnotkun staðfest í texta. Í 3. kafla er umfjöllun um umhverfismat vegna skipulagstillögunnar. Þeir kaflar sem á eftir koma fjalla um forsendur, þ.e. 4. kafli til og með kafla 8. Lokaorð, heimildarskrá og skýringar hugtaka reka síðan lestina í greinargerðinni. Þar á eftir birtast fylgiskjöl sem tengjast aðalskipulaginu.

Eftir að frumvinnsla uppráttar hafði verið unnin fór skipulagsráðgjafi í ferð norður í Kaldrananeshrepp til nánari vettvangsskoðunar og fundarhalda eins og áður segir. Á þessu stigi vinnunnar var leitast við að móta endanlega þá stefnu sem er grundvöllur aðalskipulagsins. Loks var haldinn **íbúafundur** á Drangnesi 5. október 2010 og farið yfir alla meginþætti aðalskipulagstillögunnar.

Hinn 8. október 2005 fór fram kosning um sameiningu sveitarfélaga í norðanverðri Strandasýslu, þ.e. Árnes-, Kaldrananes-, Hólmavíkur- og Broddaneshrepps. Úrslit kosninganna urðu þau að aðeins Broddaneshreppur samþykkti sameiningu við Hólmavík, til varð sveitarfélagið Strandabyggð.

Eftirtaldir fulltrúar sátu í hreppsnefnd í upphafi skipulagsvinnunar:

Hreppsnefnd:

Guðbrandur Sverrisson, Bassastöðum
Haraldur V. Ingólfsson, Aðalbraut 16
Jenný Jensdóttir, Kvíabala 4
Óskar A. Torfason, Holtagötu 5
Sunna Einarsdóttir, Holtagötu 10
Oddviti: Jenný Jensdóttir.

Varamenn í hreppsnefnd:

Arnín Þ. Óladóttir, Bakka 1
Ásbjörn Magnússon, Kvíabala 1
Birgir K. Guðmundsson, Holtagötu
Eva K. Reynisdóttir, Borgarbraut 1
Halldór L. Friðgeirsson, Aðalbraut 18

Þá sátu eftirtaldir fulltrúar í skipulags- og byggingarnefnd -í upphafi skipulagsvinnunar:

Aðalmenn:

Jón H. Elíasson, Kvíabala 4, form.
Guðbrandur Sverrisson, Bassastöðum
Ásbjörn Magnússon, Kvíabala 1

Varamenn:

Magnús Rafnson, Bakka
Óskar Torfason, Holtagötu 5
Hilmar V. Hermannsson, Aðalbraut 18.

Eftir kosningar 2010 sátu eftirtaldir fulltrúar í hreppsnefnd:

Hreppsnefnd:

Jenný Jensdóttir oddviti, Kvíabala 4
Guðbrandur Sverrisson, Bassastöðum
Óskar A. Torfason, Holtagötu 5
Magnús Ásbjörnsson, Borgargötu 1
Sunna Einarsdóttir, Holtagötu 10
Oddviti: Jenný Jensdóttir.

Varamenn í hreppsnefnd:

Franklín S.B. Ævarsson, Aðalbraut 24
Halldór L. Friðgeirsson, Aðalbraut 18
Eva K. Reynisdóttir, Borgarbraut 1
Hilmar V. Hermannsson, Aðalbraut 18
Haraldur V. Ingólfsson, Aðalbraut 16

Þá sátu eftirtaldir fulltrúar í skipulags- og byggingarnefnd: -við frágang skipulagstillögunnar

Aðalmenn:

Jón H. Elíasson, Kvíabala 4, form.
Guðbrandur Sverrisson, Bassastöðum
Ásbjörn Magnússon, Kvíabala 1

Varamenn:

Eva K. Reynisdóttir, Borgargötu 1
Hilmar V. Hermannsson, Aðalbraut 18
Aðalbjörg Óksarsdóttir, Kvíabala 3

Umhverfisskýrsla.

Skv. lögum um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006, taka ákvæði þeirra til allra skipulagsáætlana frá því 21. júlí 2006. Í stað sérstakrar umhverfisskýrslu er hún felld inn í greinargerð þessa í kafla 2.

Afgreiðsla:

Eftirtalin skipulagsgögn eru lögð fram vegna Aðalskipulags Kaldrananeshrepps 2010-2030:

Greinargerð Stefna/landnotkun, -forsendur. -Verður staðfest.

Sveitarfélagsuppdráttur: Mkv. 1:50.000. -Verður staðfestur.

Þéttbýlisuppdráttur (Drangsnæs): Mkv. 1:10.000. -Verður staðfestur.

Fornleifaskýrsla. -Fylgigögn.

Hættumat, vegna flóða, fyrir Drangsnæs. -Fylgigögn.

1.1 Formáli

Verður ritaður að lokinni auglýsingu skipulagstillögunnar.

F.h. hreppsnefndar Kaldraneshrepps, Jenný Jensdóttir oddviti.

1.2. Um lög, reglugerðir og ýmsar áætlanir

Markmið skipulagslaga nr. 123/2010 eru efnislega þannig í aðalatriðum, sbr. 1. gr.: Að sjá til þess að þróun byggðar og landnotkun í landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafi efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi. Stuðlað skal að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landsgæða. Tryggja skal varðveislu náttúru- og menningarverðmæta og koma skal í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu. Sjálfbær þróun skal ávallt höfð að leiðarljósi. Tryggt skal réttaröryggi þegnanna, þótt hagsmunir heildarinnar séu hafðir að leiðarljósi. Tryggja skal faglegan undirbúning mannvirkjagerðar.

Í 12. gr. laganna segir að allt land og haf innan sveitarfélaga sé skipulagsskylt, þar segir einnig m.a.: „Í skipulagsáætlunum er mörkuð stefna um landnotkun og byggðaþróun. Þar eru sett fram stefnumið um einstaka þætti varðandi íbúðarbyggð, frístundabyggð, atvinnusvæði, náttúruvernd, vatnsvernd, samgöngur, landslag, náttúruvæði o.fl., í samræmi við markmið laga þessara.“

Í lögum segir að í skipulagsreglugerð verði kveðið nánar á um gerð skipulagsáætlana, þar segir m.a. : „Í skipulagsreglugerð skal kveðið nánar á um gerð skipulagsáætlana, um gerð lýsingar skipulagsverkefnis og um framsetningu og innihald skipulagsgreinargerða og skipulagsuppráttanna, svo sem skipulagsskilmála og kvaðir. Einnig skal kveðið á um samráð og kynningu tillagna og afgreiðslu skipulagsáætlana.“

Meginatriði varðandi aðalskipulag í þessu sambandi eru eftirfarandi:

- Gildistími aðalskipulags skal minnst vera 12 ár, en er oft 20 ár.
- Á minnst fjögurra ára fresti, að afloknum sveitarstjórnarkosningum, skal endurskoða aðalskipulagstillögur ef forsendur hafa breyst. Þá skulu gerðar nauðsynlegar lagfæringar sem aðlagast nýjum hugmyndum. Ef tilefni er til skal gera nýja áætlun um aðalskipulag (endurskoðuð tillaga).
- Á aðalskipulagsupprátt ber að sýna skiptingu byggðar í íbúðarhverfi, iðnaðar- og athafnasvæði, hafnarsvæði, verslun og þjónustu, opinberar byggingar, umhverfismál, o.s.frv. Jafnframt skal í meginatriðum sýna skiptingu landbúnaðarsvæða í viðkomandi sveitarfélagi.
- Greinargerð skal fylgja með viðkomandi upprátt (-um) og eftir atvikum á þemauppráttum, þegar aðalskipulag er gert, þar sem greint er frá forsendum, helstu sérkennum og aðstæðum, svo sem við á. Þá skal og gerð grein fyrir sennilegri þróun.
- Landnotkun er eitt meginatriði skipulagsgerðar, sem og skipting og tenging allra meginþátta sveitarfélagsins.
- Aðalskipulag er bindandi grundvöllur fyrir deiliskipulagsgerð, þannig að afmörkuð verkefni séu í samræmi við meginstefnu í þróun byggðarinnar. Aðalskipulag er því nokkurs konar trygging fyrir því að heildarmarkmiðum verði náð.
- Nauðsynlegt er að leita staðfestingar Skipulagsstofnunar á aðalskipulagi, og er það gert í samræmi við skipulagslög, þar sem 9. gr., 1. mgr., kveður svo á að öll mannvirki sem áhrif hafa á útlit umhverfis skuli vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag. Svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir skulu vera í innbyrðis samræmi.

Um framlagningu skipulagstillagna, samþykkt þeirra og staðfestingu, segir svo í **30. gr.** skipulagslaga: „Áður en tillaga að aðalskipulagi er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, forsendur hennar og umhverfismat, þegar við á, kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti. Einnig skal tillagan kynnt sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga og svæðisskipulagsnefnd á þeim svæðum þar sem starfandi er slík nefnd. Tillagan skal jafnframt kynnt öðrum sveitarfélögum sem kunna að eiga hagsmuna að gæta vegna skipulagsins. Að lokinni kynningu skv. 2. mgr. skal aðalskipulagstillagan lögð fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Sveitarstjórn skal að lokinni umfjöllun sinni senda Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni skal tillagan auglýst óbreytt skv. 31. gr. Telji Skipulagsstofnun að tillagan fullnægi ekki settum kröfum um aðalskipulag skal hún leita samkomulags við sveitarstjórn um breytingar. Náist ekki samkomulag er sveitarstjórn engu síður heimilt að auglýsa tillöguna en athugasemdir Skipulagsstofnunar skulu þá jafnframt auglýstar og liggja frammi með tillögunni.“

Í **31. gr.** sömu laga segir svo: „Sveitarstjórn skal auglýsa tillögu að aðalskipulagi með áberandi hætti, svo sem í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Tillagan skal einnig auglýst í Lögbirtingablaðinu. Tillagan skal liggja frammi hjá Skipulagsstofnun og á skrifstofu hlutaðeigandi sveitarfélags eða á öðrum opinberum stað og vera auk þess aðgengileg á netinu. Í **32. gr.** sömu laga segir svo: „Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Ákveði sveitarstjórn að breyta tillögu að aðalskipulagi í grundvallaratriðum skal hin breytta tillaga

auglýst á nýjan leik skv. 31. gr. Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt tillögu að aðalskipulagi skal sveitarstjórn senda Skipulagsstofnun tillöguna, ásamt athugasemdum og umsögn sveitarstjórnar um þær, innan tólf vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir skv. 31. gr. rann út. Jafnframt skal senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu afgreiðslu og umsögn sveitarstjórnar um athugasemdir og auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar.” Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því að tillaga að aðalskipulagi barst henni staðfesta aðalskipulagstillöguna og auglýsa hana í B-deild Stjórnartíðinda. Aðalskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn, hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda. Telji Skipulagsstofnun að synja beri aðalskipulagi staðfestingar eða fresta staðfestingu þess að öllu leyti eða hluta skal hún senda tillögu um það til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að henni barst tillaga að aðalskipulagi. Skal tillagan rökstudd með greinargerð þar sem fram skal koma hvort form- eða efnisgallar séu á afgreiðslu sveitarstjórnar eða gerð skipulagsins. Áður en ráðherra tekur ákvörðun skal hann leita umsagnar sveitarstjórnar. Ráðherra synjar, frestar eða staðfestir aðalskipulag skv. 4. mgr. Staðfest aðalskipulag skal auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Slíkt aðalskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn, hlotið staðfestingu umhverfisráðherra og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.”

Ákvæði skipulagslaga um auglýsingu aðalskipulagstillögunnar og heimild almennings til þess að hafa áhrif á skipulagsgerð eru mikilvæg. Almennigur á þess kost að gera skriflegar athugasemdir við áform hreppsnefndar við aðalskipulagstillöguna. Almennir fundir á viðkomandi svæði eru einnig nauðsynlegur þáttur í kynningu á skipulagshugmyndum og nauðsynlegt er að halda slíka fundi. Fundirnir fjalli um drög að stefnumörkun og um drög að aðalskipulagi. Á þessum fundum á að gefast tækifæri til að ræða mismunandi lausnir og valkosti.

Megin tilgangur með Aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030 er eftirfarandi:

1. Að vera stefnumarkandi varðandi uppbyggingu og þróun sveitarfélagsins.
2. Að vera hjálpargagn hreppsnefndar við gerð fjárhagsáætlana.
3. Að tryggja að nýting landsvæða verði sem best og að skapað sé sem best umhverfi.

Áætlanir sem þarf að taka tillit til.

Við gerð aðalskipulags Kaldrananeshrepps 2010-2030 hefur þess verið gætt, í umhverfismati aðalskipulagsins, að skipulagsáætlunin sé í samræmi við aðrar áætlanir sem henni tengjast. Þær áætlanir sem um ræðir eru eftirfarandi hvað Kaldrananeshrepp varðar:

- **Aðalskipulag nágrannasveitarfélaga.** Hér var þess gætt að aðalskipulagið væri í samræmi við stefnumið aðalskipulags nágrannasveitarfélaganna hvað varðar þau atriði sem ná út fyrir sveitarfélagamörk og snerta t.a.m. samgöngumál og veitur. Um er að ræða Aðalskipulag Árneshrepps 2005-2025 og Aðalskipulag Strandabyggðar 2010-2022, sem er í vinnslu.
- **Náttúruverndaráætlun Alþingis 2009-2013 og Náttúruminjaskrá.** Í náttúruverndaráætluninni og Náttúruminjaskrá eru afmörkuð sérstök svæði m.t.t. náttúruvafars og mörkuð stefna um verndun. Að mestu leyti byggja þær á greiningu og mati sérfræðinga sem hafa rannsakað náttúruvafar landsins og metið verndargildi þess. Í aðalskipulagi Kaldrananeshrepps hefur verið tekið mið af náttúruverndaráætlun Alþingis til 2013 og Náttúruminjaskrá.
- **Fjarskiptaáætlun 2005-2010.** Í áætluninni er gert er ráð fyrir að öflugar háhraðanets-tengingar muni standa öllum íbúum landsins til boða auk þess sem háhraðafarþjónusta skuli nást um allt land.
- **Stefnumörkun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi til 2020.** Aðalskipulag Kaldrananeshrepps er í samræmi við stefnumörkun sem sett er fram í riti Umhverfisráðuneytisins, *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020* er í samræmi við stefnumörkun ríkistjórnarinnar um sjálfbæra þróun.
- **Samgönguáætlun 2007-2018.** Skipulagið er í samræmi við stefnu núverandi samgönguáætlunar sem lögð var fyrir Alþingi 2006-2007 og nær til ársins 2018.

Fimm markmið um þróun í samgöngum eru sett fram í samgönguáætlun 2009-2012:

- Greiðari samgöngur.
- Hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna.
- Umhverfislega sjálfbærar samgöngur.
- Öryggi í samgöngum.
- Jákvæða byggðapróun.

Markmið Vegagerðarinnar eru:

- Greiðar samgöngur með góðri þjónustu.
- Hagkvæm uppbygging og rekstur vegakerfisins.
- Umferðaröryggi sé á við það sem best gerist.
- Góð sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa.

1.3 Kortagrunnar og upprættir

Sveitarfélagsuppdráttur, sem nær yfir allt land sveitarfélagsins, er í mælikvarðanum 1:50.000 og Þéttbýlisuppdráttur, sem nær yfir Drangsnæs og nágrenni, er í mælikvarðanum 1:10.000. Stafrænir kortagrunnar eru unnir eftir nýlegum loftmyndum. Loftmyndir og grunnkort voru fengin hjá Loftmyndum ehf. Loftmyndirnar ná einungis yfir þéttbýlið á Drangsnæsi og hluta Bjarnarfjarðar, þ.e. land Klúku og Svanshóls ásamt næsta nágrenni. Hæðarlínubil á Sveitarfélagsuppdrætti er 20 m, en á Þéttbýlisuppdrætti 5 m.

Teikniforrit við vinnslu aðalskipulags er MicroStation J - V8i –Power draft.

1.4 Umsagnir og samráð

Umsagnir og samráð:

Í gr. 3.2 í skipulagsreglugerð, nr. 400/1998, segir m.a.: „Séð skal til þess að skipulagstillögur og fyrirleggjandi skipulagsáætlanir séu aðgengilegar íbúum og öðrum þeim sem hagsmuna eiga að gæta.“

Vegna vinnu við aðalskipulag sveitarfélagsins var haft samráð við þá aðila, auk **Skipulagsstofnunar**, sem fjalla um eða fara með þá helstu málaflökka sem skipulagið nær til og viðeigandi er vegna aðalskipulags Kaldrananeshrepps. Vegna þessa hefur greinargerð og upprættir verið send til þessara aðila til kynningar á tillögunni.

Formlegir samráðsaðilar/ráðgjafar:

Samráð var haft við **Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti** um landnotkunarbreytingar á landbúnaðarsvæðum, sbr. jarðalög. Rétt er að benda á það að þegar landnotkun á bújörðum er breytt er nauðsynlegt að afskrá slík lönd sem landbúnaðarsvæði, sbr. **jarðalög** nr. 81/2004.

Sent til umsagnar hinn 25. febrúar 2011, afgreitt hinn 1. mars 2011. Ekki voru gerðar athugasemdir.

Samráð var haft við **Vegagerðina** um val á legu þjóðvega og tengingar við þá, sbr. ákvæði vegalaga nr. 45/1994. Ennfremur er haft samráð við Vegagerðina vegna efnisnáma og efnisvinnslu.

Sent til umsagnar hinn 25. febrúar 2011, afgreitt hinn 28. febrúar 2011, með eftirfarandi athugasemdum: Bent var á að í þeim kafla greinagerðarinnar, sem fjallar um samgöngur á landi, vantar tilvitnanir í markmið samgönguáætlunar en þar eru markmið stjórnvalda sett fram. Ennfremur barst bréf, dags. 6. apríl 2011, þar sem fram kemur að ekki eru gerðar frekari athugasemdir af hálfu Vegagerðarinnar vegna Aðalskipulags Kaldrananeshrepps 2010-2030.

Samráð var haft við **Fornleifavernd ríkisins** um fornleifaskráningu vegna skipulagsgerðar, sbr. ákvæði þjóðminjalaga nr. 107/2001. Öll gögn um fornleifar í landinu skulu liggja fyrir hjá Fornleifavernd ríkisins. Skráning hefur farið fram. *Sent til umsagnar hinn 25. febrúar 2011.* Umsögn hefur ekki borist.

Samráð var haft við **Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða**. Tekið skal tillit til reglugerða sem lúta að; (a) vörnum gegn mengun vatns og grunnvatns, (b) um fráveitur, skólp og varnir gegn mengun vatns vegna köfnunarefnissambanda frá landbúnaði, (c) um meðferð úrgangs og spilliefna, og (d) um hávaðamengun. *Sent til umsagnar hinn 25. febrúar 2011, afgreitt hinn 16. mars 2011, með eftirfarandi athugasemdum: Sagt er í kafla 2.1.4 að Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða vinni að skilgreiningu einkaveitna í sýslunni. Það á ekki við. Röng tilvitnun í reglugerðarnúmer og ár, 45/1972 á að vera 941/2002, sem er reglugerð um hollustuhætti. Gerðar voru lagfæringar í samræmi við þessar ábendingar.*

Samráð var haft við **Umhverfisstofnun**. Í 33. gr. laga um náttúrvernd nr. 44/1999 segir að leita skuli umsagnar til Umhverfisstofnunar vegna nýrrar aðalskipulagstillögu. Tekið skal tillit til reglugerða sem lúta að; (a) vörnum gegn mengun vatns og grunnvatns, (b) um fráveitur, skólp og varnir gegn mengun vatns vegna köfnunarefnissambanda frá landbúnaði, (c) um meðferð úrgangs og spilliefna, og (d) um hávaðamengun. *Sent til umsagnar hinn 25. febrúar 2011.* Umsögn hefur ekki borist frá stofnuninni.

Samráð var haft við **Veðurstofu Íslands** og **Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra** um hættumat vegna snjóflóða og skriðufalla s.s. segir í lögum nr. 49/1997 sem fjalla um þessa gerð náttúruvá. *Sent til umsagnar hinn 25. febrúar 2011.* Umsögn hefur ekki borist.

Samráð var haft við **Orkubú Vestfjarða** um þann texta greinargerðar er fjallar um raforku og dreifingu hennar. Stofnunin fékk einnig til umfjöllunar aðalskipulagið í heild á lokastigi tillögugerðarinnar. *Sent til umsagnar hinn 25. febrúar 2011.* Umsögn hefur ekki borist en leitað var til Orkubús Vestfjarða um upplýsingar á fyrri stigum skipulagsvinnunnar.

Samráð var haft við **Siglingastofnun Íslands** um þann texta greinargerðar er fjallar um hafnir. Stofnunin fékk einnig til umfjöllunar aðalskipulagið í heild á lokastigi tillögugerðarinnar. *Sent til umsagnar hinn 25. febrúar 2011, afgreitt hinn 10. mars 2011, með eftirfarandi athugasemdum: Bent er á að umfjöllun vantar um sjóvarnir og sjóvarnargarða á Dranganesi. Uppfærslu vantar varðandi hafnarmannvirki á Dranganesi.* Gerðar voru lagfæringar í samræmi við þessar ábendingar.

Samráð var haft við **Skjólskága á Vestfjörðum** og **Skógrækt ríkisins** um þann texta greinargerðar er fjallar um skógrækt. *Sent til umsagnar hinn 14. mars 2011, afgreitt hinn 14. mars 2011.* Án athugasemda. Upplýsingar hafa borist á fyrri stigum skipulagsvinnunnar.

Kirkjugarðsráð mun fá tillöguna til umsagnar vegna kirkjugarða. Ráðið fékk einnig til umfjöllunar aðalskipulagið í heild á lokastigi tillögugerðarinnar. *Sent til umsagnar hinn 25. febrúar 2011.* Umsögn hefur ekki borist.

Skipulagstillagan var kynnt aðliggjandi **sveitarfélögum:** Strandabyggð og Árneshreppi. Ekki bárust athugasemdir frá sveitarfélögum.

Skipulagsstofnun sem fékk bréf, dags. 31. mars 2011, ásamt prentuðum skipulagsgögnum, tók skipulagstillöguna til athugunar samkv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdir og ábendingar komu fram og eru þær eftirfarandi:

- A. Rætt er um málsmeðferð samkv. skipulagslögum nr. 123/2010 og í því sambandi að sveitarstjórn muni lýsa skipulagsverkefni í samr. við það: *Þetta hefur verið gert í kafla 3. í greinargerð.*
- B. Samráð og kynning fer eftir hefðbundnum leiðum, í samr. við gildandi lög. *Þetta verður gert.*
- C. Samantekt umhverfisskýrslu er fram sett í kafla 3. í greinargerð. *Þetta hefur verið gert.*
- D. Bent er á að endurskoða þarf efni umhverfisskýrslunnar. Gera þarf grein fyrir áhrifum stefnumótunar en ekki að fjalla um markmið og stuðning við þau. *Þetta verður gert.*
- E. Vegna áhrif stefnumótunar á íbúðarbyggð er talað um að skoða þurfi áhrif hennar á heilsu og öryggi m.t.t.. hættusvæða.
- F. Vegna áhrifa stefnumótunar á atvinnumál, þar er um mistök að ræða á skilgreiningum.
- G. Bent er á að samræma þurfi orðalag vegna heimilda á byggingu frístundahúsa og tilgreina þurfi þær jarðir sem heimilt er að byggja slík hús. *–Vísad er í töflur 12 og 13 í kafla 5.6.4 sem fjallar um landbúnað.*
- H. Talað um sérkennilegt orðalag vegna umfjöllunar um skógrækt í Kaldrananeshreppi. *Þetta hefur verið gert.*
- I. Hótel sem hluti af ferðaþjónustu skulu skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði. *Þetta hefur verið gert.*
- J. Bent er á að það þurfi að fjalla nánar um nýtt vegstæði yfir Bjarnafjarðarháls og skoða efnisþörf. *Þetta hefur verið gert.*
- K. Athuga betur náttúruvá vegna hættusvæða á Dranganesi og að æskilegt er að fá umsögn Veðurstofu Íslands áður en aðalskipulagið er auglýst. *Umsögn hefur ekki borist.*

Aðrar ábendingar:

1. Tímabil náttúruverndaráætlunar er leiðrétt, var haft 2004–2008 en átti að vera 2009–2012.
 2. Lög um lax og silungsveiði hafa breyst og eru nú nr. 61/2006, voru áður frá 1970.
 3. Bent er á að allar efnisnámur, utan lítilla einkanáma, eru framkvæmdaleyfis skyldar.
 4. Bent er á að leiðrétta þurfti auðkenni á svæðum undir náttúruvá.
 5. Óskað var eftir skýringum vegna merkingar á sjóflóðahættu.
 6. Bent er á þörf á samræmingu lita á uppdrætti.
- Þessi atriði voru öll leiðrétt og samræmd.

1.5 Afgreiðsla skipulagstillögunnar

2.0. Meginatriði stefnumörkunar

Stefnumörkun Aðalskipulags Kaldrananeshrepps nær til atriða á sviði sveitarstjórnarmála sem varða skipulagsmál og ýmis önnur málefni sem áhrif hafa á þróun byggðar í sveitarfélaginu. Megin þættir aðalskipulagsins ná til landnotkunar, samgöngukerfa, umhverfismála ásamt verndunar- og öryggismála.

Stofnmarkmið aðalskipulagsins eru :

◆ Umhverfis- og verndunarmál:

Gæta skal náttúruverndarsjónarmiða í öllum aðgerðum í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sem fjalla um sjálfbæra þróun. Athafnir í sveitarfélaginu verði innan þeirra marka sem náttúran þolir til lengri tíma.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að aðgengi að öllu landi hreppsins sé óhindrað eftir því sem mögulegt er og samkvæmt lögum um almannarétt.

Áhersla verði lögð á góða umgengni í hreppnum og sem besta ásýnd.

◆ Efnistaka og námurekstur:

Öll efnistaka fari fram með skipulegum hætti og í samræmi við lög og stefnu hreppsnefndar.

◆ Þróun byggðar:

Stefnt er áfram að því efla byggð í Kaldrananeshreppi með Drangnes sem miðstöð. Tryggt verði nægt framboð á lóðum, bæði fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði.

Þjónusta við íbúana verði eins góð og aðstæður leyfa.

◆ Atvinnumál:

Fjölga skal atvinnutækifærum og fjölbreytileiki þeirra verði aukinn.

◆ Fiskveiðar og –vinnsla:

Auðlindir sjávar verði áfram einn megin grundvöllur atvinnulífs í sveitarfélaginu. Áhersla er lögð á þátt fiskveiða og frumvinnslu sjávarafurða.

◆ Þjónusta og verslun:

Stefnt er að því að áfram verði rekin verslun í hreppnum.

◆ Ferðaþjónusta:

Ferðaþjónusta verði stórefld. Viss samhæfing í rekstri ferðaþjónustu verði athuguð.

Tekið er undir stefnu stjórnvalda um að auka hlut ferðaþjónustu í landinu, bæði með tilliti til fjölda ferðamanna og tekna í þessari atvinnugrein.

◆ Landbúnaður:

Æskilegt er að landbúnaður haldi stöðu sinni og nái að styrkjast með aukabúgreinum, s.s. ferðaþjónustu og aukinni hlunnindanýtingu.

◆ Hitaorka:

Stefnt er að því að áfram verði rannsakaðir möguleikar á nýtingu hitaorku.

◆ Neysluvatn:

Séð verði til að vatnsveitur (samveitur) skili nægu neysluvatni er uppfylli kröfur um gæði.

◆ Frárennismál:

Áfram verði rotþróm komið fyrir þar sem þeirra er þörf og hugað að frárennismálum á Drangnesi.

◆ Samgöngur:

Hreppsnefnd leggur áherslu á mikilvægi hvers konar samganga innan og utan hreppsins.

Allir vegir verði lagðir bundnu slitlagi á skipulagstímabilinu.

Nýr og endurnýjaður vegur verði lagður yfir Bjarnarfjarðarháls, skv. tillögu Vegagerðarinnar.

Lega endanlegs vegar frá hreppsmörkum að Bassastöðum verði ákveðin og hann verði lagður. Hlutverk hafnar í Kókkálsvík verði skilgreint til framtíðar.

◆ **Ípróttamál og útvist:**

Skilyrði fyrir ípróttá- og félagslíf verði lagfærð. Ípróttástaða við Grunnskólann á Drangnesi verði bætt með byggingu sparkvallar og lagfæringu skólalóðarinnar.

Lögð verði áhersla á að kynna áhugaverðar gönguleiðir.

◆ **Náttúruvá og öryggismál:**

Við skipulag og uppbyggingu mannvirkja sé ávallt horft til öryggis íbúanna hvað varðar náttúruvá og aðra hugsanlega hættu.

Nokkur grundvallaratriði er tengjast búsetu í Kaldrananeshreppi:

- Þar er fámennt samfélag, þar sem allir þekkjast. Þetta hefur yfirleitt jákvæð áhrif og stuðlar að félagslegri samkennd íbúanna.
- Möguleikar á búsetu þar velta á samstöðu íbúa hreppsins.
- Félagsstarf krefst virkrar þátttöku sem flestra íbúa.
- Skólasterfið í Drangnesskóla hefur gengið vel og er starf hans mjög mikilvægt.
- Svæðið býður upp á ýmsa útvistarkosti enda er lítt snortin náttúra í næsta nágrenni.

2.1. Önnur stefnumörkun- Landnotkun-Umhverfisáhrif

Auk stofnmarkmiða Aðalskipulags Kaldrananeshrepps 2010-2030 eru ýmis önnur markmið sett fram og lögð til grundvallar landnotkun og fleiri þátta.

Aðalskipulaginu er ætlað að marka stefnu sveitarfélagsins í ýmsum greinum og benda á ákveðin verkefni sem stuðla að þeim markmiðum. Ákvarðanir hreppsnefndar um breytta landnotkun eru staðfestar á sveitarfélags- og þéttbýlisuppdrætti. Mikilvægt er að skilgreina hlutverk þeirra aðila sem ber að fjalla nánar um einstök markmið og loks að fylgja þeim eftir. Þessir aðilar geta verið hreppsnefnd, aðrir opinberir aðilar, einstaklingar og félagasamtök.

Stefnumótun og landnotkun er lýst í kafla 2 og á landnotkunaruppdráttum. Kafli 3 fjallar um umhverfismat aðalskipulagstillögunnar. Í þeim köflum greinargerðar þar sem forsendur og stöðumat koma til umfjöllunar (kaflar 4, 5, 6 og 7) má sjá, í nokkrum aðalatriðum, hverjar núverandi aðstæður eru í sveitarfélaginu. Leitast er við að vísa til þessara kafla og undirkafla þeirra í umfjöllun um stefnumótun og landnotkun eftir því sem nauðsynlegt er talið. Eftir atvikum er mörkuð stefna þeirra landnotkunarþátta á svæðinu sem fram koma í töflu nr. 1.

Svæði fyrir þjónustustofnanir (ÞS)	Efnistökusvæði (ES)	Landbúnaðarsvæði (LS)
Verslunar-og þjónustusvæði (VÞ)	Vatnsverndarsvæði (VS)	Vötn og ár
Athafnasvæði (AS)	Veitumannvirki (VM)	Samgöngumannvirki; Vnr., RL og GL
Iðnaðarsvæði (I-)	Fristundasvæði (FS)	Náttúruverndarsvæði (NMS)
Opin svæði til sérstakra nota (OS)	Hverfisvernd (HV)	Þjóðminjavernd (ÞM)
Náttúruvá/Flóðasvæði (NV)	Íbúðarsvæði (ÍS)	Hafnarsvæði (HS)

Tafla nr. 1. Landnotkunarflokkar.

Heimild: Skipulagsreglugerð.

Í undirköflum hér á eftir eru landnotkunarflokkar skilgreindir eins og þeir koma fyrir á sveitarfélagsuppdráttum og þar er leitast við að greina nánar frá áhrifum stefnumörkunar sem rakin er í kaflanum. Þá er einnig fjallað um umhverfisáhrif vegna stefnumótunar í í hverjum málaflokki fyrir sig. Í lok kaflans er birt tafla (nr. 3) sem sýnir helstu atriði landnotkunnar, viðeigandi flokkun sem lögð er til grundvallar í aðalskipulagstillögunni. Í ýmsum tilfellum háttar svo til að litlar eða jafnvel engar breytingar verða í landnotkun innan einstakra efnisflokka þrátt fyrir að stefnumörkun hreppsnefndar nái til viðkomandi þátta. Til glöggvunar er þó getið þessara atriða, til þess að heildarmyndin liggi fyrir. Tölusetningar vegna landnotkunar miðast við aðalskipulagsuppdrætti. Á sveitarfélagsuppdrætti er landnotkun í flestum tilfellum sýnd með hringtákn, ferningi eða þríhyrningi sem ræðst af mælikvarða uppdráttar, nánari útlistun verður að koma fram í deiliskipulagi einstakra svæða. Afmörkun og skilgreining er mun skýrari á þéttbýlisuppdrætti, enda er hann í mælikvarðanum 1:10.000.

Landnotkunaruppdrættir:

Sveitarfélagsuppdráttur: Allt land hreppsins.

Þéttbýlisuppdráttur: Þéttbýlið á Drangnesi og næsta nágrenni.

2.1.1 Umhverfis- og verndunarmál-náttúruverndarsvæði

Náttúruverndarsvæði: Friðlýst svæði, þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar, og náttúruvætti. Önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá, sbr. 67. gr. Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags. Um náttúruverndarsvæði gilda lög um náttúruvernd ásamt auglýsingum um einstök svæði í Stjórnartíðindum og sérögum um verndun einstakra svæða.

Stofnmarkmið vegna umhverfis- og verndunar:

Gæta skal náttúruverndarsjónarmiða í öllum aðgerðum í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sem fjalla um sjálfbæra þróun. Athafnir í sveitarfélaginu verði innan þeirra marka sem náttúran þolir til lengri tíma.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að aðgengi að öllu landi hreppsins sé óhindrað eftir því sem mögulegt er og samkvæmt lögum um almannarétt.

Áhersla verði lögð á góða umgengni í hreppnum og sem besta ásýnd.

Önnur markmið, samkvæmt almennum lögum og reglugerðum

- Í samræmi við alþjóðlega umræðu um þann umhverfsvanda sem blasir við jarðarbúum skal unnið að því markmiði að nálgast sem mest þá sjálfbæru þróun sem stuðlar að jafnvægi í náttúrunni. Efnahagsleg sjónarmið þurfa því ávallt að taka mið af þeim kostum sem náttúran býður uppá. Þetta er í samræmi við stefnu stjórnvalda og hefur Umhverfissráðuneytið forgöngu um stefnumótun á þessu sviði. Lög um náttúruvernd nr. 44/1999 eru m.a. lögð til grundvallar þessari stefnumótun.
- Stuðlað verði að vernd grunnvatns, bæði nytjavatns til neyslu og fyrir atvinnustarfsemi.
- Í 35. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vegna, virkjana, verkmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.“ Þetta verði leiðarljós í mannvirkjagerð.
- Í 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er kveðið á um að eftirtaldir jarðmyndanir og vistkerfi skuli njóta sérstakrar verndar og að forðast skuli röskun þeirra eins og kostur er:
eldvörp, gervíggar og eldhraun,
stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri,
mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,
fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri,
sjávarfitjar og leirur.
Fyrirvari: Þar eð þessi náttúruverndarsvæði sem hér á undan eru talin eru ekki skrásett í aðalskipulagi þessu, og hafa ekki verið metin, skal í öllum tilfellum leita umsagnar Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi náttúruverndarnefndar áður en framkvæmda- og byggingarleyfi er veitt á slíkum stöðum.
- Umhverfisstofnun skal annast undirbúning að náttúruverndaráætlun, í samráði við til þess bæra aðila s.s. náttúruverndarnefndir í héraði, skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. Fyrir liggur náttúruverndaráætlun fyrir árin 2009-2012, slík áætlun skal unnin á fimm ára fresti.
- Hollustuvernd ríkisins (UST) gaf út reglur um góða búskaparhætti, hinn 26. ágúst 2002. Þessar starfsreglur, sem tekið skal tillit til, hafa þann tilgang að draga sem mest úr mengun vegna ræktunar og búfjárhalds.
- Við framkvæmd aðalskipulagsins 2010-2030 verði tekið tillit til umsagna Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar í héraði, svo sem lög gera ráð fyrir. Við gerð skipulagsáætlunarinnar var leitað eftir umsögn þessara aðila skv. 33. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Hugsanleg landslagsvernd verði skoðuð sérstaklega í tengslum við breytta landnotkun.

Önnur markmið, samkvæmt stefnu sveitarstjórnar

- Verkefni framtíðar verður að vinna að frekari rannsóknum á gróður- og dýraríki í Kaldrananeshreppi og samræma heildargagnasafnið. Í framhaldi af því gæti farið fram frekari athugun varðandi staði sem hafa sérstaka þýðingu fyrir dýralíf og kannað hvaða staðir hafa gróðurfarslega sérstöðu. Í þessu sambandi má t.d. nefna fuglalíf og hins vegar fágætar plöntur, sem hoga fyrir ræktun og mannvirkjagerð.
- Mikilvægt er að útrýma minkastofninum og halda refastofninum í skefjum.
- Gera skal ráð fyrir aukinni þátttöku almennings í góðri umgengni við náttúruna og mun t.d. flokkun sorps verða eðlilegur hluti af daglegu lífi fólks.
- Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að gengið verði varlega um náttúrlega birkiskóga.
- Gerð verði áætlun um verndun fornleifa, söguminja og náttúruminja. Með gerð nákvæmra jarðfræðikorta verður hægt að skrásetja náttúruverndarsvæði, vatnsból og vatnsvernd í sveitarfélaginu til lengri framtíðar.

Landnotkun

Eitt tiltölulega stórt svæði er í hreppnum sem skilgreind er sem „aðrar náttúruminjar“ og annað minna, sem nýlega hefur verið skilgreint sem náttúruminjar, þessi svæði eru á náttúruminjaskrá.

Sveitarfélagslagsuppráttur:

Veiðileysa og Kaldbaksdalur (NMS-327) -(hluti þessa svæðis tilheyrir Árneshreppi).

Hveravík (NMS-343) -(1) Strandlengja, fjara og grunnsævi frá Reykjanesi að Akranesi. (2) Sérstætt dýralíf vegna jarðhita í sjó.

Svæði sem eru á náttúruminjaskrá eða vernduð með öðrum hætti þarf að umgangast með varfærni. Leita skal umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði

náttúruminum sem eru á náttúruminjaskrá, skv. 38. gr. laga nr. 44/1999. Svæðið verði nýtt til útivistar, merkt og gert aðgengilegt.

Náttúruminum er nánar lýst í kafla 4.7. Sjá einnig kafla 2.1.3 sem fjallar um hverfisvernd.
Skýringar: Svæði á náttúruminjaskrá (NMS) er afmörkuð á landnotkunarupprætti með dökkgráum skálínum. Svæði (327) er merkt á landnotkunarupprætti í samræmi við skráningarnúmer Náttúruminjaskrár.

2.1.2. Fornminjar/Þjóðminjavernarsvæði

Þjóðminjavernarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum.

Markmið vegna fornminja

1. Lögð er áhersla á góða umgengi við friðlýstar fornleifar og aðrar fornminjar. Sjá kafla 5.1.1.
2. Ef þurfa þykir mun hreppsnefnd leggja til tillögur um friðlýsingu fornleifa.
3. Við gerð byggingar- og framkvæmdaáætlana skal gefa öllum þeim svæðum gaum sem kunna að hafa varðveislu- og náttúruverndargildi, burt séð frá fyrri ákvörðunum.
4. Fylgst verði með því að eigendur mannvirkja, sem ákvæði þjóðminjalaga ná til, sinni því að tilkynna minjavörðum og Húsfriðunarnefnd ríkisins, með góðum fyrirvara, ef þeir breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.

Fjórar friðlýstar fornleifar eru í Kaldrananeshreppi.

Sveitarfélagsuppráttur: Friðlýstar fornleifar (PM) eru á fjórum stöðum:

Hafnarhólmur. *Akurgirðingar fornar á Akranesi.* Sbr. Kálund 1877: 629. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 14.06.1933 (PM1).

Kaldbakur. *"Trjefótshaugur", svo nefndur, á Kaldbaksdal.* Sbr. Kálund 1877: 627. Skjal undirritað af MP 25.10.1939. Þinglýst 14.06.1933 (PM2).

Klúka. *Gvendarlaug, hlaðin baðlaug um 100 m norðan við vesturhorn skólans á Laugarhóli.* Skjal undirritað af PM 30.12.1988. Þinglýst 10.01.1989 (PM3).

Svanshóll. *"Goðahaugur", svo nefndur, á Goðadal.* Sbr. Kálund 1877: 628. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 14.06.1933.50 (PM4). (Ath. að Goðahaugur er í landi Goðdals og unnið er að því að fá þessari þinglýsingu breytt).

Fornleifaskráning hefur farið fram í Kaldrananeshreppi sem sett er fram í skýslunni:

Fornleifaskráning í Kaldrananeshreppi, Strandasýslu –Lokaskýrsla, Ragnar Edvardsson Fornleifastofnun Íslands FS185-99133.

Fornleifaskráningin er fylgiskjal með aðalskipulaginu og liggur frammi á auglýsingatíma þess.

Friðlýstar fornleifar eru sýndar með rauðum þríhyrningi.

Sjá kafla 1.5 og kafla 5.1.1.1.

2.1.3. Hverfisverndarsvæði

Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði í skipulagsáætlunum sem sveitarstjórnir hafa sett og kveða á um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningar-sögulegra minja, s.s. einstakra bygginga, mannvirkja eða húsaþyrpinga, náttúruminja eða trjágróðurs sem æskilegt er talið að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.

- Hreppsnefnd vill beita sér fyrir verndun, þar sem þörf er á, sem ákvörðuð er og framkvæmd heima fyrir og er á ábyrgð heimamanna. Þar gæti hverfisverndun verið eðlilegur valkostur.
- Hreppsnefnd þarf að taka afstöðu til tillagna um friðlýsingu fornminja og gefa samþykki sitt.

Í skipulagsáætlun hreppsnefndar er unnið í samræmi við sérstök ákvæði um hverfisvernd þar sem kveðið er á um verndun menningarsögulegra minja, náttúruvafars og fleiri þátta. Hreppsnefnd hefur tekið ákvörðun um hverfisverndun á eftirfarandi stöðum: **Grimsey**; þar er ríkulegur gróður, fuglalíf og minjar. Tiltekið svæði í **Hveravík**. Í Hveravík, nánar tiltekið á Strákatanga, er talið að Baskar hafi verið með hvalveiðistöð á 17. öld. Fornleifauppröftur hófst þar haustið 2005 og stendur ennþá yfir. Þetta svæði mun að líkindum verða friðlýst sem fornleifasvæði. **Skarðsrétt**; þar er um að ræða klömbruhlaðna fjárrétt, **Urriðasel**; þar hefur frumathugun á fornminjum verið gerð og **Nesströnd**; þar er mjög falleg og náttúruleg sjávarströnd sem nær upp í fjallsrótina ofan vegar. **Kerling**, og næsta nágrenni, á Drangnesi og **Gunnustaðagróf** í nálægð við Drangnes; þar finnst surtarbrandur og þar er gömul náma. Allir þessir staðir eru nokkuð mismunandi og sama gildir um forsendur verndunar.

Sérstakar reglur, auk hinna samræmdu hér að neðan, munu verða settar um umgengni á hverfisverndarsvæðum í kjölfar staðfestingar aðalskipulagisins.

Landnotkun vegna hverfisverndar

Sveitarfélagsuppráttur:

Nr	Staður/svæði	Lýsing svæðis	Stærð svæðis
HV1	Grímsey	Um er að ræða alla eyjuna. Náttúru- og söguminjar, varp.	Um 50,00 ha
HV2	Strákatangi í Hveravík	Mjög merkilegar minjar hvalstöðvar frá 17. öld og kuml.	Um 1,90 ha
HV3	Skarðsrétt	Gömul fjallskilarétt sem þarfnast viðhalds.	Um 0,35 ha
HV4	Urriðasel	Þar er talin hafa verið landnámsjörð.	Um 10,00 ha
HV5	Nesströnd	Fögur sjávarströnd, m. fjölbreyttu dýralífi og reka.	Um 57,00 ha

Þéttbýlissuppráttur:

Nr	Staður/svæði	Lýsing svæðis	Stærð svæðis
HV6	Kerling og nágrenni	Klettadrangi, náttúruminjar.	Ca. 0,2 ha
HV7	Gunnustaðagróf	Vegna surtarbrands.	Um 2,20 ha

REGLUR TIL VIÐMIÐUNAR VEGNA SAMÞYKKTAR UM HVERFISVERNDUN Í KALDRANANESHREPPI:

1. Vegum og gönguleiðum um viðkomandi svæði verður haldið við eða þróaðar eftir þörfum á núverandi stað.
2. Gangandi fólk er heimil för um svæðin, eins og almennt gildir um önnur svæði, enda virði það almennar umgengisreglur og varist að valda skemmdum á hugsanlegum minjum, plöntum eða jarðmyndunum.
3. Hefðbundnar nýttjar lands á þessum svæðum eru heimilar, s.s. nýting hlunninda, túna og annarrar ræktunar.
4. Umferð hverskonar vélknúinna tækja er óheimil inná svæðunum, nema vegna hefðbundinna nytja eða vegna umsýslu og eftirlits.
5. Mannvirkjagerð og hverskonar annað jarðrask annað en lagfæring vega eða gönguleiða er óheimilt.
6. Lagning raflína eða annarra lína um svæðin er háð samþykki hreppsnefndar.
7. Umsjón með svæðunum verði í höndum þriggja manna nefndar, skipaðri af hreppsnefnd. Hlutverk hennar er að gera tillögur að skipulagi hvers svæðis og um framkvæmdir sem taldar eru nauðsynlegar og að fylgjast með að hefðbundnar nytjar lands samræmist friðun og útivist og að safna upplýsingum um minjar á svæðunum.
8. Komi til breyting á nýtingu á hverfisverndarsvæði eða einhverjar nýframkvæmdir, þá verði unnið deiliskipulag af viðkomandi svæði, eins og við á í flestum öðrum tilfellum.

Sjá kafla 4.7.1, um hverfisvernd, þar er nánar fjallað um viðkomandi svæði.

Skýringar: Á upprætti eru hverfisverndarsvæði sýnd með láréttum ljósum línum.

2.1.4. Vatnsverndarsvæði

Markmið vegna vatnsverndar:

1. Vatnsverndarsvæði verði afmörkuð umhverfis vatnsból og þarf aðrennslissvæði þeirra til brunnsvæðis að tryggja gæði vatns, hindra vatnsþurrð og koma í veg fyrir mengun. Þetta er verndun á svokölluðu nytjavatni, en með því er fyrst og fremst átt við neysluvatn. Vatnið er ætlað til manneldis og matvælagarðar, auk atvinnurekstrar og útflutnings. Til þess að tryggja þessa vernd eru skilgreindir í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. nr. 533/2001 eftirfarandi flokkun svæða: Brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Allir eru þessir flokkar jafn mikilvægir, enda þótt hömlur um umgengni um þá séu mismunandi strangar.
2. Við afmörkun vatnsverndarsvæða skal tekið tillit til margra atriða, s.s. vatnafræðilegrar legu þeirra, mikilvægis þeirra og áhættu vegna mengunar. Afmörkunin getur verið erfið og þess vegna skulu mörkin vera nokkuð rúm. Ef efni standa til er hægt er að aflétta friðun af vatnsverndarsvæði ef hennar er ekki þörf lengur.
3. Skilgreina þarf vatnsverndarsvæði þar sem um samveitu er að ræða (tvær veitur).
4. Vatnsinntök (brunnar) verði endurbyggðir og byrgðir þar sem þörf er á því.

Vatnsverndarsvæði (VS) fyrir samveitu er skilgreint samkvæmt tilteknum lögum og reglugerð. Sjá kafla 5.7.1. Tillaga um afmörkun vatnsverndarsvæða er staðfest á landnotkunarupprætti.

Vatnsverndarsvæði í Kaldrananeshreppi eru fjögur (eða fimm; eftir skilgreiningu).

Landnotkun

Sveitarfélagsuppráttur: Vegna vatnsveitu á Drangnesi (VS1)- tvö svæði, vegna Bæjar- og Bakka-gerðisveitu (VS2), vegna vatnsveitu í landi Klúku (VS3) og vegna veitu í landi Svanshóls (VS4). Sjá einnig kafla 2.4.1.

2.1.5. Efnistökusvæði

Efnistökusvæði eru þau svæði á landi, í sjó eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka, s.s. malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Um alla efnistöku gilda ákvæði laga um náttúruvernd.

Um efnistöku í almenningum/þjóðlendum gilda ákvæði laga um náttúruvernd.

Stofnmarkmið vegna efnistöku:

Öll efnistaka fari fram með skipulegum hætti og í samræmi við lög og stefnu hreppsnefndar.

Markmið vegna efnistökusvæða:

1. Efnisvinnsla, á nýjum svæðum er háð mati á efnisgæðum, hagkvæmi og framlögðu skipulagi á efnistöku sem taki til eftirlits og frágangs námu að vinnslu lokinni. Komi nýjar námur til þarf að gera breytingu á aðalskipulaginu og auk þess þarf að liggja fyrir framkvæmdaleyfi. Ef svo háttar þarf ýmist að tilkynna nýjar námur vegna hugsanlegs mats á umhverfisáhrifum eða fara þarf fram umhverfismat vegna námuvinnsunnar.
2. Gera skal kröfur um sómasamlega umgengni við efnisvinnslu þar sem hún er stunduð, þannig að sem minnst umhverfisspjöll hljóti af. Þegar efnisvinnsla lýkur þarf að gera kröfur um góðan frágang á efnistöku-svæðinu. Varðandi efnisvinnslu ber að taka mið af IV. kafla og 48. gr. laganna um náttúruvernd nr. 44/1999.
3. Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 m frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskistofna eða lífríki er háð leyfi Fiskistofu. Um þetta gilda lög nr. 61/2006 um lax- og silungsvæði.
4. Námur í flokki III verði deiliskipulagðar, þar sem fram þarf að koma vinnslu- og frágangsaetlun.
5. Öll efnistaka er framkvæmdaleyfisskyld, utan minni háttar efnistöku til eigin nota.

Efnistökusvæði eru staðfest á eftirtöldum stöðum í Kaldrananeshreppi sem talin eru upp í töflu nr. 2.

Landnotkun vegna efnisnáma**Sveitarfélagslagsuppráttur:**

ES	Staðsetning námu	Gerð	Staða námu	Stærð	Heiti jarðar
(ES1)	Bjarnarfjarðará	Malarnáma	Meðalstór	III	Skarð/Svanshóll
(ES2)	Skarðsnáma	Setnáma	Lítill vinnsla	II	Skarð
(ES3)	Hallardalsá	Malarnáma	Lítill vinnsla	II	Klúka/Ásmundarnes/Oddi
(ES4)	Eyjanáma	Setnáma	Í notkun	I	Eyjar
(ES5)	Þverbrekur	Setnáma	Í notkun	II	Eyjar
(ES6)	Árholt	Fast berg	Lítill vinnsla	I	Hella
(ES7)	Kleifar/Kvíahryggur	Fast berg	Lítill vinnsla	I	Kleifar
(ES8)	Reykjarnes	Fast berg	Í notkun	II	Kleifar
(ES9)	Útan Birgisdalsár	Fast berg	Í notkun	II	Hafnarhólmur
(ES10)	Reiðholt	Setnáma	Í notkun	I	Bær I
(ES11)	Bæjarland, neðan vegar	Malarnáma	Í notkun	III	Bær I / II
(ES12)	Bæjarland, ofan vegar	Malarnáma	Í notkun	I	Bær I / II
(ES13)	Í Göngustaðará	Malarnáma	Lítill vinnsla	I	Bær I / II
(ES14)	Kaldrananes	Malarnáma	Í notkun	I	Kaldrananes
(ES15)	Vörðukleif	Fast berg	Ný náma	III	Bassastaðir
(ES16)	Stekkjarkleif	Malarnáma	Ný náma	III	Bassastaðir

Tafla nr. 2. Efnisnámur í Kaldrananeshreppi. Heimild: Heimamenn/ oddviti/Jón H. Eliasson

Námurnar eru flokkaðar eftir stærð. (I) Mjög lítill náma minni en 10 þúsund rúmmetrar. (II) Lítill náma; 10 til 25.000 rúmmetrar. (III) Meðalstór náma; 25-100.000 rúmmetrar.

Ekki er gert ráð fyrir að opna varanlegar nýjar námur á skipulagstímabilinu. Sjá einnig kafla 2.1 og 3.0. Sjá einnig stutta umfjöllun um efnisnámur í kafla 4.2. Samkvæmt ákvæði 47. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr. laganna. Í kafla 3.0 koma fram þau ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum er snerta efnistöku. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða veitir starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna, sbr. reglugerð 785/1999, m.s.br., um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem kann að hafa í för með sér mengun.

Vegna vegnaframkvæmda yfir Bjarnarfjarðarháls eru líklegar námur eftirtaldar: Náman í Hálsögötu, það er bergnáma og fæst þar efni í slitlag og til vinnslu efnis í burðarlög. Á Bjarnarfjarðarhálsi er talið finna megi klappir til vinnslu í fyllingar og burðarlög og jafnvel slitlög. Í landi Skarðs og Svanshóls (ES1-2), eru áreyrar, sem henta vel í neðra burðarlög og fyllingar.

Skýringar: Á upprætti eru efnistökusvæði sýnd drapplituð.

2.1.5 Umhverfisáhrif vegna náttúru og verndarsvæða

Í Aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030 er lagt til að komið verði á hverfisvernd á sjö stöðum. Hverfisvernd verði staðfest í Grímsey (HV1), Strákatanga (HV2), Skarðsrétt (HV3), Urriðaseli (HV4), Nesströnd (HV5), Kerlingu (HV6) og Gunnustaðagróf (HV7). Fyrirfram njóta þessir staðir ekki formlegrar verndar. Stefnt er að því að ljúka flokkun vatnasvæða og strandsvæða á skipulagstímanum.

Grundvallaratriði er að móta stefnu sem hefur jákvæð umhverfisáhrif í sveitarfélaginu. Stefna sveitarfélagsins er einnig að styðja við uppbyggingu útivistarsvæða á Drangnesi. Jafnframt er stefnt að því að gera gönguleiðir ásamt áningastöðum aðgengilegri í hreppnum öllum. Skráningu fornminja hefur verið lokið. Stuðlað verði að varðveislu minja og þær merktar eftir því sem kostur er sem m.a. rennir styrkari stöðum undir ferðapjónustu á svæðinu. Á heildina litið kemur stefnumörkun aðalskipulagsins sem snýr að náttúru og minjum fyrst og fremst til með að hafa jákvæð áhrif á þá umhverfisþætti sem metnir eru. Umgengni við efnisnámur verði sem best og fullnýttum sé þeim lokað.

2.2 Þróun byggðar/Þéttbýli

Stofnmarkmið vegna þróunar byggðar:

Stefnt er áfram að því efla byggð í Kaldrananeshreppi með Drangnes sem miðstöð. Tryggt verði nægt framboð á lóðum, bæði fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði.

Þjónusta við íbúana verði eins góð og aðstæður leyfa.

Markmið aðalskipulagsins:

- Stefnt er að því að einhver fjölgun íbúa verði í hreppnum.

Í aðalskipulaginu er miðað við að í hreppnum séu ein megin miðstöð, þ.e. á Drangnesi. Sjá einnig kafla 2.3.4, 5.6.4 og 5.6.5 sem greina frá þjónustu og verslun í heild.

Landnotkun

Þéttbýlisuppdráttur og Sveitarfélagsuppdráttur sýna núverandi landnotkun og þá sem gert er ráð fyrir á skipulagstímabilinu. Drangnes er eina þéttbýlissvæðið í Kaldrananeshreppi og gert er ráð fyrir að svo verði áfram.

2.2.1 Íbúðarsvæði

Þéttbýli, sem svo er skilgreint, og þar með íbúðarsvæði eru eingöngu á Drangnesi. Uppbygging íbúðarrýmis hefur verið mjög lítil hið síðari ár sem helgast af fækkun íbúa á staðnum. Nokkuð er um að íbúðarhús séu eingöngu nýtt hluta úr árinu og þá sem frístundahús. Gert er ráð fyrir einhverri trjárækt í smærri stíl á lóðum íbúðarhúsa, til fegrunar og skjóls.

Landnotkun

Þéttbýlisuppdráttur:

Íbúðarsvæði	Sv.nr.	Stærð sv.	Byggðar lóðir	Óbyggðar lóðir	Heildarfj. lóða
Efri byggð, Holtagata og Kvíabali	ÍS1	3,53 ha	18	9	27
Neðri byggð, vestan hafnarsvæðis	ÍS2	0,63 ha	9	0	9
Neðri byggð, austan hafnarsvæðis	ÍS3	0,70 ha	5	4	9
Svæði norðvestan Lækjar	ÍS4	1,04 ha	0	11	11

Íbúðarsvæði eru fimm á Drangnesi. Efri byggð er Holtagata og Kvíabali (ÍS1). Neðri byggð, vestan hafnarsvæðis við Aðalbraut (ÍS2). Neðri byggð, austan hafnarsvæðis við Grundargötu (ÍS3) og svæði norðvestan Lækjar (ÍS4). Síðast talda svæðið er óbyggt, hin svæðin eru að mestu byggð, þó eru allt að 9 lóðir óbyggðar á þessum svæðum. Þá er gert ráð fyrir íbúðarbyggð neðan ífróttavallar (ÍS5). Sjá kafla 5.5.1.

2.2.2 Umhverfisáhrif vegna samfélags og byggðar

Líkleg áhrif tillögu að aðalskipulagi um byggð eru fyrst og fremst jákvæð eða óveruleg. Í Kaldrananeshreppi er eingöngu stefnt að uppbyggingu íbúðarsvæða á Drangnesi. Þétting byggðar og styrking þéttbýlissvæðisins á Drangnesi telst til jákvæðra áhrifa, samhliða því að iðnaðarsvæði í landi

Hveravíkur, sem er mjög smátt í sniðum, er beint út fyrir þéttbýlið. Ekki er mikið landrými sem raskast vegna áætlaðara bygginga nýrra íbúðahúsa og auk þess hefur þð svæði ekki sérstakt verndargildi. Í heild er dregið úr áhrifum með því að þetta byggð í þorpinu. Með uppbyggingu í sveitarfélaginu í huga verður ekki mikil ásjáðarbreyting og með kröfum um gott útlit og ásýnd er að mestu komið í veg fyrir neikvæð áhrif. Töluverð óvissa ríkir um þátt ásýndar og áhrifa af atvinnustarfsemi í nágrenni íbúðabyggðar. Stundum getur atvinnustarfsemi í nágrenni íbúðabyggðar valdið íbúum óþægindum. Til að koma í veg fyrir slík óþægindi er hægt að setja afmarkandi reglur. Auk þess getur verndarbelti á milli svæða komið í veg fyrir neikvæð áhrif. Stutt er á fiskimið og góðir mögulegar er að byggja upp enn frekari auðlindanýtingu í sjó, í nálægð við þéttbýlið á Drangnesi. Þar einnig gnótt heitavatns.

Samfélag og byggð	Umhverfispættir		
	Náttúra	Samfélag	Auðlindir
Íbúðarsvæði	0	+0	+

2.3 Atvinnumál -almennt

Stofnmarkmið vegna atvinnumála:

Fjölga skal atvinnutækifærum og fjölbreytileiki þeirra verði aukinn.

Önnur markmið vegna atvinnumála:

- Heimamenn standi saman að öflugri kynningu á svæðinu og samstarf verði haft við aðra aðila í atvinnurekstri og þá einkum í sjávarútvegi og ferðaþjónustu í bæði í Strandasýslu og annars staðar. Sveitarstjórn hafi vissa forgöngu um þessa samræmingu.

Landnotkun

Sveitarfélagsuppdráttur og Þéttbýlisuppdráttur: Samgöngur eru þýðingarmikill þáttur í uppbyggingu atvinnulífs hvar á landi sem er. Mikilvægt er að hafa aðgengi til og frá tengivegi sem best, það er mjög til styrktar fyrir frekari þróun atvinnumála. Sjá landnotkun í tengslum við einstakar atvinnugreinar í kafla 2.3.2 og 2.3.3.

2.3.1. Landbúnaður/landbúnaðarsvæði, -skógrækt

Landbúnaðarsvæði ná yfir allt land jarða eða lögbýla, sbr. ákvæði jarðalaga og ábúðarlaga um land sem nýtt er til landbúnaðar. Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni.

Æskilegt er að landbúnaður haldi stöðu sinni og nái að styrkjast með aukabúgreinum, s.s. ferðaþjónustu og aukinni hlunnindanýtingu.

Markmið í landbúnaðarmálum:

1. Viðhalda þarf þeim landbúnaði sem fyrir er, enda hluti af undirstöðum atvinnulífs í sveitarfélaginu.
2. Skógrækt verði eflað til útivistar, skjóls og landbóta.
3. Stök íbúðar- og frístundahús á landbúnaðarsvæðum eru heimiluð að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Heimilt verði að reisa allt tvö íbúðarhús og tvö frístundahús á bújörðum; þ.e. lögbýli sem er til staðar við staðfestingu aðalskipulagsins, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Sjá einnig stefnumörkun vegna svæða fyrir frístundabyggð í kafla 2.3.5.
4. Smáiðnaður, þ.e. hreinlegur iðnaður, handiðn- og þjónustustarfsemi, getur byggst á nýtingu mannvirkja sem fyrir eru, s.s. í fyrrum íbúðarhúsum eða gripahúsum.
5. Sköpuð verði skógarauðlind til útivistar og atvinnusköpunar.
6. Skógrækt skerði ekki önnur náttúrleg gæði eða hafi neikvæð áhrif á aðrar atvinnugreinar.

Landnotkun

Sveitarfélagsuppdráttur: Afmörkun landbúnaðarsvæða ná yfir hreppslandið allt og óbyggð svæði eru ekki skilgreind. Sjá töflu nr. 1. og skipulagsreglugerð.

Á landbúnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir starfsemi sem tengist búrekstri; byggingum sem nýtast til slíkrar starfsemi o.s.frv. Nýbyggingar eða viðbyggingar sem tengjast landbúnaðarstarfsemi á bújörðum eru ekki ákvarðaðar í aðalskipulagstillögunni. Þegar um er að ræða nýbyggingar þarf að leggja fram tiltekin gögn í samræmi við byggingarreglugerð. Á landnotkunaruppdráttum er ábúð og landnýting sýnd með mismunandi táknum.

Skipulagsáætlunin gerir ráð fyrir að skógrækt í tengslum við Skjólaskóga á Vestfjörðum aukist sem ný atvinnugrein á hefðbundnum landbúnaðarsvæðum. Skógræktarverkefnið hófst árið 1999 og hefur verið starfrækt síðan. Gert er ráð fyrir því að allir þeir sem ráða yfir lögbýli á Vestfjörðum geti stundað skógrækt með sérstökum samningi og eftir ákveðnum reglum. Samningssvæði er að lágmarki 10 ha. Eitt af markmiðum verkefnisins er að sköpuð verði skógarauðlind með ræktun fjölnytjaskóga og skjólbelta. Skógræktarsvæði og landgræðslusvæði eru ekki afmörkuð sérstaklega á skipulagsupprætti. Nytjaskógrækt, þ.e. ræktun skóga með það að markmiði að framleiða viðarafurðir til iðnaðarnota er aðeins heimil á skilgreindum landbúnaðarsvæðum. Fjölnytjaskógrækt þar sem m.a. er gert ráð fyrir útivist fyrir almenning er einnig heimil á opnum svæðum til sérstakra nota. Á hverfisverndarsvæðum og óbyggðum svæðum er skógrækt tilkynningarskyld til sveitarstjórnar og aðeins heimil endurheimt birkiskóga og verndarskógar. Gerður hefur verið samningur um skógrækt á eftirfarandi bújörðum: Bakka, Bæ I, Klúku, Sandnesi og Svanshól. Sjá einnig töflu 17 í kafla 5.6. 4.

Takmarkanir nytjaskógræktar vegna umhverfissjónarmiða eru:

1. Tekið skal tillit til náttúru- og minjaverndarsvæða sem þekkt eru og finnast kunna, þó að ekki séu skrásett.
2. Við skógrækt nálægt sjó, vötnum og straumvötnum skal þess gætt að almennur umferðarréttur sé virtur og að skógrækt sé ekki nær vatni en 30 m. Sérstaklega sé haft í huga að samspil skógar, lands og vatns njóti sín. Miðað sé við að skógrækt gangi ekki svo nærri bökkum straumvatna að hætta sé á að þau rífi tré með sér í vatnavöxtum. Þar sé einnig göngufært, sbr lög um náttúruvernd nr. 44/1999.
3. Fjarlægð skógræktar frá vegum sé í samræmi við 33. gr. vegalaga. Samkvæmt þeim má ekki staðsetja byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, nema leyfi Vegagerðarinnar komi til, nær vegi en 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra annara vega, s.s. tengivega.
4. Skógi skal ekki plantað nær landamerkjum en 25 m, plöntun er óheimil nær fornminjum en 20 m, fjarlægð skógar frá veitulögnum skal minnst vera 25 m. Þessar takmarkanir eru einungis lágmark og eiga ekki að ráða að öðru leyti.
5. Tilteknar skógræktaráætlanir 200 ha að stærð eða stærri er skylt að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu, áður en til ræktunar kemur, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr.106/00. Skógræktaráætlanir á verndarsvæðum eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu og sama gildir um ruðning á náttúrulegum skógi vegna nytjaskógar. Skógrækt er framkvæmdaleyfisskyld ef hún fellur undir ákvæði um tilkynningarskyldar framkvæmdir skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.
6. Plötnuval og útplöntun taki mið af náttúruferri og landslagi. Hafa skal í huga 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 sem fjallar um jarðmyndanir og vistkerfi. Sjá kafla 2.2.1.

Svæði sem nýtt eru fyrir móttöku á sorpi, sem flokkast undir tímabundna landnoktun, eru á fjórum stöðum í hreppnum; við Laugarhól, við vegamót í Bjarnarfirði, á Drangsnesi og við Kókkálsvíkurhöfn. Þessi svæði flokkast sem hluti af landbúnaðarsvæði.

Stök orlofshús eða gistiskálar sem notuð eru sem hluti af ferðaþjónustu á bújörðum eru hluti af búrekstrinum og eru þá hluti af landbúnaðarsvæðum.

Forsendur fyrir byggingarleyfi vegna bygginga stakra íbúðar- og frístundahúsa á bújörðum án tengsla við búrekstur eru:

1. Bygging allt að tveggja íbúðar- og frístundahúsa á hverju lögbýli er heimil þar sem aðstæður leyfa og deiliskipulag hefur verið unnið, en fleiri frístundahús verða einungis byggð á svæðum fyrir frístundabyggð.
2. Lóðarhafi/landeigandi skal leggja fram deiliskipulag með umsókn sinni um byggingarleyfi, sem sýnir staðsetningu lóðar á bújörð, húss á lóð og aðkomu af vegi. Þá skal einnig sýna tengingu við lagnir og rotþró, svo og afstöðu og fjarlægð næstu húsa bújarðar og aðliggjandi jarða..
3. Leitast skal við að staðsetja ný hús í námunda við þau mannvirki sem fyrir eru til nýta sem best sömu tengingar við þjóðveg og önnur dreifikerfi. Staðsetning lóðar (lóða) sé í sem bestu samræmi við aðra landnýtingu á jörðinni.
4. Um land jarða og lögbýla á landbúnaðarsvæðum gilda að öðru leyti ákvæði jarðalaga nr. 81/2004 og ábúðarlaga nr. 80/2004.
5. Lágmarks fjarlægð frá íbúðarhúsi lóðar að útihúsum næstu jarða skal helst vera 100 m.

Ferðaþjónusta á landbúnararsvæði:

Heimilt er að starfrækja ferðaþjónustu á landbúnaðarsvæðum, s.s. gistingu og greiðasölu. Nýting húsakosts sem fyrir er á býlum er heimilaður fyrir ferðaþjónustu með minni háttar viðbótum og breytingum, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Heimilt verður, þar sem aðstæður leyfa, að nýta áðurnefndar byggingar til ferðaþjónustu, s.s. sem gistiheimili eða til veitingareksturs, svo fremi sem heildarstærð þeirra fari ekki yfir 150 m². Umfangsmeiri rekstur sem krefst stærri bygginga verður einungis heimilaður á svæðum sem skilgreind eru fyrir verslun og þjónustu í aðalskipulagi.

Í könnun á áformum landeigenda um breytta landnotkun komu fram ýmsar hugmyndir um breytta landnotkun. Bújarðir í fullri ábúð eru sýndar með dökkum ferningum en jarðir án búrekstrar, en með búsetu, eru sýndar með ljósum ferningum. Eyðibýli í sveitarfélaginu eru sýnd með flötum krossi, sjá einnig kafla 5.1.1 og 5.6.3.

Skýringar: Á landnotkunarupprætti eru landbúnaðarsvæði sýnd með ljósosagrænum lit.

2.3.2 Fiskveiðar og -vinnsla

Stofnmarkmið vegna fiskveiða og -vinnslu:

Auðlindir sjávar verði áfram einn megin grundvöllur atvinnulífs í sveitarfélaginu. Áhersla er lögð á þátt fiskveiða og frumvinnslu sjávarafurða.

Fram til þessa hefur Drangsnæs fyrst og fremst verið útgerðarsamfélag þar sem flestir íbúa byggja afkomu sína á veiðum og vinnslu. Enda þótt fiskveiðar hafi dregist saman og samsetning afla hafi breyst á Drangsnæsi þá eru þær ennþá mjög mikilvægar fyrir þá sem fulla atvinnu eða hlutastörf hafa af þessari atvinnugrein. Þetta á einnig við um úrvinnslu afurðanna sem á sér stað í landi. Mjög æskilegt væri að fiskveiðikvóti yrði aukinn í Kaldrananeshreppi. Stefnt er að því að kræklingarækt verði umtalsverður þáttur í nýtingu sjávar í hreppnum en þar eru aðstæður til slíkrar ræktunar taldar mjög góðar.

Iðnaðarsvæði (lóðir) sem tengjast fiskvinnslu og -veiðum.

Sveitarfélagsuppráttur:

I-1	Iðnaðarlóð í Hveravík	Ætlað m.a. til orkuvinnslu (fiskeldi), óbyggt svæði	Um 0,50 ha
-----	-----------------------	---	------------

Þéttbýlisuppráttur:

Nr	Iðnaðarsvæði	Lýsing svæðis	Stærð svæðis
I-2	Iðnaðarsvæði í Kókkálsvík	Svæði sem ennþá er óbyggt	Um 1,16 ha
I-3	Fiskverkun við Aðalbraut	Svæði sem ekki mun breytast á skipulagstímanum	Um 0,50 ha
I-4	Svæði austan v. Grundargötu	Svæði sem þarf að deiliskipuleggja og laga	Um 0,70 ha
I-9	Fiskhjallar	Hjallar sem eiga að standa áfram, erfið aðkoma	Um 0,50 ha
I-10	Svæði ofan Hjalla, austan við vita	Vel útfærðir hjallar til fiskverkunar	Um 1,00 ha

2.3.3 Hafnarsvæði, iðnaðar- og athafnasvæði

Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum. Almenn skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum. Þó er, í undantekningartilvikum, unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði. Hafnarsvæði eru svæði sem heyra undir stjórn viðkomandi hafnarstjórnar. Um skilgreiningu hafnarsvæða, sjá hafnalög og reglugerðir um einstakar hafnir.

Á iðnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólþælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.

Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugæmslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Almenn skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði.

Bryggjukantar á Drangsnæsi eru samtals 163 m. Drangsnæsbyggja er óvarin fyrir öldu. Dýpi við bryggju eru 3 m. Lengd bryggjunnar er 25 m. Mesta dýpi við Drangsnæsbyggju 3 m á 25 m kafla.

Skjólhöfn er í Kókkálsvík og þar er nú meginastaða fyrir smábáta og minni fiskiskip sem þarfnast þjónustu við höfn.

Markmið aðalskipulagsins:

- Hafnarsvæðið í Kókkálsvík nái að þróast sem fiskihöfn fyrir smábáta og minni skip.

Á Drangsnæsi eru tiltekin tvö svæði skilgreind sem hafnarsvæði (HS). Annað þeirra er Drangsnæsbyggja sem er aðal löndunarbryggjan (HS1) og hitt er hafnaraðstaðan í Kókkálsvík (HS2). Þar er höfnin og búnaður til móttöku á veiddum fiski o. fl. Þar er gert ráð fyrir uppbyggingu hafnsækinnar starfsemi.

Litlar einkabryggjur eru í Kaldrananeshreppi: Í Bæ (Bakkagerði) og á Kaldranæsi. Þessar bryggjur eru skilgreindar sem hluti af frístundasvæði.

Landnotkun sem flokkast hafnarsvæði**Péttbýlisuppráttur:**

Nr	Hafnarsvæði	Lýsing svæðis	Stærð svæðis
HS1	Drangsneshryggja	Þarna er vigtnaraðstaða og löndun	Um 0,30 ha
HS2	Hafnaraðstaðan í Kokkálsvík	Hér er aðstaða fyrir báta og er tvískipt	Um 0,35 ha

Skýringar: Hafnarsvæði er táknað með blágráum lit.

Frystihús og fiskvinnsla sem tengist ekki hafnarsvæðinu með beinum hætti teljast iðnaðarsvæði. Þessi svæði eru þrjú á Drangsneshryggja, þ.e. óbyggð lóð í Kokkálsvík (I-2), lóð frystihússins við Aðalbraut (I-3) og svæði yst við Grundargötu (I-4). Samkvæmt reglugerð flokkast lóðir undir vatnsgeyma, rotþrær og veitumannvirki til iðnaðarsvæða. Á upprætti er að finna vatnstank á Drangsneshryggja (I-5). Viss umbúnaður er um hitaveituhölu (I-6). Í Hveravík (I-1) er gert ráð fyrir tiltölulega stórra lóð. Þar er ætluin að nýta jarðhita sem þar er að finna í talsverðum mæli.

Landnotkun sem flokkast iðnaðarsvæði**Sveitarfélagsuppráttur:**

I-1	Iðnaðarlóð í Hveravík	Ætlað m.a. til orkuvinnslu, óbyggt svæði	Um 0,50 ha
-----	-----------------------	--	------------

Péttbýlisuppráttur:

Nr	Iðnaðarsvæði	Lýsing svæðis	Stærð svæðis
I-2	Iðnaðarlóð í Kokkálsvík	Ætlað að tengjast höfn, óbyggt svæði	Um 1,16 ha
I-3	Fiskverkun v. Aðalbraut	Svæði sem ekki mun breytast á skipulagstímanum	Um 0,50 ha
I-4	Svæði austast v. Grundargötu	Svæði sem þarf að deiliskipuleggja og laga, ekki fullnýtt eða byggt	Um 0,7 ha
I-5	Vatnstankur á Drangsneshryggja	Verður óbreytt	Um 500 fm
I-6	Sameiginlegar rotþrær/Útrásir		Um 100 fm
I-7	Hitaveituhölu á Drangsneshryggja		Um 1000 fm
I-8	Spennistöð á Drangsneshryggja	Aðstöðuhús Orkuveitu Vestafjarða	Um 400 fm
I-9	Fiskhjallar	Hallar sem eiga að stana áfram, erfið aðkoma	Um 0,50 ha
I-10	Svæði ofan Hjalla, austan við vita	Vel útfærðir hjallar til fiskverkunar	Um 1,00 ha

Skýringar: Iðnaðarsvæði er táknað með dökkgráum lit.

Atvinnustarfsemi sem er tiltölulaga hreinleg, lítil hættu er á mengun og þarfnast ekki útiaðstöðu flokkast oftast undir athafnasvæði. Slík svæði eru stundum í nágrenni við iðnaðarsvæði.

Landnotkun sem flokkast athafnasvæði**Péttbýlisuppráttur:**

Nr	Athafnasvæði	Lýsing svæðis	Stærð svæðis
AS-1	Suðvestast v. Grundargötu	Svæði sem hefur verið stækkað frá fyrra skipulagi	Um 0,5 ha
AS-2	Suðaustast v. Grundargötu	Svæði sem þarf að deiliskipuleggja og laga, ekki fullnýtt eða byggt	Um 0,2 ha
AS-3	Blandað svæði v. Grundargötu	Svæðið mun taka vissum breytingum í notkun, slökkvistöð o.fl.	Um 0,1 ha
AS-4	Svæði efst í byggðinni	Geymsluhús. Gert ráð fyrir breyttri notkun	Um 0,3 ha

Skýringar: Athafnasvæði er táknað með ljósgráum lit.

AS-VP-1	Blönduð landnotkun á Reykjanesi	Starfsemi sem tengist fornminjasvæði	Um 2,43 ha
---------	---------------------------------	--------------------------------------	------------

Sjá einnig kafla 5.8.5 um hafnir, kafla 2.4.1 um vatnsveitu og kafla 2.4.4 um fráveitu.

2.3.4. Verslunar- og þjónustusvæði

Á verslunar- og þjónustusvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi, þ.á.m. ferðaþjónustu. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

Stofnmarkmið vegna þjónustu

Stefnt er að því að áfram verði rekin verslun í hreppnum.

Ferðaþjónusta verði stórefld. Viss samhfæing í rekstri ferðaþjónustu verði athuguð.

Tekið er undir stefnu stjórnvalda um að auka hlut ferðaþjónustu í landinu, bæði með tilliti til fjölda ferðamanna og tekna í þessari atvinnugrein.

Markmið vegna verslunar- og þjónustusvæða:

1. Stefnt er að því að gera svæði sem ætluð eru til almennrar þjónustu enn meira aðlaðandi en nú er á skipulagstímabilinu.
2. Verslunar- og þjónustusvæðin verði mótuð með skýrum og áhugaverðum hætti.
3. Gert er ráð fyrir stækkunarmöguleikum mannvirkja í þeirri starfsemi sem fyrir er, þó er ekki gert ráð fyrir stækkun þessara svæða.

Verslun verður að líkindum áfram sótt út fyrir hreppinn í talsverðum mæli, enda er vöruverð í lítilli verslun alltaf hlutfallslega hátt.

Markmið vegna ferðaþjónustu:

1. Stefnt er að eflingu ferðaþjónustu í sveitarfélaginu bæði sem sjálfstæðum rekstri og sem aukabúgreinar.
2. Ferðaþjónusta verði eflað í Kaldrananeshreppi, með aukinni umsetningu.
3. Lögð verði áhersla á menningartengda ferðaþjónusta. Samræming verði aukin í almennri upplýsingamiðlun og markaðssetningu ferðaþjónustunnar.
4. Tryggt verði gott aðgengi að ferðamannastöðum.
5. Hvatt er til samstarfs hreppsins og landeigenda um bættu merkingu og aðgengi að sögustöðum
6. Sýningarhald tengist ferðaþjónustunni sem best.
7. Svæði sem bjóða upp á sérstætt náttúrufar verði kynnt sem hluti af afþreyingu.
8. Á svæðum sem er á náttúruminjaskrá (NMS 327 og 343) skal tekið tillit til þess að um vissa verndun er að ræða. Þessi svæði skulu merkt fyrir árið 2012, til upplýsingar fyrir heimamenn og ferðamenn.
9. Dvöl í frístundahúsum verði ríkari þáttur í ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.

Verslunar-/þjónustusvæði eru sjö talsins, auk eins sv. m. bl. landnotkun samkvæmt skipulagstillögunni.

Landnotkun sem flokkast verslun og þjónusta

Sveitarfélagsuppdráttur

Nr	Verslunar- og þjónustusvæði	Lýsing svæðis	Stærð svæðis
VÞ1	Hótel Laugarhóll o. tengd starfsemi	Gert ráð fyrir stækkun, m. smáhýsum til gistingar	Um 2,00 ha
VÞ2	Lóð Kotbýlis kuklarans	Þar verður uppbygging í samr. við samþ. deilisk.	Um 4,00 ha
VÞ3	Ferðaþjónusta á Svanshóli	Bændagisting þar sem núv. mannvirki eru nýtt	Um 1,00 ha
VÞ4	Ferðaþjónusta Brúará	Bændagisting; í íbúðarhúsi og smáhýsum	Um 3,00 ha

Þéttbýlisuppdráttur:

Nr	Verslunar- og þjónustusvæði	Lýsing svæðis, fjöldi eininga	Stærð svæðis
VÞ5	Verslunarlóð kaupfélagsins	Gert ráð fyrir stækkunarmöguleikum	Um 0,14 ha
VÞ6	Ferðaþjónusta v. samkomuhús	Afmarkað svæði	Um 0,16 ha
VÞ7	Ferðaþjónustan Malarhorn	Starfsemi í þremur húsum, bönduð starfsemi	Um 0,07 ha

Skýringar: Verslunar- og þjónustusvæði er táknað með ljósgulum lit, sjá einnig kafla 2.3.3.

2.3.5. Svæði fyrir frístundabyggð/frístundahús

Svæði fyrir frístundabyggð eru svæði ætluð fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu. Til svæða fyrir frístundabyggð teljast einnig svæði fyrir fjallaskála, gangnamannaskála og neyðarskýli.

Markmið vegna svæða fyrir frístundabyggð:

1. Gert er ráð fyrir sjö nýjum svæðum fyrir frístundabyggð, þrjú svæði eru þegar skipulögð eða byggð.
2. Ekki er gert ráð fyrir verulegri fjölgun stakra frístundahúsa.
3. Áfram verði lögð áhersla á viðhald gamalla húsa og aðlögunar þeirra til nýtingar sem frístundahúsa.
4. Heimilt er að byggja tvö stök frístundahús á hverri bújörð í Kaldrananeshreppi án þess að aðalskipulagi sé breytt. Sjá einnig fyrsta tölulíð og kafla 2.3.1; um landbúnaðarsvæði.
5. Húsgerðir og lóðaskipan frístundahúsa þurfa að falla vel að landslagi.
6. Gert er ráð fyrir einhverri skógrækt í smærri stíl við frístundahús til skjóls, yndis og útivistar.

Þegar um er að ræða nýja frístundabyggð, eða stækkun þeirrar sem fyrir er, skal gera deiliskipulag af hverju svæði fyrir sig og semja byggingar- og skipulagsskilmála áður en framkvæmdir verða leyfðar.

Landnotkun sem flokkast frístundasvæði

Sveitarfélagsuppdráttur:

Nr	Svæði fyrir frístundabyggð	Lýsing svæðis, fjöldi húsa	Stærð svæðis
FS1	Í landi Klúku	Svæðið er óbyggt, gert er ráð fyrir 10 lóðum.	Um 8,00 ha
FS2	Í landi Sunndals	Svæðið er byggt, -þar eru 4 hús.	Um 3,00 ha
FS3	Í landi Goðdals	Svæðið að mestu byggt, þar er gert ráð fyrir 5 húsum.	Um 4,00 ha
FS5	Í landi Svanshóls	Svæðið er óbyggt, en gert er ráð fyrir 3 lóðum.	Um 1,80 ha
FS4	Í landi Bassastaða	Svæðið er óbyggt, gert er ráð fyrir 6 lóðum.	Um 13,0 ha

FS6	Í landi Sandness	Gert er ráð fyrir 2 húsum	Um 1,00 ha
FS7	Í landi Hveravíkur	Gert er ráð fyrir allt að 6 húsum	Um 2,00 ha
FS8	Í landi Bæjar 1	Gert er ráð fyrir allt að 4 húsum	Um 2,00 ha
FS9	Í landi Skarðs, tvö svæði	Gert er ráð fyrir 6+4 húsum, misstórar lóðir á sv.	Um 22,00 ha
FS10	Í Kaldbaksvík, tvö svæði	Gert er ráð fyrir 2+2 húsum, misstórar lóðir á sv.	Um 2,5 ha

Hér er því um að ræða allt að 48 frístundahús sem geta rúmast í skipulagstillögunni.

Í kafla 2.3.3 er m.a. greint frá landnotkun ferðþjónustu í sveitarfélaginu.

Í hreppnum eru þegar byggð frístundasvæði í landi jarðanna Sunndals og Goðdals. Hitt eru óbyggt svæði að mestu eða öllu. Litlar einkabryggjur sem skilgreindar eru hluti af frístundasvæði eru á tveimur stöðum, sjá kafla 2.3.3.

Stök frístundahús, veiðihús og fjallaskálar eru ekki sýnd á landnotkunaruppráttum. Gerð er nánari grein fyrir þessum mannvirkjum í kafla nr. 5.6.7. Sjá einnig kafla 2.3.1 þar sem fjallað er um forsendur fyrir byggingu stakra frístundahúsa á bújörðum.

Svæði fyrir frístundabyggð eins og hún er skilgreind í kafla þessum eru táknud með ljóslilla lit.

2.3.6 Umhverfisáhrif vegna atvinnamála

Áform hreppsnefndar Kaldrananeshrepps um uppbyggingu iðnaðar eru óviss að því leyti að ekki liggur fyrir um hvers konar iðnað mun verða að ræða. Þó er líklegt að ef nægjanlegt heitt vatn finnst í Hveravík þá muni það stuðla uppbyggingu iðnaðar. Fram kemur í aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030 að gert sé ráð fyrir tveimur nýjum iðnaðarsvæðum utan þéttbýlis. Uppbygging slíkra svæða gæti haft umtalsverð áhrif á efnahag í sveitarfélaginu. Tímabundin eftirspurn eftir vinnuafli á byggingartíma og viðvarndi aukin eftirspurn eftir húsnæði og þjónustu ýmis konar.

Lagðar eru til eftirfarandi mótvægisáðgerðir:

- Að sé beitt fánlegri tækni til að minnka hljóð- og loftmengun frá iðnaðarsvæðinu á Drangnesi.
- Gætt verði sérstaklega að fella mannvirki vel að landslagi til þess að viðhalda einkennum og sérstöðu landslags á svæðinu.
- Krafa sé gerð um að á hönnunar- og deiliskipulagsstigi um samræmt heildarútlit, um ásýnd, hlutfall grænna svæða, umhirðu, umgengni, sýnileika mannvirkja, litaval, landslagsmótun, skipulag umferðar og bílastæða.
- Á hönnunar- og deiliskipulagsstigi verði einnig gripið til aðgerða næst annars konar landnotkun til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á loftgæði og hljóðvist frá iðnaðarsvæðum.
- Við afmörkun iðnaðarsvæðanna var lögð sérstök áhersla á að halda sérstæðum jarðmyndunum utan við mörk þeirra og takmarka að mestu leyti við mannvirki ásamt lögnum og aðkomuvegum.

Atvinna	Umhverfisþættir		
	Náttúra	Samfélag	Auðlindir
Iðnaðarsvæði	-/0	+	+/-/0

2.4. Veitur

Til veitna teljast stofn- og dreifikerfi veitna, s.s. vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, fjarskipta og fráveitu. Með stofnkerfi er í skipulagsreglugerð átt við flutningskerfi, frá upptökum að dreifikerfi.

2.4.1. Vatnsveita

Stofnmarkmið vegna vatnsveita

Séð verði til að vatnsveitur (samveitur) skili nægu neysluvatni er uppfylli kröfur um gæði.

Markmið vegna svæða fyrir frístundbygð:

- Nákvæmari rannsóknir verði gerðar á vatnsbúskap og á gæðum vatns í samræmi við þarfir.

Landnotkun

Samveitan á Drangnesi er nokkuð stór enda þjónar hún þéttbýli, íbúðarbygð ásamt annarri starfsemi. Neysluvatn er sótt í Haugabrekkur neðan við Bæjarfell en iðnaðarvatn, eða vatn sem er ekki af sömu gæðum og vatnið í Bæjarfelli, er sótt í veitu sem er staðsett við norðurenda Bæjarvatns. Aðrar

Samveitur í hreppnum eru smáar og eru einungis þrjár skilgreindar sem slíkar, þ.e. fyrir Bæ, á Klúku og Svanshóli. Skilgreining á samveitu er tenging við þrjú hús eða fleiri. Í aðalskipulaginu er gerð tillaga um afmörkun verndarsvæða þeirra.

1. Vatnsveita á Drangnesi, vatn er tekið upp í fjallshlíðinni, sýnd á **sveitarfélagsuppdrætti**, og miðlunartankur (I-5) er þar neðst, næst byggðinni, sýnd á **þéttbýlisuppdrætti**.
2. Iðnaðarvatn er tekið norðanvert við Bæjarvötn, úr vötnunum með jarðvegssíun og -dúkum. Afmörkun brunnsvæðis og stofnlögn þaðan er sýnd á **sveitarfélagsuppdrætti**.
3. Vatnsveita á Klúku og nágrenni er sýnd á **sveitarfélagsuppdrætti**. Þar er um að ræða hótél, sundlaug, safn, ásamt einu íbúðarhúsi. Þar er enn fremur gert ráð fyrir frístundasvæði.
4. Vatnsveita í Bæ og Bakkagerði, vatn er tekið í Bæjarfelli, er sýnd á **sveitarfélagsuppdrætti**. Þar er um að ræða þrjú íbúðarhús og tvö til þrjú frístundahús.
5. Vatnsveita í landi Svanshóls í Ötlunardal er sýnd á **sveitarfélagsuppdrætti**. Þar er um að ræða fjögur íbúðarhús, þrjú frístundahús og ferðapjónustu.

Sjá nánar um vatnsveitu í Kaldrananeshreppi í kafla 5.7.1. Skýringar: Svæði sem skilgreint er brunnsvæði er sýnt með dökkbláum lit en grann- og fjarsvæði eru með misþéttum bláum skálínum.

2.4.2. Nýting á heitu vatni, hitaveita

Stofnmarkmið vegna hitaorku

Stefnt er að því að áfram verði rannsaðir möguleikar á nýtingu hitaorku.

Staða í hitaveitumálum:

Heitt vatn er nýtt á nokkrum stöðum í Kaldrananeshreppi. Nýleg hitaveita er á Drangnesi. Hús eru hituð með heitu vatni sem fengið er úr borholu í miðju þorpinu (DN-16). Heita vatnið fannst á Drangnesi árið 1997 og var það að vonum til mikilla hagsbóta fyrir byggðarlagið. All löngu fyrr var farið að nýta heitt vatn á Klúku (6 holur) fyrir skóla, sundlaug og íbúðarhús. Heitt vatn er einnig notað til upphitunar íbúðarhúsa á Svanshóli (ein hola), Bakka, nýtt til upphitunar á húsinu Pöntun (ein hola), Ásmundarnesi (ein hola), Kaldrananesi, nýtt til upphitunar (2 holur) og í Hveravík, nýtt til upphitunar (2 holur). Öll frístundahús í Goðdal eru hituð upp með vatni úr um 60°C heitri uppsprettu. Einnig er heitt vatn nýtt til upphitunar í Kaldbaksvík (ein hola). Auk þessa hafa verið boraðar heitavatnsholur á eftirfarandi jörðum: Reykjarvík (tvær holur), Hafnarhólmur (ein hola), Kleifum á Selströnd (ein hola) og loks á Hellu (3 holur).

Markmið í hitaveitu- og orkunýtingarmálum:

1. Stefnt er að því að áfram verði leitað að heitu vatni öllum hreppnum.
2. Stefnt er að því að nýtingarmöguleikar verði kannaðir þar sem aðstæður eru fyrir hendi.

Landnotkun

Þéttbýlisuppdráttur:

Hitaveituholur í notkun á Drangnesi (I-7).

Stofnlagnir vegna dreifingar heitavatns (H) eru sýndar á þéttbýlisuppdrætti.

Sjá nánar um hitaveitu í Kaldrananeshreppi í kafla 5.7.2.

Skýringar: Upptök heitavatns eru sýnd á uppdráttum með bókstafnum H með hring utan um, þetta er einungis gert til upplýsingar án staðfestingar.

2.4.3. Rafveita

Stofnlína rafmagns kemur frá spennistöð í Steingrímsfirði. Raflínur er teiknaðar inn á sveitarfélagsuppdrátt í samræmi við gögn Orkubús Vestfjarða (OV) sem ekki eru til á stafrænu formi enn sem komið er. Drangneslína er þriggja fasa lína með 11 kV, en línan yfir Bjarnarfjarðarháls (Bassastaðaháls) er með sömu spennu en einn fasa. Nokkur hluti línanna er kominn í jörð.

Markmið í raforkumálum:

3. Stefnt er að því að þriggja fasa rafkerfi verði í öllum hreppnum.
4. Raflínur verði að jafnaði lagðar í jörðu þar sem hætta er á veðurskemmdum og þær valdi sem minnstum spjöllum á landbúnaðar- og verndarsvæðum sem og hinum óbyggðu svæðum.

Virkjanakostir með uppsett rafafli allt að 199 kW teljast til smávirkjana og eru almennt heimilar á landbúnaðarsvæðum og þar með ekki sérstaklega skilgreindir á uppdrætti.

Sjá nánari umfjöllun um rafveitumál í kafla nr. 5.7.3.

Landnotkun

Péttbýlisuppdráttur:

Spennistöð á Drangnesi (I-8).

Skýringar: Stofnlína OV (R) er táknuð eru með heilum línunum (loftlína) eða brotnum línunum (í jörð).

2.4.4. Fráveita

Stofnmarkmið vegna fráveitu

Áfram verði rotþróm komið fyrir þar sem þeirra er þörf og hugað að frárennismálum á Drangnesi.

Frárennslifer fer í sjó fram á tveimur stöðum í péttbýlinu á Drangnesi. Öll hús í dreifbýlishluta Kaldrananeshrepps með frárennslif, sem þarf að hreinsa, eru tengd rotþrómi. Hverjum húseiganda þar er skylt að hafa fullnægjandi fráveitukerfi frá húsi sínu eða þeim húsum sem hann hefur umsjón með.

Stofnlagir vegna fráveitu (F) eru skilgreindar á péttbýlisuppdrætti.

Markmið í fráveitumálum:

1. Nú fer frárennslif í sjó fram á Drangnesi. Athuga þarf hvort nauðsynlegt er að hreinsa það eða koma búnaði betur fyrir að öðru leyti.
2. Sveitarfélagið sjái um tæmingu rotþróa annað hvert ár og losi á viðurkenndan urðunarstað fyrir seyru, eigendur rotþróa greiði holræsagjald til sveitarfélagsins er standi undir kostnaði vegna tæmingar rotþróanna.

Landnotkun

Péttbýlisuppdráttur: Svæði sem nýtt eru fyrir fráveitubúnað að vissri stærð, falla undir skilgreiningu iðnaðarsvæðis. Á Drangnesi (I-6) fer frárennslif í sjó fram á tveimur stöðum. Sjórinn er talinn hreinsa frárennslif nokkuð vel, enda stutt í straum á þessum stöðum.

Sjá nánar um frárennslif í Kaldrananeshreppi í kafla 5.7.4.

Skýringar: Fráveitubúnaður er táknaður með dökkgráum lit (iðnaðarsvæði).

2.4.5. Sorpeyðing

Sorpförgunarsvæði eru svæði þar sem fram fer eða fyrirhuguð er förgun á sorpi og öðrum úrgangi, s.s. urðun eða brennsla.

Kaldrananeshreppur er aðili að Sorpsamlagi Strandasýslu og er urðunarstaðurinn í nágrenni Hólmavíkur. Því fer sorpförgun ekki fram í Kaldrananeshreppi. Fjórir sorpgámar eru í hreppnum. Sorp er flokkað og flutt til endurvinnslu.

Péttbýlisuppdráttur:

Sorpsöfnunarsvæði, m. bílum, vélum og málmum, er á Drangnesi (SF-1).

Markmið vegna sorpeyðingar:

1. Stefnt er að því, í samvinnu við nágrennasveitarfélögin Strandabyggð og Árneshrepp, að finna frambúðarlausn fyrir sorpförgun, þegar núverandi aðstöðu verður breytt.
2. Lögð verði rík áhersla á að minnka umfang sorpsins og það verði flokkað.
3. Urðun lífræns úrgangs hafi minnkað um 25% fyrir árslok 2012.
4. Blöndun valkosta við sorpförgun kemur vel til greina.

Sjá einnig kafla nr. 5.7.5. Á skýringaruppdrætti II eru sorpsöfnunarstaðir sýndir til skýringar.

2.5. Samgöngu- og fjarskiptamál -almennt

Undir flokkinn samgöngur falla öll helstu samgöngumannvirki, s.s. vegir og götur, þ.m.t. brýr, mislæg gatnamót, göngubrýr, undirgöng og jarðgöng, göngu-, hjólréiða- og reiðstígar, flugvellir og flugbrautir, komustaðir farþegaferja, sporbundin umferð og önnur samgöngumannvirki. Skilgreiningar vega og helgunarsvæða eru í samræmi við vegalög. Skilgreiningar flugvalla og helgunarsvæða, eru í samræmi við lög um loftferðir og reglur um einstaka flugvelli. Skilgreiningar hafna eru í samræmi við hafnalög og reglugerðir um einstakar hafnir.

Stofnmarkmið vegna samgangna

Hreppsnefnd leggur áherslu á mikilvægi hvers konar samganga innan og utan hreppsins.

Allir vegir verði lagðir bundnu slitlagi á skipulagstímabilinu.

Nýr og endurnýjaður vegur verði lagður yfir Bjarnarfjarðarháls, skv. tillögu Vegagerðarinnar.

Hlutverk hafnar á Drangsnesi og í Kokkálsvík hefur verðið skilgreint til nánustu framtíðar.

2.5.1. Samgöngur á landi

Sveitarstjórn tekur undir stefnu stjórnvalda um að auka hlut ferðapjónustu í landinu, bæði með tilliti til fjölda ferðamanna og tekna. Þetta þýðir að samgöngur munu aukast og að vægi vegapjónustu eykst.

„Aðalfundur Héraðsnefndar Strandasýslu haldinn að Sævangi 2. apríl 2005 tekur heilshugar undir ályktun Ferðamálaálag Strandasýslu um samgöngumál og hvetur samgönguráðherra og þingmenn kjördæmisins til að beita sér af hörku fyrir bættum samgöngum til Stranda og um svæðið. Fundurinn bendir á að samgöngur á Ströndum eru úr öllum takti við það sem gengur og gerist á landsvísu. Benda má á að ein mikilvægasta forsenda fyrir sameiningu sveitarfélaga eru bættar samgöngur. Jafnframt telur fundurinn að brýn þörf sé á að vinna að bættum almenningssamgöngum um svæðið allan ársins hring.“

Markmið í samgöngumálum:

Hreppsnefnd beiti sér fyrir:

1. Að tengivegir hafi verið lagfærðir verulega á skipulagstímabilinu.
2. Að allir vegir í sveitarfélaginu verði lagðir bundnu slitlagi.
3. Að ferðamanna- og jaðarvegum í sveitarfélaginu verði sinnt.

Markmið Vegagerðarinnar eru m.a. þessi:

- Greiðar samgöngur með góðri þjónustu.
- Hagkvæm uppbygging og rekstur vegakerfisins.
- Umferðaröryggi sé á við það sem best gerist.
- Góð sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa.

Önnur markmið í samgöngumálum

- Snjómokstur og viðhald vega verði aukið.

Landnotkun

Lega tengivega í Kaldrananeshreppi verður staðfest í aðalskipulagstillögunni og frátekið verður svæði þar sem gert er ráð fyrir breyttri legu þjóðvegjar. Fjarlægð mannvirkja frá vegum skal vera í samræmi við 33. gr. vegalaga. Samkvæmt þeim má ekki staðsetja byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, nema leyfi Vegagerðarinnar komi til, nær vegi en 15 m frá miðlínu tengivega og annarra þjóðvega (30 m fjarlægð skal vera þar sem um stofnveg er að ræða). Fjarlægð mannvirkja frá tengivegi skal vera 100 m og 50 m frá öðrum vegum. Þessi viðmið fylgja lögum á hverjum tíma.

Eftirfarandi tengivegir eru staðfestir í Aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030, vegur nr. 643 mun breytast talsvert þar sem hann liggur yfir Bjarnarfjarðarháls (Bassastaðaháls) (báðar veglínur sýndar, núv. og fyrirh.). Breytingar á veglínu yfir Bjarnarfjarðarháls eru fyrst og fremst neðst á hálsinum norðanverðum. Ástæður þessarar breytinga eru einkum þrennar konar: (1) að draga úr halla neðst í hálsinum og milda beygju sem þar er, (2) að sneiða framhjá snjóþungum vegkafla og (3) að færa veglínuna á vænlegasta stað gagnvart nýrri brú yfir Bjarnarfjarðará. Þessi vegur verður lagður samkvæmt vegtegund C₇ og því 7,0 m breiður. Ný brú, einnrar akreinar stálbitabrú með timburgólfi,

verður smíðuð á Bjarnarfjarðará. Á öðrum stöðum koma ræsi þar sem búast má yfirborðsvatni eða læki er að finna.

Sveitarfélagsuppdráttur:

Tengivegir eru tveir: Vegur nr. 643; Strandavegur og vegur nr. 645; Drangnesvegur.

Skýringar: Á skipulagsuppdráttum eru tengivegir sýndir og aðrir vegir (-til skýringar) með einfaldri línu, misþykkum. Sjá kafla 5.8.2, þar sem tengivegir í Kaldrananeshreppi eru taldir upp.

2.5.2. Samgöngur á sjó, hafnir

Tvær hafnir eru á Drangnesi sem njóta opinberra styrkja eins og við á um þær hafnir á Íslandi sem nauðsynlegar eru fyrir strandbyggðir. Þessar hafnir nýtast með ýmsum hætti, þ.e. sem fiski- og flutningahafnir.

Þéttbýlisuppdráttur: Drangneshöfn (HS1) og skjólhöfnin í Kokkálsvík (HS2).

Skýringar: Hafnarsvæði er táknað (auðkennt) með dökkbláum lit.

Einkabryggjur sem eru í sveitarfélaginu eru fyrst og fremst nýttar í tengslum við hrognkelsaveiðar, ferðaþjónustu og til almennrar útivistar. Sjá kafla 2.3.3 og 2.3.5.

2.5.3. Göngu- og reiðleiðir

Markmið vegna göngu- og reiðleiða:

- Helstu gönguleiðir verði skilgreindar og sama gildi um áningastaði.
- Helstu reiðleiðir verði skilgreindar, en þær eru einnig að nokkru leyti gönguleiðir.

Landnotkun

Samkvæmt Aðalskipulagi Kaldrananeshrepps er gert ráð fyrir að eftirfarandi gönguleiðir verði staðfestar. Göngu- og reiðleiðir eru sýndar á **Sveitarfélagsuppdrætti** og ein gönguleið (GL-9) er sýnd á **Þéttbýlisuppdrætti**.

Gönguleiðir:

- GL-1. **Lambatindur.**
- GL-2. **Bjarnarfjörður-Asparvík.**
- GL-3. **Hólsfjall.**
- GL-4. **Steingrímsfjörður-Bjarnarfjörður við Urriðavötn.**
- GL-5. **Pyttasundshæðir.**
- GL-6. **Gönguleið um Bæjarskarð.**
- GL-7. **Bæjarfell.**
- GL-8. **Gönguleiðir í Grímsey.**
- GL-9. **Gönguleið að Gunnustaðagróf.**

Reiðleiðir, sem einnig nýtast sem gönguleiðir:

- RL-1. **Trékyllisheiði-Djúpavík-Kúvíkur.**
- RL-2. **Bassastaðaháls.**
- RL-3. **Sandnesháls.**
- RL-4. **Hamarsháls.**

Gönguleiðir eru auðkenndar með dökkum punktalínum, en reiðleiðir með rauðum punktalínum. Sjá kafla 5.8.3. Þar er ítarlegri lýsing á göngu- og reiðleiðum sem staðfestar verða.

2.5.4. Fjarskipti

Í Fjarskiptaáætlun 2005-2010 er gert ráð fyrir eftirfarandi ráðstöfunum varðandi háhraðavæðingu í landinu:

- Allir landsmenn sem þess óska geti tengst háhraðaneti og notið hagkvæmrar og öruggar fjarskiptaþjónustu.
- Menntastofnanir verði tengdar öflugum háhraðaneti.

Undirmerkið í Fjarskiptaáætlun sem varða sveitarfélagið eru:

- Að allir landsmenn sem þess óska hafi aðgang að háhraðatengingu árið (2007).
- Að allir grunnskólar verði tengdir öflugu háhraðaneti (lágmark háð stærð skóla).
- Að allar helstu stofnanir ríkisins verði tengdar öflugu háhraðaneti (lágmark háð stærð stofnunar).

Önnur markmið vegna fjarskipta:

1. Fjarskiptasamband í sveitarfélaginu verði eins og best gerist á landinu. Þetta á við um gagnaflutningakerfi, tölvusamskipti, sjónvarp og farsímakerfi. Tryggja þarf gott fjarskiptasamband í sveitarfélaginu þannig að gagnaflutningsleiðir hindri ekki nýtingu og framþróun fjarvinnslu við nám og atvinnuþátttöku íbúa.
2. Möstur verði staðsett þar sem þau valda sem minnstum sjónrænum áhrifum.

Landnotkun

Fyrirhugaðar framkvæmdir á sviði fjarskipta á skipulagstímabilinu eru bætur í farsímaþjónustu og nettengingu.

Sveitarfélagsuppráttur: Fjarskiptamöstur eru sýnd á upprætti. Komi til þess að reist verði ný fjarskiptamannvirki á skipulagstímabilinu, sem ekki liggur fyrir nú, verða þau byggð í skilgreindu landbúnaðarsvæði. Núverandi fjarskiptamöstur og áþekkur búnaður í Kaldrananeshreppi er eftirfarandi: Á **Selströnd**, í landi Bassastaða (F-1), í landi **Sandness** (F-2), í landi **Ásmundarness** (F-3) og á **Kleifum** á Selströnd (F-4).

Skilgreint á upprætti með sérstöku tákni, sjá skýringar á landnotkunaruppráttum.

2.5.5. Umhverfisáhrif vegna grunnkerfa

Umfjöllun um jákvæð og neikvæð áhrif stefnumiða aðalskipulags Kaldrananeshrepps varðandi vegi sneri að því að stuðla að öruggara samgöngukerfi og samtengingu byggðar, efla og sameina þjónustu og atvinnusvæði innan sveitarfélagsins. Áhrif stefnu Kaldrananeshrepps sem koma fram í aðalskipulagi 2010-2030 eru líkleg til að hafa einhver áhrif á umhverfi og samfélag. Bættar samgöngur milli landshluta annarsvegar og innan hreppsins hins vegar mun styrkja Kaldrananeshrepp sem atvinnusvæði og efla hann sem eitt félagssvæði sem og auka umferðaöryggi. Áhrif samgönguuppbyggingar í hreppum hefði líklega óveruleg eða neikvæð áhrif á jarðmyndanir, líffríki, neikvæð áhrif á landslag og landrými en jákvæð áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda, öryggi, efnahag og orkunotkun.

Lagðar eru til eftirfarandi mótvægisáðgerðir:

- Huga vel að hönnun og ásýnd samgöngumannvirkja þannig að framkvæmdir falli vel að landslagi. Þar sem vegur fer yfir votlendissvæði munu koma til þær áðgerðir að slíkt svæði mun stækkað á öðrum stöðum, með því að skurðum verður lokað. Þannig mun votlendissvæðið endurheimta fyrri eiginleika, hvað vatnafar varðar með breytingum á líffríki.
- Huga vel að vali á efnisnámmum við framkvæmdir þannig að ekki gerist þörf á að opna nýjar námur á framkvæmdatíma.
- Ef nauðsynlegt er þarf hljóðmanir til að tryggja að hljóðstig verði undir mörkum reglugerðar miðað við framtíðarumferð.
- Áhrif tillögu aðalskipulags um hugsanlega uppbyggingu lagnakerfis í sveitarfélaginu munu hafa neikvæð áhrif á náttúru og auðlindir þar sem gengið er á öröskuð svæði og svæði sem er hverfisverndað. Áhrifin eru jákvæð á samfélag hvað varðar efnahag og uppbyggingu atvinnutækifæra en geta verið neikvæð á útivist. Tillagan styður það markmið að leitast verði við að háspennulínur og lagnir verði sem mest settar í jörðu, eins og kostur er.

Lagðar eru til eftirfarandi mótvægisáðgerðir:

- Lagnir raflína fari í jörð þar sem aðstæður og núverandi tækni leyfir.

Á heildina litið kemur stefnumörkun Aðalskipulags Kaldrananeshrepps 2010-2030 sem snýr að hafnarsvæðum, sem eru tvö talsins, ekki til með að hafa áhrif á jarðmyndanir, líffríki og ásýnd landslags. Stefnumörkun mun hafa jákvæð áhrif á samfélag og má þar helst nefna efnahag og félagslegt umhverfi.

Lagðar eru til eftirfarandi mótvægisáðgerðir:

- Huga vel að tilhögun og ásýnd hafnarmannvirkja. Við hönnun hafnarmannvirkja þarf m.a. að fylgja þeirri stefnu sveitarfélagsins að framkvæmdir falli vel að landslagi.

Grunnkerfi	Umhverfisþættir		
	Náttúra	Samfélag	Auðlindir
Vegir	-	+	0/-
Raflínur	-	+	-
Hafnir	0	+	-/0

2.6. Þjónustustofnanir

Á svæðum fyrir þjónustustofnanir skal fyrst og fremst gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Markmið aðalskipulagsins:

1. Núverandi skólasvæði verði áfram miðstöð allrar skólastarfsemi í sveitarfélaginu.
2. Starfsemi leikskóla og grunnskóla verði fléttuð sem best saman.
3. Lögð er áhersla á áframhaldandi uppbyggingu og viðhaldi á íþróttamannvirkjum.
4. Gert er ráð fyrir auknum safnarekstri næstu árum og stuðlað verði að viðhaldi og varðveislu fornra minja í sveitarfélaginu.

Ekki er gert ráð fyrir að þessi svæði stækki, þ.e. lóðir viðkomandi stofnana, samkvæmt fasteignamati, en möguleiki er á því að byggingarmagn verði aukið.

Landnotkun vegna þjónustustofnana

Sveitarfélagsuppdráttur

Nr	Svæði f. þjónustustofnanir	Lýsing svæðis	Stærð svæðis
ÞS1	Kirkjan á Kaldrananesi	Svæði sem ekki mun breytast á skipulagstímanum	Um 1000 fm
ÞS2	Sundlaugarlóð á Klúku	Svæðið hefur nýlega verið lagfært	Um 1500 fm
ÞS3	Lóð vitans í Grímsey	Vitin nýtur reglubundins viðhalds	Um 200 fm

Þéttbýlisuppdráttur

Nr	Svæði f. þjónustustofnanir	Lýsing svæðis	Stærð svæðis
ÞS4	Lóð Drangnesskóla	Skóla og leikskólalóð þurfa að bjóða uppá talsverða utanhússaðstöðum. Þörf er á eiksvæði og fyrirhugað er að koma fyrir sparkvelli á skólalóðinni. Frekari byggingar eru ekki áætlaðar á lóðinni.	Um 4200 fm
ÞS5	Kapellan á Drangnesi	Kapellan er hluti ag skólabygginunni.	
ÞS6	Lóð samkomuhússins Baldurs	Verður óbreytt	Um 1000 fm
ÞS7	Skrifstofa Kaldrananeshrepps	Skrifstofan er hluti af samkomuhúsiinu Baldri.	Um 800 fm
ÞS8	Lóð sundlaugar	Lóðin er skilgreind og er ætlað að fullnægja þörfum.	Um 2400 fm
ÞS9	Vitinn á Malarhorni		Um 150 fm
ÞS10	Slökkvistöðin	Blandað svæði	Um 250 fm

Skýringar: Svæði fyrir þjónustustofnanir sveitarfélaga eru táknaðar með rauðgulum lit.

2.6.1. Skóla- og menntamál

Drangnesskóli verði rekinn með sama hætti og áður enda þótt nemendur skólaárið 2009 til 2010 séu heldur færri en stundum hefur verið. Aðstaða nemenda til útivistar verði bætt með lagfæringu skólalóðar m.a með byggingu sparkvallar á skólalóðinni.

Kaldrananeshreppur setur sér markmið um að árangur af skólastarfi sé metinn fyrir nemandann og foreldra.

Önnur markmið í menntamálum:

- Í skólanámskrá verði lögð áhersla á hópvinnu, skapandi starf, markvissa málörvun og val á námsgreinum.
- Stefnt skal að því að nemendur í fjarnámi nýti aðstöðuna í Drangnesskóla.

Landnotkun

Þéttbýlisuppdráttur: Lóð Grunnskólans á Drangnesi fullnægir þörfum á skipulagstímabilinu. Skólalóðin, ásamt kapelli, er hluti af stofnanasvæði (ÞS4-ÞS5), þar er einnig meðtalin lóð leikskólans.

2.6.2. Menningarmál

Hreppsnefnd vill stuðla að eflingu í menningarstarfsemi. Þetta verði m.a. tengt ferðaþjónustu eftir því sem við á og aðstæður leyfa hverju sinni.

- Menning er hluti lífsgæða.
- Kaldrananeshreppur mun leggja áherslu á að gera sögu og sérkenni sveitarfélagsins þekkt, m.a. með skipulagðri merkingu menningarminja og sögustaða.
- Samstarf verði við ferðaþjónustuaðila um uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu.
- Skólabókasafn verði eflt og endurskoðaður verði rekstur almenningsbókasafnsins.

2.6.3. Heilbrigðismál

Markmið í heilbrigðismálum:

Heilsuvernd og heimahjúkrun í sveitarfélaginu verði efl.

Landnotkun

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á landnotkun í Kaldrananeshreppi vegna heilbrigðisþjónustu. Sjá kafla 5.9.4.

2.6.4. Félagsþjónusta

Markmið í félagsþjónustu:

Kaldrananeshreppur beiti sér fyrir heildstæðri félagsþjónustu sem mótuð verði eftir föngum.

Landnotkun

Skipulagsuppdrættir: Félagsþjónusta mun ekki leiða af sér breytingu á landnotkun á skipulagstímabilinu.

2.6.5. Opinber stjórnsýsla

Aðstaða oddvita, hreppsskrifstofa, er í samkomuhúsinu Baldri (ÞS6). Ekki er gert ráð fyrir breytingum á almennri stjórnsýslu í sveitarfélaginu nema ný lagaákvæði eða samþykktir komi til.

2.6.6. Kirkjur

Kirkja er á Kaldrananesi og kapella á Drangnesi og er þeim þjónað frá Hólmavík.

Markmið í kirkjumálum:

Núverandi guðshús mæta þörfum Kaldrananeshrepps á skipulagstímabilinu.

Landnotkun

Sveitarfélagsuppdráttur: Lóð kirkjunnar á Kaldrananesi er merkt (ÞS1).

Þéttbýlisuppdráttur: Lóð kapellunnar á Drangnesi er merkt (ÞS5).

2.7. Félagslíf, íþróttir og útivist -Opin svæði til sérstara nota

Stofnmarkmið vegna félags-, íþrótt- og útivistarmála

Skilyrði fyrir íþrótt- og félagslíf verði lagfærð og þróuð. Íþróttaaðstaða við Grunnskólann á Drangnesi verði bætt með byggingu sparkvallar og lagfæringu skólalóðarinnar.

Lögð verði áhersla á að kynna áhugaverðar gönguleiðir.

Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skrúðgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvelli, sleða- og skíðasvæði, skautasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvelli, rallybrautir og skotvelli. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði.

Markmið í útivistarmálum:

- Að skapa sem best skilyrði fyrir fjölbreytta útivistarkosti fyrir íbúa sveitarfélagsins og gesti þeirra.

Ekki er gert ráð fyrir stækkun ípróttasvæðis, en nýting þess kann að breytast með þróun starfseminnar.

Landnotkun vegna opinna svæða til sérstakra nota

Sveitarfélagsuppráttur:

Nr	Opin svæði til sérst. nota	Lýsing svæðis	Stærð svæðis
OS1	Kirkjugarður á Kaldrananesi	Svæði sem ekki mun breytast á skipulagstímanum þar eð ekki er þörf á stækkun	Um 0,20 ha
OS2	Minnismerki á Skarði	Afmörkun minnismerkis er varanleg, hverfisvernd	Um 500 fm

Þéttbýlisuppráttur:

Nr	Opin svæði til sérst. nota	Lýsing svæðis	Stærð svæðis
OS3	Ípróttasvæði	Ípróttasvæðið er fótboltavöllur með nokkru svæði umhverfis	Um 1,74 ha
OS4	Svæðið umhv. Kerlinguna	Þar er einnig um að ræða hverfisverndun	Um 0,19 ha
OS5	Samkomusv. neðan Borgargötu	Verður óbreytt	Um 0,65 ha
OS6	Kirkjugarður Drangsness	Þarfnast ekki stækkunar á skipulagstímabilinu	Um 0,11 ha
OS7	Skógarreitir austan kirkjug.	Skógurinn verður þéttaður á næstu árum	Um 0,98 ha
OS8	Reitur í Lækjagili	Þar verði þróað eins konar hátíðarsvæði	Um 1,52 ha
OS9	Tjaldsvæði v. samkomuhús	Þar verður tjaldsvæðið þróað	Um 0,21 ha
OS10	Tjaldsvæði v. Illasund	Þar er um að ræða viðbótaraðstöðu	Um 1,84 ha

Skýringar: Opin svæði til sérstakra nota eru táknuð með dökkmosagrænum lit.

2.8. Náttúruvá/öryggismál

Svæði undir náttúruvá eru svæði þar sem hættu er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurtari (ofviðri). Um landnotkun á svæðum þar sem hættu er talin stafa af ofanflóðum fer samkvæmt ákvæðum laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og reglugerð um nýtingu hættusvæða.

Stofnmarkmið vegna öryggismála

Við skipulag og uppbyggingu mannvirkja sé ávallt horft til öryggis íbúanna hvað varðar náttúruvá og annarrar hugsanlegrar hættu.

Markmið vegna náttúruvár og öryggismála:

1. Meta skal hættu á snjóflóðum og öðrum ofanflóðum.
2. Meta skal þörf á frekari sjóvörnum á Drangnesi.
3. Meta skal hættu sem fylgir ofviðri í Kaldrananeshreppi.
4. Mat á náttúruvá skal fyrst og fremst ná til svæða þar sem mannvirkjagerð er fyrirhuguð.
5. Kröfur um hönnun bygginga, m.t.t. burðarþols, brunavarna og stöðugleika verði ávallt í fullu samræmi við ströngustu viðmiðanir laga, reglugerða og staðla (ÍST) sem við eiga.
6. Öryggis verði gætt við hönnun samgöngumannvirkja af allri gerð, þ.e. bílvega- og brúarmannvirkja, ásamt hafnamannvirkja.
7. Almannaþingir og sjúkraflokkar verði skipulögð þannig þessir aðilar tryggja sem best öryggi íbúanna.

Landnotkun

Ávallt verður tekið tillit til þátta sem lúta að náttúruvá og öryggismálum. Utan þéttbýlis á þetta einkum við um vegagerð og staðarval fyrir frístundahús og skála. Þetta mun verða verða gert í aðalskipulaginu og það kappkostað að forðast alla áhættu.

Unnið hefur verið hættumat fyrir Drangsness (NV3) í samræmi við ákvæði laga nr. 49/1997 og reglugerð nr. 505/2000. Þessi tillaga hefur verið auglýst og staðfest.

Meginatriði þessarar tillögu er eftirfarandi:

„Snjóflóðahætta er næst brekkunum ofan Aðalbrautar og Grundargötu. Þrjú íbúðarhús ofan Aðalbrautar eru á B-svæði og átta hús eru á A-svæði. Jafnframt er skólinn á A-svæði og hluti nýju viðbyggingar hans teygir sig raunar inn á B-svæðið. Ofan Grundargötu eru engin íbúðarhús á hættusvæðum en hluti sundlaugarinnar og efstu byggingarnar á lóðinni við Grundargötu 17 eru á A-svæði. Í skipulagi er gert ráð fyrir nokkrum íbúðarhúsaloðum við Grundargötu sem eru á hættusvæðum. Æskilegt er að skipulagið verði endurskoðað, ef þörf er á, í framhaldi af staðfestingu hættumatsins til þess að ekki verði reist þarna ný íbúðarhús á hættusvæði. Engin hús á Drangnesi eru á C-svæði samkvæmt hættumatinu.” Í hættumati er ofanflóðahætta metin í þremur þrepum og hættusvæði A, B og C afmörkuð. Hættan er minnst á A-svæði og mest á C-svæði.

Péttbýlissuppráttur: Aðstaða fyrir slökkvibíl og fleiri öryggistæki er á Drangnesi (ÞS10).

Landnotkun vegna náttúruvár

Sveitarfélagsuppráttur:

Nr	Svæði undir náttúruvá	Lýsing svæðis
NV1	Snjóflóðhætta á eyðijörðinni Goðdal	Stórt og mjög alvarlegt snjóflóð féll þar árið 1948.
NV2	Snjóflóðhætta á eyðijörðinni Kaldbaksvík	Snjóflóð braut norðurhlöð hússins veturinn 1955 og vitað er um eldri dæmi um skemmdir á mannvikjum á jörðinni.

Péttbýlissuppráttur:

Nr	Svæði undir náttúruvá	Lýsing svæðis
NV3	Snjóflóðhætta við Aðalbraut og við Grundargötu	Snjóflóð hafa fallið á þessum stöðum og nú hefur verið unnið snjóflóðamat á þessum stöðum. Vitnað er í texta matstillögunnar hér á undan.
NV4	Landbrot við Grundargötu, sjóvarnargarðar	Tveir sjóvarnargarðar hafa verið greðir við Grundargötu, annar 40 m á lengd en hinn 150 m. Hugsanlegt er talið að byggja þurfi frekari sjóvarnir í framhaldi af þeim sem fyrir eru við Grundargötu.

Sjá einnig kafla nr. 4.5 um flóð og kafla nr. 4.6 um jarðskjálfta.

Skýringar: Svæði undir náttúruvá eru sýnd á sveitarfélagsuppráttum sem rauðar lóðréttar línur.

Sveitarfélagsuppdráttur			
Landnotkun	Svæði	Landnotkun	Svæði
Landbúnaðarsvæði		Efnistökusvæði	
Meginsvæði hreppsins	LS	Þjarnarfjarðará	ES1
Þéttbýlissvæði		Skarðsnáma	ES2
Þéttbýlið á Drangnesi	ÞB	Hallardalsá	ES3
Frístundasvæði		Eyjanáma	ES4
Í landi Klúku	FS1	Pverbrekkur	ES5
Í landi Sunddals	FS2	Árholt	ES6
Í landi Goðdals	FS3	Kleifar/Kvíahryggur	ES7
Í landi Svanshóls	FS4	Reykjarnes	ES8
Í landi Bassastaða	FS5	Utan Birgisdalsár	ES9
Í landi Sandness	FS6	Reiðholt	ES10
Í landi Hveravíkur	FS7	Bæjarland, neðan vegar	ES11
Í landi Bæjar 1	FS8	Bæjarland, ofan vegar	ES12
Í landi Skarðs, tvö svæði	FS9	Göngustaðará	ES13
Í Kaldbaksvík, tvö svæði	FS10	Kaldrananes, Torfdal	ES14
Friðlýstar fornminjar		Vörðukleif	ES15
Hafnarhólmur	ÞM1	Stekkjarkleif	ES16
Kaldbakur	ÞM2	Verslunar- og þjónustusvæði	
Klúka; Gvendarlaug.	ÞM3	Hótel Laugarhóll	VP1
Svanshóll	ÞM4	Lóð Kotbýlis kuklarans, Klúku	VP2
Svæði fyrir þjónustustofnanir		Svanshóll	VP3
Kirkja á Kaldrananesi	ÞS1	Brúará	VP4
Sundlaug á Klúku	ÞS2	Blönduð landn. á Reykjanesi, ath/versl. þjónusta	AS-VP-1
Vitinn í Grímsey	ÞS3	Opin svæði til sérstakra nota	
Vatnsverndarsvæði		Kirkjugarðurinn á Kaldrananesi	OS1
Vegna Drangnesveitu	VS1	Minnismerki á Skarði	OS2
Vegna Bæjar- og Bakkagerðisveitu	VS2	Iðnaðarsvæði	
Vegna Klúkuveitu	VS3	Iðnaðarlóð í Hveravík	I-1
Vegna veitu í landi Svanshóls, Ötlunardal	VS4	Hverfisverndarsvæði	
Fjarskiptabúnaður		Grímsey	HV1
Við tengiveginn yfir Bassastaðaháls	F-1	Hvalstöð í Hveravík	HV2
Í landi Kleifa	F-2	Skarðsrétt	HV3
Í landi Ásmundarness	F-3	Urriðasel	HV4
Í landi Sandness	F-4	Nesströnd	HV5
Svæði undir náttúruvá		Svæði á náttúruminjaskrá	
Snjóflóðasvæði á jörðinni Goðdal	NV1	Kaldbaksdalur	NMS-327
Snjóflóðasvæði í landi Kaldbaksvíkur	NV2	Í Hveravík	NMS-343
Þéttbýlisuppdráttur			
Landnotkun	Svæði	Landnotkun	Svæði
Íbúðarsvæði		Svæði fyrir þjónustustofnanir	
Efri byggð: Holtagata, Kvíabali og Borgargata	ÍS1	Drangnesskóli/Leikskóli	ÞS4
Byggð vestan hafnarsvæðis, Aðalbraut	ÍS2	Kapellan á Drangnesi	ÞS5
Byggð austan hafnarsvæðis, Grundargata	ÍS3	Samkomuhúsið Baldur	ÞS6
Svæði norðvestan Lækjar	ÍS4	Skrifstofa Kaldrananeshrepps	ÞS7
		Sundlaugin	ÞS8
Iðnaðarsvæði		Vitinn á Drangnesi	ÞS9
Iðnaðarlóð í Kókkálsvík	I-2	Slökkvistöðin	ÞS10
Frystihúslóð við Aðalbraut	I-3	Bókasafn	ÞS11
Svæði við Grundargötu	I-4	Hákarlahjallur, minjar	ÞS12
Vatnsgeymir á Drangnesi	I-5	Heitir pottar fyrir almenning	ÞS13
Sameiginlegar rotþrær/Útrásir	I-6	Verslunar- og þjónustusvæði	
Hitaveituholur DN-7 og DN-16	I-7	Kaupfélagslóð	VP5
Spennistöð	I-8	Ferðaþjónusta við samkomuhúsið Baldur	VP6
Gamlir fiskhjallar	I-9	Ferðaþjónustan Malarhorn	VP7
Svæði ofan Hjalla, austan við vita	I-10	Opin svæði til sérstakra nota	
Athafnasvæði		Íþróttavæðið á Drangnesi	OS3
Vestast við Grundargötu	AS1	Reitur umhverfis Kerlingu	OS4
Blandað svæði	AS2	Samkomusvæði neðan Borgargötu	OS5
Austan við Grundargötu	AS3	Kirkjugarður Drangness	OS6
Geymsluhús	AS4	Skógarreitur austan kirkjugarðs	OS7
Hafnarsvæði		Reitur meðfram Læknum	OS8
Drangsneshöfn	HS1	Tjaldsvæði, við samkomuhús	OS9
Höfnin í Kókkálsvík	HS2	Tjaldsvæði í Illasundt	OS10
Hverfisverndarsvæði		Svæði undir náttúruvá	
Kerlingin	HV6	Snjóflóðasvæði við Aðalbraut og Grundargötu	NV3
Gunnustaðagróf	HV7	Sjóvarmir við Grundargötu	NV4

Tafla nr. 3. Landnotkunartöflur í Kaldrananeshreppi

Unnið: BenBjörnsson/Jenny Jensdóttir.

3.0. Matlýsing og umhverfismat skipulagstillögunnar

Staðfest lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 74/ 24. maí 2005, tóku gildi 1. október 2005. Fyrstu lög sem tóku til umhverfismats voru staðfest árið 1993.

Í 1. gr. laganna segir efnislega að markmið þeirra sé, að tryggja að áður en leyfi sé veitt fyrir framkvæmd, vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs og sem hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar. Stuðlað sé að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða. Kynnt sé fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og mótvægis- aðgerðir kynntar vegna þeirra og að almenningur komi að athugasemdum og upplýsingum áður en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar er kveðinn upp.

Lög þessi gilda um allar framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif hvort heldur er á landi, í landhelgi, lofthelgi eða í mengunarlögsögu Íslands.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 400/98 skal meta áhrif skipulagstillagna og einstakra markmiða þeirra á umhverfið, m.a. með því að bera saman mismunandi kosti. Lýsa skal þeim kostum sem til greina koma varðandi staðsetningu og útfærslu byggðar og einstakra framkvæmda og þeir bornir saman m.t.t. áhrifa á umhverfið, m.a. með tilliti til sérkenna einstakra svæða. Þetta getur átt við um tegund landnotkunar og þéttleika byggðar. Leitast skal við að nýta mat á umhverfisáhrifum mismunandi landnotkunar- og framkvæmdakosta og skipulagstillögunnar í heild til að tryggja að tillit sé tekið til umhverfissjónarmiða. Gætt sé samræmis við meginmarkmið skipulagstillögunnar og markmið laganna nr. 106/2000, m.br. nr. 74/2005. Í skipulagstillögu skal gera grein fyrir þeim framkvæmdum sem eru fyrirhugaðar og háðar mati á umhverfisáhrifum. Fram skal koma hvort mat á umhverfisáhrifum hafi þegar farið fram á einstökum fyrirhuguðum framkvæmdum og hver niðurstaða þess hafi verið. Þá skal einnig koma fram í skipulagstillögu hvaða aðrar framkvæmdir sem stefnt er að samkvæmt skipulagstillögunni verði ekki heimilaðar nema að undangengnu mati á umhverfisáhrifum.

Í Kaldrananeshreppi hefur ein framkvæmd farið í umhverfismat framkvæmda, en það er vegurinn um Selströnd. Þessi vinna fór fram árin 1994 til 1995.

Í Aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030 ekki ekki talið að tilkynna þurfi framkvæmdir vegna fyrirhugaðra framkvæmda sem fram koma í skipulagstillögunni.

Efnistöku þarf að tilkynna ef vissar forsendur liggja fyrir, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, m.br. nr. 74/2005. Stærð svæða og rúmtak efnistöknar ráða þessu og frekari takmörkun við efnisvinnslu gildir um vernduð svæði.

Til að auðvelda mat á einstökum markmiðum skipulagstillögunnar og samanburð á valkostum er unnt að setja matið fram í texta og venslatöflum. Þetta hefur verið gert í kafla 2 og þar eru tekin fyrir nokkur meginatriði er varðandi landnotkun. Lagt er gróft mat á umhverfisáhrif einstakra markmiða skipulagstillögunnar út frá umhverfisvísunum sem gefur síðan ákveðna mynd af umhverfi skipulagssvæðisins. Með venslatöflum er ekki gerð ítarleg grein fyrir umhverfisáhrifum heldur eru dregnar fram meginlínur.

Lýsing á skipulagsvinnunni og efnistöku varðandi hana:

Vinnan við aðalskipulagið hófst fyrri hluta árs 2008 og ýmsar meginlínur varðandi skipulagsáætlunina lágu fyrir mjög snemma í ferlinu. Komu þær m.a. fram í frumdrögum sem birt voru í október þetta ár. Þá var sent út bréf með könnun á áformum landeigenda; bújarða, landsskika og lóða, utan þéttbýlis. Þar var spurt um áform um breytta landnotkun og skyld atriði. Strax og hin fyrstu drög lágu fyrir var hafist handa um kynningu helstu atriða sem lögð voru til grundvallar í tillögugerðinni. Í ferð sem farin var um miðjan september 2009 var fundað með hreppsnefnd og fagnefndum um framvindu vinnunnar og farnar voru vettvangsferðir. Áður en skipulagstillagan var sent til umsagnar hafði hún fengið umfjöllun hjá íbúum í heimabyggð sem og ýmsum stofnunum, s.s. Vegagerðinni, Skjólaskógunum, Siglingastofnun o.fl. Í skipulagstillögunni er ekki gert ráð fyrir framkvæmdum sem eru matsskyldar, samanber umfjöllun hér á undan. Í þéttbýlinu á Drangnesi er fremur dregið úr umfangi landnotkunar frá gildandi aðalskipulagi. Ríkuleg áhersla er lögð á verndun svæða með hverfisvernd og fornleifaskráning hefur farið fram, sem hefur einnig áhrif á landnotkun í sveitarfélaginu.

4.0 Náttúrufar

4.1 Staðhátalýsing

Strandasýsla liggur að vestanverðum Húnaflóa, nær frá Geirólfsgrúpi að norðan að Hrutafjarðará og Holtavörðuheiði að sunnan. Sýslan er 2630 km². Stærð Kaldrananeshrepps er 387 ferkílómetrar samkvæmt upplýsingum Landmælinga Íslands og öðrum opinberum upplýsingum.

Landslag er víða fagurt og fjölbreytilegt í Kaldrananeshreppi sem er næst nyrsta sveitarfélag Strandasýslu. Norðurmörk eru við Spena undir Skreflufjalli sem einnig er nefnt Kolbeinsvíkurfjall. Speni er höll milli Skreflna og Kolbeinsvíkur. Við Spenann eru hreppsmörk Kaldrananeshrepps og Arneshrepps. Suðurmörk er Selá í Selárdal, þar eru mörk Kaldrananeshrepps og Strandabyggðar.

Hreppurinn er að mestu hálendur, en þar eru þó ekki mörg há fjöll. Mýrlendi er ríkjandi á svæðinu á milli Steingrímsfjarðar og Bjarnarfjarðar.

Nyrst í hreppnum á milli Veðileysufjarðar og Kaldbaksvíkur eru tveir nokkuð háir fjallahnúkar sem heita Kolbeinsvíkurfjall og Skreflufjall, báðir nær 800m yfir sjó. Skreflufjall er þriðji hæsti hnúkur á Ströndum.

Skammt sunnan Kleifa rís Kaldbakshorn nánast lóðrétt frá sjó, rúmlega 500 m á hæð. Þar framan í hyrnunni er svonefnd Svansgjá. Litlu sunnar Kaldbakshorni gengur fram nestangi sem heitir Brimnes. Þaðan liggur ströndin til suðurs og suðvesturs inn á mynni Bjarnarfjarðar. Þar er undirlendisræma, eða strönd, nokkuð breið hið neðra undir lágri og grýttri fjallshlíð með lágri klettabrún efst. Strönd þessi kallast Balar. Sumir telja þó, að öll ströndin frá Veðileysufirði til Bjarnarfjarðar hafi upphaflega verið nefnd Balar, og er það líklegast eftir staðhátum að dæma.

Bjarnarfjörður gengur inn vestur í landið á milli Balafjalla að norðan og Valshöfða að sunnan. Hann er stuttur inn, aðeins um 6 km langur. Og álíka breiður yst. Innan til í firðinum eru nokkrar lágur og flatlendar smáeyjar og hólmar. Fram af firðinum gengur breiður, flatlendur dalur og grösugur, um 6 km langur og nær 2 km á breidd hlíða á milli. Eftir honum rennur nokkuð vatnsmikil á, sem kölluð er Bjarnarfjarðará. Sennilega hefir dalurinn upphaflega verið fjörður, en fyllst upp smám saman af árfamburði. Dalurinn er meðal stærstu dölum á Vestfjörðum. Fram af aðaldalnum ganga tveir minni dalir til norðs. Eystri dalurinn heitir Goðdalur, en Sundalur hinn vestari.

Milli Bjarnarfjarðar að norðan og Steingrímsfjarðar að sunnan er fjallið Bjarnarfjarðarháls. Svonefnt Bæjarfell, sem er beint upp af Drangnesi, er hæsti hnúkurinn á hálsinum og er 345 m yfir sjó. Annars er hæð hálsins frá 150 til 240 m yfir sjó. Eftir endilöngum hálsinum er fjöldi vatna og tjarna, stórum og smáum. Stærsta vatnið heitir Urriðavötn, sem er um tveir km á lengd og rúmlega einn km á breidd. Í því er nokkur silungsveiði. Úr vatninu rennur Urriðá.

Öll norðvestur og norðurströnd Steingrímsfjarðar nefnist einu nafni Selströnd, frá Valshöfða að Selá, sem fellur í fjarðarbotninn norðanverðan. Frá Valshöfða inn að svonefndu Malarhorni liggur ströndin til suðvesturs og þaðan til vesturs inn að svonefndu Reykjarnesi, loks til norðvesturs inn í fjarðarbotn.

Grimsey í mynni Steingrímsfjarðar er stærst eyja fyrir Ströndum, um 50,0 ha, og er með stærri eyjum hér við land. Þar var föst búseta fyrrum og síðar var gert út þaðan að vetrarlagi um árabíl. Viti var þar reistur 1915. Hann eyðilagðist í loftárás Þjóðverja í síðari heimsstyrjöldinni en var endurbyggður 1949. Þar er mikið fuglalíf, lundi, skarfur og álka. Kría hefur ekki sést á síðustu árum en hún var þar algeng áður.. Nokkuð æðarvarp er einnig í eyinni.

Bjarnarfjarðará er fremur stutt, en til hennar falla ár miklu lengra komnar, Sunndalsá og Goðdalsá, sem eru nokkuð langar miðað við aðrar ár á Vestfjörðum. Eftir að þessar ár hafa sameinast bera þær nafnið Bjarnarfjarðará. Vel er gróið meðfram ánni og gott að komast að veiðistöðum. Í ánni er sjóbleikja og veiðin oft ágæt, einnig veiðist þar stundum lax.

Bæjarvötn eru 0,6 km², mjög djúp og í 102 m hæð yfir sjó. Aðrennsli er lítið sjáanlegt, en Göngustaðará rennur frá þeim um Leirtjörn til sjávar í Árvík. Umhverfi þeirra er vel gróið og fagurt. Stór urriði, 2-5 pund, veiðist þar. Fleiri vötn eru á nesinu, s.s. Hamarsvötn, sem góður fiskur er í.

Ásmundarnestjörn er lítil manngerð tjörn í Bjarnarfirði. Í hana hefur verið sleppt eldisfiski.

Ágætan fisk er að hafa úr **Selá**. Í Selárdal er búskapur á einum bæ; Geirmundarstöðum í Strandabyggð.

Gvendarlaug hins góða á Laugarhóli í Bjarnarfirði er eina heita baðlaugin á Ströndum sem kennd er við Guðmund. Í gömlum ritum segir að sæti hafi verið hlaðin umhverfis hana og hægt var að hleypa köldu vatni úr henni að vild. Laugin var endurhlaðin á nýfunda áratugnum og er nú friðlýst. Sagt er að vatnið hafi lækningarmátt og sé sérlega vænlegt gegn augnsjúkdómum. Vatnið úr þessari helgu laug blandast nú við annað vatn sem notað er í sundlauginu á Laugarhóli sem byggð var 1947 og heitir sama nafni.

Þéttbýlið, **Drangnes**, er við mynni Steingrímsfjarðar að norðanverðu. Drangnes dregur nafn sitt af steindrangnum Kerlingu, sem rís lóðrétt til lofts. Þorpsmyndun hófst snemma á 20. öldinni og var þar fyrst sjálfsþurftarbúskapur, þ.e. landbúnaður og útgerð. Lengi var þar engin höfn og lögðu bátar upp í fjörunni og stærri bátar voru hafðir á legufærum úti fyrir. Megin byggðin stendur nú á gömlum sjávarbakka, sem er um 30 m hár yfir sjávarmáli og hefur vaxið til norðurs í áttina að Bæjarfellinu. Elstu húsin standa undir bakkanum, skammt ofan sjávarbakkans, þar eru skólarnir, leik- og grunnskólinn ásamt kapellu. Einnig eru flest athafnahús og þ.h. mannvirki neðan sjávarbakkans.

4.2 Jarðfræði

Jarðlög í Kaldrananeshreppi er dæmigerður tertíer blágrýttisstaflí. Hann er snaraður til austurs og er halli allmikill og eykst inn Selströndina. Aldur þeirra er 10-11 milljón ár. Þykkar setlagasýrpur eru skammt innan og ofan við Drangnes og þar er surtarbrandur áberandi en hann finnst einnig í Grímsey. Í þessum setlögum finnast steingervingar plantna sem eru um 10 milljón ára gamlir. Þar ber mest á risafurum, hlýn, beyki, furutegundum, greni og mörgu fleira sem ekki vex hér í dag. Surtarbrandsnáma var starfrækt í Gunnustaðagróf, skammt frá Drangnesi, á fyrri stríðsárunum.

Jöklar ísaldar hafa rofið og sorfið landið. Dalir eru flestur U-laga mótaðir af stórum skriðjöklum en hvíltir herra í hlíðum eru mótaðar af skálarjöklum. Framhlaup stafa af því að jöklar hafa sorfið brattar hlíðar sem vera óstöðugar þegar jöklarnir hverfa. Með kólnandi loftslagi og aukinni úrkomu hafa jöklar myndast, sem með miklu afrennsli, hafa haft veruleg áhrif á landmótunina. Á ísaldartímabilum jökt jöklafargið og olli sigi miðað við sjávarmál.

Síðar hafa, á tiltölulega skömmum tíma, ár borið talsvert magn af steindum, t.d. Bjarnarfjarðará og Selá.

Berghlaup og smájöklar hafa valdið vissum breytingum, enda eru nokkur berghlaup í norðanverðum Kaldrananeshreppi. Það sem orsakar þessi hlaup virðist vera einhvers konar spennu í jarðlögum, en ýmislegt er þó ókannað um orsakir berghlaupa. Þau skera sig yfirleitt nokkuð vel úr í landslaginu, hólótt og stórgrýtt.

Fyrrum dalbotnajöklar finnast á svæðinu, þeir voru talsvert mismunandi stórir á hverjum tíma, allt eftir hitastigi og úrkomu. Talið er að þeir hafi verið einna stærstir, á síðari öldum, í kring um 1900. Jökulruðningsgarðar eru til merkis um það.

Jarðvegsmyndun hefur átt sér stað á löngum tíma, síðan jökultíma lauk. Þetta lag þekur nú mestan hluta láglandis á svæðinu, ásamt þeirri gróðurþekju sem fylgir, en hún leggur að hluta til þau jarðefni sem safnast hafa. Jarðvegur er í daglegu tali kallaður mold, og er þar um að ræða fíngerð bergefni sem borist hafa með árrennsli og áfoki á jarðvegsgrunninn. Þetta ásamt lífrænum leifum gróðurs og dýralífs mynda moldina (jarðveginn).

Jarðhiti er víða í Kaldrananeshreppi. Hæstur er hiti í Hveravík og í Hveratungum í Kaldbaksvík um 70-80°C. Töluverður jarðhiti er inn allan Kaldbaksvíkurdal. Einnig er jarðhiti í Asparvík á tveimur stöðum. Í Reykjavík er jarðhiti á nokkrum stöðum en hvergi mjög heitt. Í Ásmundarnesi er jarðhiti á tveimur stöðum. Á Klúku, Odda og Svanshóli er mikill jarðhiti en fer þó varla yfir 50°C, rennsli er víða mikið og vafalaust miklir möguleikar með borunum. Yfirfljótanlegt heitt vatn er víða í Goðdal og þar er hiti allt að 50°C. Einnig er hiti í Sunndal á tveimur stöðum. Volgrur eru á allnokkrum stöðum í landi Hvamms og Bakka. Á Kaldrananesi er jarðhiti niður við höfnina og þar í grennd einnig inn við Orrustustaði. Gagnlegar upplýsingar um jarðfræði svæðisins hafa orðið til við boranir á þessum stöðum. Sjá einnig kafla 5.7.2 þar sem fjallað er um nýtingu á heitu vatni og boranir á Drangnesi.

Almennt um jarðveg á Íslandi:

Að stærstum hluta er íslenskur jarðvegur svokölluð eldfjallajörð, sem er sérstök jarðvegsgerð sem myndast á eldfjallasvæðum jarðar (Andosol). Eitt einkenna eldfjallajarðar er mikil frjósemi jarðvegsins, lítil rúmþyngd, en einnig skortur á samloðun sem gerir jarðveginn viðkvæman fyrir roföflunum. Jarðvegur á Íslandi er um margt einstakur, og því veldur sambland áfoks frá auðnum og rofsvæðum og að móðurefni jarðvegsins eru að stærstum hluta gjóska. Jarðvegurinn veðrast auðveldlega og þá myndast nýjar leirsteindir í jarðveginum, einkum allófan, sem er einkennissteind eldfjallajarðar, en einnig imógólít og ferrihýdrít. Þessar steindir móta eiginleika jarðvegsins ásamt lífrænum efnum sem safnast fyrir í jarðveginum. Þessir eiginleikar valda því að þúfnamyndun er mun víðar á Íslandi en annars staðar.

Í **búvísindum** er jarðvegur skilgreindur sem sá hluti jarðefnanna sem plöntur vaxa í og hægt er að vinna með tækjum. Almennari skilgreining, og sú sem hér er notuð, er að jarðvegurinn sé hin lausu og veðruðu jarðefni ásamt misniðurbrotnum lífrænum efnum sem liggja á berggrunninum eða föstu undirlagi. Jarðvegsmyndun hefur átt sér stað á löngum tíma, síðan jökultíma lauk. Þetta lag þekur nú mestan hluta láglandis ásamt þeirri gróðurþekju sem fylgir, en hún leggur að hluta til þau jarðefni sem safnast hafa fyrir.

Jarðveg má flokka á ýmsa vegu, en hér er notuð einföld flokkun sem byggir að mestu á kornastærð og uppruna jarðvegsins. Flokkunin er eftirfarandi:

1.	Mýrajarðvegur:	a) Flóar b) Hallamýrar c) Flæðimýrar	4.	Grýttur jarðvegur:	a) Skriður b) Melar
2.	Móajarðvegur:	a) Fínkorna b) Sendinn	5.	Landsvæði án jarðvegs:	a) Fjalllendi b) Hraun c) Jöklar
3.	Sandjarðvegur:	a) Áreyrar b) Sandur			

Jarðvegsdýpi er mjög mismunandi, en algeng þykkt þess á Vestfjörðum er 0,5 til 1,5 m yfirleitt mest inn til dala en minnkar út til skaganna. Helstu tegundum jarðvegs á Norður-Ströndum er skipt í eftirfarandi flokka:

1. Móajarðvegur; er víða, auðveldur í ræktun, hann er fremur rýr og áburðarfrekur.
2. Hlíðajarðvegur; oftast neðanvert í hlíðum, hann hentar vel til ræktunar.
3. Mýrajarðvegur; í lægðum á láglandi, yfirleitt fremur frjósamur.
4. Óshólmajarðvegur; líkur hlíðajarðvegi, mjög frjósamur, en erfiður í notkun.
5. Melar, sandar, klettur, skriður o.s.frv., eru ríkjandi jarðvegsgerðir ofan til í fjallshlíðum og víðar. Gróður getur oft tekið sér bólfestu í þessum jarðvegi, skriður geta t.d. verið mjög frjósamur jarðvegur.

Jarðvegur á búsvæðum í Kaldrananeshreppi er yfirleitt nokkuð vel fallinn til ræktunar og frjósamur sem fyrr segir, enda eru hinar frjósumu jarðvegsgerðir í miklum meirihluta, þ.e. hlíða- og mýrajarðvegur. Sumur sem stundum eru stutt geta komið í veg fyrir að full uppskera náist á hverju ári.

Efnisinnihald jarðvegsins er töluvert mismunandi á svæðinu eftir jarðvegsflokkum sem ræðst talsvert af hæð yfir sjávarmáli. Uppblásturshætta er lítil í sveitarfélaginu.

Malar- og sandnámum, eða svokölluðum **efnistökusvæðum**, er skipt í tvo flokka, annars vegar tímabundið efnistökusvæði og hins vegar föst efnistökusvæði. Fyrri flokkurinn á stundum lítið erindi inná skipulagsuppdrátt vegna þess hve stutt þær námur eru opnar eða hve litlar þær eru. Algengast er að Vegagerðin notist við þessa gerð efnisnáma. Föst efnistökusvæði eru varanlegri og eru oft í notkun einn eða fleiri áratugi. Efnisnámið er þá yfirleitt unnið af sveitarfélögum. Einnig þekkist að eigendur stjórni efnisnámi og selji framkvæmdaaðila.

Minni háttar námur, til einkanota, teljast ekki með þeim námum sem áður hefur verið fjallað um.

Skilgreindar efnisnámur í Kaldrananeshreppi eru taldar upp í kafla nr. 2.1.5. -Efnistökusvæði.

Vegna framkvæmda við efnistöku við vegagerðar þykir rétt að vísa til nýrrar skýrslu : „*Námur-efnistaka og frágangur.*“ Skýrslan var gefin út af tíu ríkisstofnunum ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

4.3 Lífríki

Náttúran er nokkuð fjölbreytt í Kaldrananeshreppi. Gróður er gróskumeiri en ætla mætti á landsvæði svo norðarlega á Íslandi og er dýralíf fjölskrúðugt, þetta á sérstaklega við um fugla, seli og ref.

Gróðurfar:

Alls eru taldar um 460 tegundir háplantna á Íslandi. Sá gróður á láglendi sem í upphafi búsetu í Kaldrananeshreppi hefur verið mest áberandi eru ýmsar grasategundir. Leifar þessa frumgróðurs sjást víða, enda nokkrir afskekktir staðir í hreppnum. Undirgróður er mosi og fléttur, víða með blómgróðri inn á milli, en lyng er einnig víða að finna. Lyng og fjalldrapi hefur verið ríkjandi gróður ofanvert í fjöllum og fellum. Birkikjarr er talsvert í hreppnum, t.d. í norðanverðum hlíðum Selárdals, en meðfram ánni og í hólum var gróskulegur víðiskógur sem féll talsvert fyrir áratugum, en er nú aftur í framför. Skógarleifar eru einnig í hlíðunum fram Bjarnarfjörðinn og í Tungunni milli dalanna sem ganga fram úr Bjarnarfirði, Sunndals og Goðdals. Í góðum sumrum eru víða góð berjalönd í hreppnum. Ein sjaldgæfa jurta landsins, stinnasef (*Juvus spuarrosus*), vex í Goðdal.

Umtalsverð breyting hefur átt sér stað með rúmlega þúsund ára búsetu í landinu. Stundum hafa menn farið offari gagnvart gróðri og lífríkinu.

Margt er ókannað í **flóru** Strandasýslu. Líklegt er talið er að um 250-300 tegundir blómplantna og byrkninga vaxi villtar á svæðinu, af mosum gætu verið um 250 tegundir og álíka margar tegundir af sveppum. Allmargar grastegundir finnast á svæðinu, bæði villtar og ræktaðar.

Dýralíf:

Selur er algengur við Steingrímsfjörð og hvalur sést nokkuð oft. Fyrir kemur að hvalir leiti í land við ströndina. Síðast gerðist þetta í byrjum ágúst 2009, en þá leitaði stórhveli, líklega steypireyður, upp í land við Hveravík. Með lagni var hægt að bjarga dýrinu og draga það á haf út. Í hafísárum hafa bjarnardýr oft gengið á land á Ströndum.

Helstu landspendýr (villt) eru hagamýs, refur og minkur. Hagamýs eru töluvert algengar víða á svæðinu, refur er algengur en minna er af mink. Rottur hafa ekki numið land í Strandasýslu.

Á Íslandi verpa um 80 tegundir fugla. Auðugasta fluglalífið í Kaldrananeshreppi er í kringum stöku bæi og í björgum. Nokkrar svokallaðar varpeyjar eru undan ströndinni og má í því sambandi nefna Grímsey, sem er í Steingrímsfirði. Æðarfugl er víða algengur. Vissar fuglategundir er staðbundnar í aðalatriðum, s.s. lund sem verpir í Grímsey og drjúgt máva- og lundavarp er þar sem og kríuvarp. Ýmsir mó- og mýrarfuglar eru algengir, einnig skógarþrestir og auðnutittlingar. Hrafnar eru algengir en fátt er af smyrli og fálkum. Ernir urpu stundum í Kaldrananeshreppi eins og örnefni benda til. Eitthvað er um branduglu. Talsvert er af matfugli, þ.e. rjúpu og gæs sem veiddar eru á vissum árstímum. Allmikil lundabyggð er í Grímsey eins og áður segir. Samkvæmt stofnmati er talið að í stærri lundavörpunum í Grímsey, þar sem þéttleiki var mældur, voru 27.148 virkar holur. Í vörpum þar sem þéttleiki var ekki mældur, heldur áætlaður (út frá mældum vörpum), töldust vera 3.592 holur. Áætlað var að þau vörp væru með hliðstæðri skekkju og stærri vörpin og gaf hún bilið 2.795-4.925. Í vörpum þar sem allar holur voru taldar fundust 320 virkar holur sem taldar voru án skekkjumarka. Heildarstærð varpstofnsins í Grímsey var því áætluð 31.060 virkar lundaholur.

Skordýralíf er talið heldur í minna lagi á á vissum stöðum á þessu svæði. Af köngulóm eru nokkrar tegundir sem og land- og vatnasniglum. Um önnur smádýr er tiltölulega lítið rannsakað.

Nokkuð er af bleikju og laxi í Bjarnarfjarðará og Selá. Silungur er einnig í nokkrum vötnum, þekktust eru Kjalavötn, Urriðavötn og vatn neðst í Kaldbaksdal. Víða í lækjum er að finna smásilung og hornsíli, en þau finnast einnig víða í tjörnum.

Flestir helstu nytjafiskar landsins veiðast á miðum sjómanna sem gera út frá Drangnesi. Af bolfiski er þorskur og ýsa drýstur hluti aflans. Sjá einnig kafla 5.6.3, sem fjallar um fiskveiðar og -vinnslu. Stundum verður vart sjaldgæfra fiska í fjörum á Ströndum. Nokkrir slíkir hafa rekið á fjörur í Kaldrananeshreppi, en einnig hafa slíkir fiskar verið veiddir af sjómönnum á fiskimiðum á Húnaflóa.

4.4 Veðurfar



Fremur litlar veðurathuganir hafa farið fram í Kaldrananeshreppi til þessa. Úrkomumælingar voru framkvæmdar á Ytra-Ósi, sunnan Steingrímsfjarðar, í tiltölulega stuttan tíma, en frá árinu 2005 hafa þær farið fram á Bassastöðum, staðsetning: 65°45.803N, 21°41.040V (65.765, 21.687). Næstu alhliða veðurathugunarstöðvar við svæðið var Kjörvogur, sem starfaði á árabílinu 1934 til 1971 og síðan á Gjögri sem hóf starfsemi árið 1971. Skeytastöð er í Litlu-Ávík í Árneshreppi og á Hólmavík. Skeytastöð þýðir að öll veðurskeyti sem send eru þaðan koma fram í útvarpssendingum og textavarpum og fara einnig beint inn á allar dreifingarstöðvar netsins um veður 5 sinnum á sólarhring. Stöðin í Litlu-Ávík er eina mannaða stöðin við vestanverðan Húnaflóa frá Æðey að Hrauni á Skaga. Auk venjubundinna veðurathugana fara fram sjávarhitamælingar og mælingar á lágmarkshita við jörð, auk nauðsynlegs eftirlits með hafis fyrir hafsdeild Veðurstofu Íslands í stöðinni á Litlu-Ávík. Æskilegt væri að veðurathuganir færu fram í hreppnum sjálfum.


Veðurfar hefur mikil áhrif á afkomu fólks á hverjum stað. Þetta á ekki hvað síst við um atvinnuvegi eins og landbúnað og sjávarútveg. Þessar atvinnugreinar stjórna að verulegu leyti af veðurfarslegum skilyrðum. Snjóþýngsli og aðrar hindranir sökum veðurfars hafa mikil áhrif á samgöngur, innan héraðs og utan. Þótt talsverður munur sé að líkindum á veðurtölum á Gjögri og t.d. Drangnesi verður hér tekið mið af þeim enda liggja þar ítarlegust gögn fyrir. Innan sviga eru tölur sem fengnar voru frá Veðurstofunni árið 1994, vegna vinnu við aðalskipulag á þeim tíma. Þetta á aðeins við um tölur sem víkja frá þeim sem gilda um Gjögur.

Hiti: Meðalárshiti á Gjögri mun vera um 2,8°C (3°C). Kaldasti mánuður er febrúar með meðalhita um -1,8°C en hlýjasti mánuður er júlí með um 9,0°C. Hámarkshiti á hverju ári er venjulega á bilinu 14-19°C (16-20°C), en lágmarkshiti er á bilinu -12°C til -17°C. Að jafnaði fer hiti yfir 15°C 7 (10) daga á ári að meðaltali. Frost dagar eru að jafnaði 150-155 á ári en -10°C eða meira eru um 9 dagar á ári að meðaltali. Að jafnaði er síðasta frost að vori í lok maí eða í byrjun júní en fyrsta frost á hausti í lok september eða byrjun október.

Hitamælingar eru almennt gerðar í 2 m hæð yfir jörð. Munurinn á hita í 2 m hæð og hita niður við jörð getur orðið verulegur á kyrrum nóttum og heiðskírnum dögum. Því eru frost dagar við jörð fleiri en í 2 m hæð. Að vetri til fer frost alloft niður fyrir -10°C þótt í 2 m sé frostið minna.

Frosthætta fer mjög eftir landslagi. Hún vex eftir því sem fjær dregur sjó og hærra til fjalla og verður mest í lægðum þar sem loft verður kyrrstætt þegar vindur er hægur.

Einkenni vetrarhita víða á Íslandi öllu eru alltíðar vetrarhlákur, en þó er minna um þær norðan til á landinu en sunnanlands. Hlákur hafa verið stuttar á Gjögri eða aðeins 1 eða 2 dagar í senn í rösklega helming tilvika, en í 5% tilvika stóð hláka í 10 daga eða lengur.



Mynd nr. 1. Hiti, meðaltalstölur, Gjögri 1971-2004.

Heimild: Veðurstofa Íslands.

Miðað við ýmis héruð Norðanlands og á Vestfjörðum er loftslag á norðanverðum Ströndum talsvert kaldara. Í þessu sambandi má nefna að ræktun er erfiðari og vaxtartími skemmri. Venjulega hefst túnsláttur hvað síðast á landinu á þessu svæði. Skógræktarskilyrði hafa verið talin í erfiðara lagi og kalhætta nokkur.


Úrkoma: Úrkoma í Kaldrananeshreppi er breytileg eftir afstöðu til fjalla og hæð yfir sjó. Mælistaðir eru hins vegar of fáir til þess að heildstæð mynd liggi fyrir.

Úrkoma hefur verið mæld á Gjögri í rúm 40 ár og ársúrkoman hefur lítið sem ekkert breyst ef allt tímabilið er borið saman.

Meðalársúrkoma er á milli 700 og 800 mm. Meðalfjöldi úrkomudaga á ári er um 220 og þar af er fjöldi daga þar sem úrkoma er snjór að einhverju leyti 120. Mesta sólarhringsúrkoma er sennilega á bilinu 30 til 60 mm en getur í einstaka tilfellum farið upp fyrir 100 mm. Á íslenskum veðurstöðvum er daglega athugað hve mikill hluti jarðar á stöðinni er hulinn snjó. Síðasta snjókoma er yfirleitt í lok maí eða í byrjun júní, en fyrsti snjór að hausti í september. Alskýjað er að jafnaði 250 daga á ári.

Snjódýptarmælingar eru mjög erfiðar og snjóalög mjög breytileg eftir landslagi. Gera má ráð fyrir að mesta snjódýpt geti víðast orðið 2 m þar sem snjór er jafnfallinn.

Þoka er því aðeins talin í veðurskýrslum að skyggni sé minna en 1 km. Samkvæmt þeirri skilgreiningu var þoka á Gjögri 20-25 daga á ári að meðaltali á tímabilinu. Fjöldi þokudaga er þó mjög misjafn eftir árferði t.d. voru þeir til jafnaðar 30 á ári á haffisárunum 1965-1971. Þoka er tíðari út við sjó heldur en þegar hærra dregur í firði og fjöll.




Mynd nr. 2. Úrkoma, meðaltalstölur, Gjögri 1971-2004.

Heimild: Veðurstofa Íslands

Vindur: Í Kaldrananeshreppi er skjólsælt á nokkrum stöðum. Þó verða fávíðri stöku sinnum hvar sem er í hreppnum. Meðalvindhraði hefur verið á bilinu 4,5 m/sek og upp í 5m/sek. Norðaustan og suðvestanáttir munu vera algengustu vindáttir á svæðinu. Sennilegt er að hvassviðri (8 vindstig 17,2-20,7 m/sek) sé að jafnaði um 30 daga á ári, stormur (9 vindstig 20,8-24,4 m/sek) sé 10-15 daga á ári og rok; (25 m/sek eða meira) sé um 5 daga á ári.

Hvergi er ráðlegt að reikna með mesta meðalvindhraða undir 42 m/sek, út við strendur og þar sem staðhættir magna vind í vissum áttum, þarf að gera ráð fyrir 55-60 m/sek. Landslag hefur mikil áhrif á vindstefnu og kemur það glögggt fram þegar tíðni vindátta er skoðuð. Á köldum vetrardögum gætit víða napurra frálandsvinda.



Mynd nr. 3. Vindur, meðaltalstölur, Gjögri 1971-2004.

Heimild: Veðurstofa Íslands

Mengunarhætta: Í kyrru veðri kemur fyrir að fremur kalt loft er næst jörðu en hlýrra þegar hærra dregur. Við slíkar aðstæður og raunar einnig ef loft kólnar lítið upp á við berst reykur eða önnur mengunarefni ekki hátt upp heldur dreifast lárétt eða safnast á litlu svæði. Lyktar frá húsdýraáburði gætir tímabundið þegar borið er á tún og flög. Lyktar frá hjöllum getur einnig gætt en vandinn er lítið.

Við gerð svæðis- og aðalskipulags skulu skipulagsyfirvöld hafa hliðsjón af loftgæðarannsóknum og álit eftirlitsaðila, sbr. skipulagsreglugerð nr. 318/1985, ásamt síðari breytingum, sé þess þörf.

Hafís: Norðlægar áttir á Ströndum eiga sinn þátt í því að halda hafís á þessu svæði þegar hann er nálægur. Hafís var alltíður við norðanvert landið fyrir á öldum. Á 19. öld er t.d. talið að komið hafi 12 mjög mikil hafísár eða áttunda hvert ár að jafnaði og 43 ár að auki voru ísár (1), þar af rúmlega helmingur talsverð eða mikil. Á síðustu öld hafa mjög mikil ísár við landið hins vegar aðeins verið tvö (1902 og 1968) sé miðað við sams konar skilgreiningu, en ísár að auki 26, flest lítil og nokkur talsverð. Hafísár á tuttugustu öldinni hafa einkum komið á tveimur tímasteiðum, annars vegar á tveimur fyrstu áratugum aldarinnar en hins vegar á árabílinu 1965-1971. Að öðru leyti var tímabilið 1919-1964 ýmist íslítið eða íslaut við landið. Eftir 1971 mætti að auki nefna nokkurt ísár 1979.

Á hafísárum hefur ís oft rekið inn Húnaflóa og hann stundum legið þar langt fram á sumar. Engin úttekt hefur verið gerð svo vitað sé á ísafari á flóanum eða í fjörðum á svæðinu síðustu 110 ár enda er slíkt viðamikil og mjög tímafrekt verkefni, sem útheimtir mikla leit að heimildum og könnun þeirra.

Hafís rekur oftast inn á Húnaflóa á tímabilinu mars til apríl, alloft í febrúar og jafnvel í janúar og nokkur dæmi eru um að ís hafi rekið inn á fjörðinn fyrir áramót (t.d. frá 19. öld) (3). Talið er að ís sem kemur snemma vetrar sé sjaldan mikill og standi yfirleitt stutt við, sbr. máltækið „Sjaldan er mein að miðsvetraris“, en frá því eru þó ýmsar harkalegar undantekningar á miklum ísaárum 19. aldar. Vorísinn er almennt talinn þaulsætnari enda hefur hann alloft verið á flóanum langt fram á sumar, jafnvel fram í byrjun september (1882). Fremur sjaldgæft er að hafís fylli Húnaflóa nema hann verði samfrosta með lagnaðarís.

4.5 Flóð

Vissar veðurastæður skapa oft hættu á snjóflóðum og öðrum ofanflóðum. Hætta á snjóflóðum fylgir oft aftakaveðrum að vetrarlagi með mikilli snjókomu og skafrenningi, en krapaflóð þegar hlánar og rignir niður í snjó. Aurskriður falla í kjölfar stórrigninga og órrar leysingar. Veðurfar ræður því mestu um þessa atburði. Ofanflóð finnast á nokkrum stöðum í Kaldrananeshreppi og er þá sérstaklega um að ræða jarðvegsskriður og snjóflóð.

Ofanflóð eru flokkuð snjóflóð, skriður og svonefnd berg- og framhlaup, en þau verða þegar stórar spildur eða stykki úr fjallahlíðum hlaupa fram.

Í annálum er getið snjóflóða sem valdið hafa tjóni á mönnum, mannvirkjum og búfénaði, en þau eru ekki algeng í Kaldrananeshreppi. Þó hefur eitt alvarlegt snjóflóð fallið þar.

Í bókaflokknum "**Skriðuföll og snjóflóð**" er nokkuð ítarleg umfjöllun um skriður og snjóflóð svo langt aftur í tímann sem annálar ná og allt til árunna 1990 og 1991, útgáfuár bókanna er 1992. Frá útgáfu bókanna (1990 og 1991) greinir frá nokkrum ofanflóðum sem Halldór G. Pétursson jarðfræðingur hefur skrásett allt til ársins 1997.

Þrátt fyrir þessar upplýsingar er nauðsynlegt að kynna sér enn frekar einstök svæði vegna skipulags- tillagna, s.s. vegna frístundabyggingar, vegagerðar, útivistarsvæða eða annarrar landnotkunar.

Hér á eftir er greint frá nokkrum af þeim **snjóflóðum ásamt skriðuföllum og því grjóthruni**, sem fallið hefur í Kaldrananeshreppi frá landnámi til ársins 2001. Stuðst er við heimildir úr áðurnefndum bókaflokkum.

Taka ber fram að hér er um að ræða upptalningu skráðra atburða. Vitað er að nokkrir hafa bjargast úr snjóflóðum í Kaldrananeshreppi. Ekki liggja umfangsmiklar vísindalegar úttektir fyrir varðandi einstök tilvik í öllu sveitarfélaginu, en nú hefur verið unnið lögformlegt hættumat á Drangnesi.

Vísað er til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, og ennfremur til reglugerðar nr. 647/1997 sem fjallar um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Loks skal bent á reglugerð nr. 163/1998, sem tekur á meðferð skipulagstillagna og veitingu byggingarleyfa í sveitarfélögum sem búa

við snjóflóðahættu. Þar sem fyrir liggja niðurstöður Veðurstofu Íslands um hættumat vegna ofanflóða skulu þær birtar sem fylgiskjal með skipulagsáætlun.

Snjóflóð:

1948. Mjög stórt og alvarlegt snjóflóð féll á jörðinni Goðdal, sex manns fórust.
1968 og 1995. Tiltölulega meinlaus snjóflóð féllu á Drangnesi þessi tvö ár. Nokkrar skemmdir hlutust þó af þessum flóðum, útihús féllu, 60 kindur drápu og húsklæðning skemmdist. Í Kaldbaksvík féll snjóflóð árið 1995.

Skriður og grjóthlaup:

1988. Aurskriður féllu úr flestum lækjum á vegkaflanum úr Bjarnarfirði og norður undir Kaldbakshorn. Samtals er talið að 30 skriður hafi fallið á Strandaveg nr. 643 í þessum síðsumarsflóðum.

Það er ljóst að gera þyrfti nánari könnun og skrá ofanflóðahættu á svæðinu, sbr. lög nr. 28. 4. júní 1985, sem fjalla um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Hættumat hefur verið unnið vegna ofanflóða fyrir Drangnes eins og áður segir.

Landbrot vegna sjávarfalla hefur verið nokkuð á Drangnesi, á strandlengjunni við Grundargötu og Aðalbraut. Í októberveðrinu 1995 varð umtalsvert landbrot við Grundargötu, austan hafnar, og voru þá byggðir tveir sjóvarnargarðar, annar 40 m og hinn 150 m á lengd. Hugsanlega þarf að lengja þá.

4.6 Jarðskjálftar

Jarðskjálftahætta í Strandasýslu er hverfandi lítil enda liggur megin jarðskjálftasvæði landsins í umtalsverðri fjarlægð frá mörkum héraðsins. Hætta fer síðan minnkandi eftir því sem norðar dregur.

Kaldrananeshreppur er utan þess svæðis þar sem gera má ráð fyrir stórum jarðskjálftum einu sinni á öld. Þetta svæði flokkast undir álagssvæði 1 (minnst áhætta). Í mestu skjálftum, t.d. 6-7 á Richter kvarða, koma áhrif skjálfta þó fram.

Um mannvirkjagerð á jarðskjálftasvæðum gildir forstaðallinn **EC-8 (ENV 1998): Design provisions for earthquake resistance of structures**, ásamt tilheyrandi þjóðarskjölum. Samkvæmt þjóðarskjali **FS ENV 1998-1-1:1994** er Kaldrananeshreppur á hönnunarhraðasvæðum 0,10 g.

4.7 Náttúruminjar

Umhverfismál og verndun náttúrunnar verða enn mikilvægari í framtíðinni. Á síðari árum hefur umræða farið vaxandi og gripið hefur verið til vissara aðgerða.

Rannsóknir á náttúru Íslands eru mjög misjafnlega langt á veg komnar og ennþá eru víðáttumikil svæði að miklu leyti ókönnuð. Á forgangslista eru oft þau svæði sem þéttbýlust eru eða í nálægð þeirra. Þetta á einnig við um þau svæði sem minjar er að finna, gert er ráð fyrir frístundabyggð eða bændaskógrækt er fyrirhuguð. Tiltölulega lítið hefur verið kannað af náttúrufari í Kaldrananeshreppi.

Lög sem ná til verndunar íslenskrar náttúru tóku fyrst gildi árið 1971, löggin voru endurskoðuð árið 1999. Nú liggur fyrir frumvarp að nýjum lögum um náttúruvernd sem væntanlega verða staðfest árið 2011. Megintilgangur laganna er að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að ekki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Umhverfisstofnun skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og hlutaðeigandi Náttúrustofur og náttúruverndarnefndir sjá um öflun gagna vegna viðbóta og undirbúnings heildarútgáfu náttúruminjaskrár.

Sjöunda útgáfa náttúruminjaskrár sem síðast var gefin út af Náttúruverndarráði árið 1996 kveður á um friðlýst svæði og aðrar skráðar náttúruminjar. Í samræmi við lög um náttúruvernd skal umhverfisráðherra gefa út Náttúruminjaskrá fimmta hvert ár og birta í Stjórnartíðindum. Á Náttúruminjaskrá eru svæði, 402 talsins í landinu öllu, sem ekki eru friðlýst enn sem komið er, en hafa til að bera eitthvað sem er mikils virði og verður ekki bætt sé því raskað. Náttúruminjaskrá er ætlað að marka stefnu í friðlýsingarmálum og að vera grundvöllur að viðræðum við réthafa um þessi efni. Skráin á einnig að vera leiðarvísir varðandi skipulag og notkun lands. Á náttúruminjaskrá eru upplýsingar um stærð og náttúruverndargildi hvers svæðis um sig.

Í Kaldrananeshreppi eru, samkvæmt lögum um náttúruvernd, ekki friðlýst svæði, en tvö svæði eru á náttúruminjaskrá:

1. **Kaldbaksdalur** (NMS-327). (1) Fjalllendið milli Veiðileysu og Kaldbaksdals ásamt honum. Að sunnan ræður lína úr Kaldbakshorni um Sandfell að þríhyrningamælistað (674 m) suðvestan við Hveratungu, Kaldbaksá, þaðan um Strýtu að Bæjará. Norðurmörk fylgja Bæjará í botn Veiðileysu. Fjörur, strandlengja og grunnsævi frá ósi Bæjarár í Veiðileysu að Brimnesi undan Kaldbakshorni. (2) Stórskorið og margbreytilegt landslag. Þetta svæði er að hluta til í Árneshreppi.
2. **Hveravík** (NMS-343). (1) Strandlengja, fjara og grunnsævi frá Reykjanesi að Akranesi. (2) Sérstætt dýralíf vegna jarðhita í sjó.

Um Náttúruverndaráætlun 2009-2012:

Umhverfisstofnun hefur lagt fram tillögu að náttúruverndaráætlun. Friðlýsing svæða ásamt friðlýsingu sjaldgæfra tegunda plantna mun tryggja verndun þeirra tegunda fugla og plantna sem helst eru verndarþurfi á landinu, verndun helstu flokka íslenskra jarðminja, verndun mikilvægustu náttúrlegu birkiskóga landsins og verndun mikilvægra vatnakerfa. Tillögur um svæðisbundna friðun eru ekki í Kaldrananeshreppi.

4.7.1 Hverfisvernd

Hreppsnefnd hefur ákveðið að sjö svæði verði skilgreind sem hverfisverndarsvæði. Þetta eru: Grímsey, Strákatangi við Hveravík, Skarðsrétt, Urriðasel, Nesströnd, Kerlingin og næsta umhverfi á Dranganesi og Gunnustaðagróf.

Jörðin **Grímsey ST-036a** fór í eyði 1710. Grímsey var eign Skálhótsdómkirkju árið 1710 og talin 12 hundruð að dýrleika.[Á.M. VII 372]. Árið 1805 selur Skálhótsstóll eyjuna og frá því er hún talin hluti jarðarinnar Bæjar.[Johnsen 213] „Grímr hét maðr Ingjaldsson, Hróaldssonar ór Haddingjadal, bróðir Ása hersis. Hann fór til Íslands í landaleit ok sigldi fyrir norðan landit. Hann var um veturinn í Grímsey á Steingrímsfirði.” [Ísl.sög. I 60].

Eftirfarandi minjar er að finna í Grímsey

ST-036a:001 bæjarhóll býli. „Bæjarblettur nær inn á Krosskletta vestar en bærinn. Bærinn stóð undir Bæjarhjalla. Á honum er Hærrabæjartún. Þar stóð bærinn áður, síðar fjárhús. Torfbær, minnsta kosti 4 stafgólf byggður í sama stíl og venjulegir sveitabæir með öllum tilheyrandi útihúsum, hlöðu, eldhúsi, skemmu, fjósi.”

ST-036a:002 heimild fjárhús. 38 „Bæjarblettur nær inn á Krosskletta vestar en bærinn. Bærinn stóð undir Bæjarhjalla. Á honum er Hærrabæjartún. Þar stóð bærinn áður, síðar fjárhús.”

ST-036a:003 *Brunnhús* heimild vatnsból. „Þá er Brunnhús og upp af því Brunnhúshvammur.

ST-036a:004 *Lind* heimild vatnsból. „Í túninu er vatnsból, er nefnist Lind.”

ST-036a:005 *Gvendarbrunnur* heimild vatnsból „Ef gengið er í vestur, þegar komið er niður úr klettunum, kemur maður að Gvendarbrunni, sem er þarna neðst í berginu. Það er sagt, að Guðmundur biskup hinn góði hafi vígt þennan brunn.”

ST-036a:006 *Vörðugjá* varða. „Þá er Vörðugjá. Siglingamerki, varða, var vestan við Vörðugjá. Hún var felld, þegar vitinn var byggður 1949.”

ST-036a:007 heimild fjárhús. „Fjárhús og hlaða var upp af Ytritanga (sjá uppdrátt).”

ST-036a:008 *Glaumbær* heimild bústaður. „Sjóbúð úr tímri II, oft kallaður Glaumbær.”

ST-036a:009 heimild fjárhús. „Fjárhús og hlaða IV”

ST-036a:010 heimild fjárhús. „Fjárhús og hlaða IV”

ST-036a:011 heimild lending. „Lending VI.”

Allar heimildir eru úr Örnefnaskrá Grímseyjar.

Strákatangi í Hveravík hefur að geyma áður óþekktar merkar minjar um viðamikla vinnslu erlendra hvalfangara á 17. öld. Þar er einnig að finna kuml frá landnámsöld.

Skarðsrétt er merkilegt mannvirki sem mikilvægt er að halda við. Hringlaga torfrétt, byggð 1916-17.

Urriðasel, þar sér fyrir miklum tóftum og merki þess að um miklar byggingar hafi verið að ræða.

Nesströnd, frá Kaldrananesbæjunum til suðausturs að Valshöfða, hefur að geyma fjölbreytt dýralíf og mikinn reka. Þetta er eitt þeirra svæða sem er lítið raskað.

Verndun „**Kerlingar**” og **nágrennis** byggist einvörðungu á náttúrufarslegum forsendum. Þar er ekki að finna minjar í næsta nágrenni. **Kerlingin** er klettadrangi sem Dranganes ber nafn sitt af.

Gunnustaðagróf, í fyrri heimstyrjöld var þar unninn surtarbrandur. Upprunalegur vegur að námu hefur fundist.

5.0 Byggðaforsendur

5.1 Saga byggðar og þróun, bújarðir fyrr og nú

Elstu heimildir um byggð í Kaldrananeshreppi eru frá 13. öld, þar skal nefnd Landnámabók. Elstu skjalaheimildir um jarðir koma fyrir í Íslendingasögum og öðrum heimildum á 13. öld. Þar eru nefndar jarðir sem líklega hafa flestar komist í byggð löngu fyrir 1300.

Kaldrananeshreppi má skipta í þrjú svæði: Selströnd frá Bassastöðum út með Steingrímsfirði norðanverðum, Bjarnarfjörð frá Kaldrananesi um dalabyggðina að Ásmundarnesi og þriðja svæðið sem kallað er Balar og nær að Eyjum. Kaldbaksvík er þar norðan við. Byggðin er öll við sjó nema sú sem er hluti af Bjarnarfirði. Drangnes, yst við Steingrímsfjörð, er eina þéttbýlið.

Landbúnaðarskilyrði eru nokkuð misjöfn í Kaldrananeshreppi. Syðst í hreppnum, eða frá botni Steingrímsfjarðar og að Bjarnarfirði, einkennist landslagið af bröttum fjöllum, þó ekki háum, sem ná niður að sjó. Túnstæði á þessu svæði eru jafnan fremur lítil, og ræktunarskilyrði takmarkast. Í Bjarnarfirði breytist landslagið og dalurinn sem Bjarnarfjarðará rennur eftir hefur í gegnum tíðina skapað nokkuð góð ræktunarskilyrði og eru jarðir í Bjarnarfirði með stærri tünnum. Svipað á við um jarðirnar í norðanverðum hreppnum eins og í honum sunnanverðum. Frá Bjarnarfirði að Kolbeinsvík er landslag hrjóstrugt og einkennist af snarbröttum og háum fjöllum. Sú búseta sem þróaðist í Kaldrananeshreppi einkenndist af samblandi af landbúnaði og sjávarútvegi. Landbúnaður einn og sér gat ekki framfleytt íbúum hreppsins og urðu bændur því að treysta á sjávarföng og veiðar.

Frá Kolbeinsvík er 4-5 km inn að **Kaldbak**, sem er nyrsti bærinn í Kaldrananeshreppi. Stendur bærinn norðan megin Kaldbaksvíkur. Víkin er allbreið og gengur nokkuð vestur í landið. Fram af henni gengur allangur dalur, sem kallast Kaldbaksdalur. Neðst í Kaldbaksdal er allstórt vatn. Úr því rennur vaðall til sjávar, sjór fellur upp í hann með stórflóði. Nokkur silungsveiði er í vatninu. Á sem rennur eftir Kaldbaksdal og fellur í vatnið, skiptir löndum milli Kaldbaks og **Kleifa**, sem er bær sunnan megin við víkurmynnið.


Önundur tréfótur nam **Kaldbaksvík**, og bjó í Kaldbak til æviloka. Munnmæli segja, að hann sé heygður framarlega í dalnum ásamt fleiri ættingjum sínum, í Grettissögu segir, að Önundur liggi í Tréfótshaugi. Skriður hafa fallið ofan í dalinn, þar sem haugarnir voru og eru þeir að nokkru huldur. Þar má þó sjá nokkuð af fornum mannvirkjum.

Eyðijörðin **Sauratún** er spólkorn úti á hlíðinni. Litlu norðar í hlíðinni var verstöðin Skreflur, sbr. mynd 4, á næstu blaðsíðu.

Nyrzti bær á Bólum heitir **Eyjar**. Bærinn dregur nafn sitt af eyjum og hölmum sem eru þar fyrir landi. Í þeim er mikið æðarvarp. Lunda og kríuvarp er líka ríkulegt í eyjunum. **Asparvík** heitir næsti bær fyrir innan Eyjar, þá kemur **Brúará** sem er næsti bær fyrir innan Asparvík, síðan er **Reykjarvík**. Er hún talin innsti bærinn á Bólum. Reykjarvík stendur við mynni Bjarnarfjarðar að norðanverðu, gegnt Kaldrananesi að sunnan. Áður fyrr hafa sennilega verið hverir eða laugar í vikinni, en nú eru þar engar heitar uppsprettur á þurru landi.

Norðan megin í dalnum upp af Bjarnarfirði eru fimm bærir; **Ásmundarnes** við fjarðarbotn, **Klúka** þar fyrir innan, næst kemur **Oddi**, svo **Svanshóll** og **Goðdalur** fremst í samnefndum dal. Á öllum þessum bæjum er jarðhiti og margar laugar og volgar uppsprettur. Á Klúku er Gvendarlaug. Er talið að Guðmundur biskup góði hafi vígt hana og blessað eins og svo margar aðrar lindir og uppsprettur á Íslandi, sem síðan eru við hann kenndar. Vatnið í Gvendarlaug á Klúku er rúmlega 40°heitt. Svanshóll stendur nokkru framar í dalnum. Bærinn dregur nafn sitt af Svani, hinum fjölkunnuga bragðakarli, sem kunnur er af skemmtilegu ævintýri í Njálu. Þar er laugarvatn, rúmlega 40°heitt. Í fjallinu uppi af bænum er gljúfragjá, sem heitir Svansgjá. Eyðijörðin Halldórsstaðir er í Svanshólslandi, gegnt Skarði að norðan. Bærinn Goðdalur stendur framarlega í samnefndum dal. Þar er að finna heitt vatn. Bærinn fór í eyði í desember 1948, þegar snjóflóð fell á hann úr Hólsfjalli. Sunndalsbærinn stendur neðarlega í dalnum vestan megin árinna sem rennur eftir dalnum. **Skarð** er næsti bær við Sunndal sunnan megin Bjarnarfjarðará. Sunnan megin árinna, gegnt Svanshóli að norðan er kot sem heitir **Hvammur**. Þá er **Bakki** næsti bær sunnan megin árinna, gegnt Klúku að norðan. Höfuðbólið **Kaldrananes** liggur við mynni Bjarnarfjarðar sunnan megin þar hafa hlunnindi verið mikil. Kaldrananes er kirkjustaður, þar var þingstaður hreppsins fyrr á tíð. **Framnes** er nýbýli úr landi Kaldrananes. Á milli Bakka og

Kaldrananes er afar fornt eyðibýli sem nefnist **Urriðasel**, þar hafa verið miklar byggingar eftir vísbendingum á staðnum. Annað eyðibýli, austur á ströndinni á milli Valshöfða og Kaldraness, hét **Suðurrhús**.



Á Selströnd er landnámsjörðin **Bjarnarnes** yst jarða. **Bær** á Selströnd kemur næst og er það búsældarleg jörð. Þar fyrir landi er Grímsey. Nokkru fyrir innan Bæ er Malarhorn, þar er viti eins og í Grímsey. **Grímsey** er kennd við Norðmanninn Grím, sem hafði vetursetu í eyinni með hjúum sínum, af honum eru til ýmsar sagnir. Ferskvatn er af skornum skammti í eyjunni og kemur helst upp í klettunum vestantil, uppsprettan þar heitir Gvendarbrunnur eftir vígslu Guðmundar biskups góða.

Lítill á skiptir Bæjar og Bjarnarneslöndum; heitir hún Göngustaðaá. Dregur hún nafn af fornu eyðibýli, sem var Bæjarmegin við ána, nokkuð langt frá sjó. Kotið hét **Göngustaðir**. Frá Bæ liggur alfaravegur yfir hálsinn að Kaldrananesi. Það er kallaður **Bæjarháls**. **Drangnes** er næsti bærinn fyrir innan Bæ. Bærinn dregur nafn af steindrangi, sem nefndur er Kerling.

Gautshamar er næsta býli fyrir innan Drangnes og eyðijörðin **Sviðningsvík** er talin með Gautshamri. Útræði var fyrrum frá Gautshamri í svonefndu Hamarsbæli. Þar er nú hafnarsvæði Drangness (Kokkálsvík). Fjögur smábýli voru reist í Hafnarhólmslandi. Þau heita: **Dalur**, **Helganes**, **Vík** og **Hraunhellir**. Fjörubeit og útræði voru kostir þessara jarða. **Akranes** er röskri bæjarleið fyrir innan Hafnarhólms. Innanvert við Akranes er vík, sem heitir Hveravík. Þar eru laugar og þar var áður fyrr steipt sundlaug. Nýbýli er í víkinni, sem kallað er **Hveravík**. Nýbýli þetta er í **Kleifalandi**. Innanvert við Hveravík er nestangi, sem heitir **Reykjarnes**. Kleifar er næsti bær innan við Reykjarnes. **Hella** er næsti bærinn fyrir innan Kleifar. Þegar áfram er haldið er komið að bæ, sem heitir **Sandnes**. Landamerki milli Hellsu og Sandness eru við litla á, sem heitir Kolsá. Þar var afar fornt eyðibýli, sem nefnt er **Kolsá**. Önnur eyðihjáleiga í landi **Bassastaða**, nefnd **Örlygsstaðir**, er á milli Sandness og Bassastaða. Tvö eyðibýli eru í landi jarðarinnar. Annað er svonefnd **Hálsgata** og hin eyðijörðin sem hét **Litlakot**. Bassastaðir eiga land að Selá og veiðirétt í henni fyrir sínu landi. Spölkorn fyrir innan Bassastaði endar Selströndin. **Bólstaður** heitir bær austan megin Selár, neðarlega í Selárdalnum. Er það vestasti bærinn í Kaldrananeshreppi. Gamalt eyðibýli er frammi í dalnum Bólstaðar megin og hét **Kópstaðir**, við það er kennt Kópstaðagil. Líklegt er að Selströnd dragi nafn af selamergð, sem hafi haldið sig þar við land.

Á **Drangnesi** var bændabýli fyrrum, en á þriðja áratug síðustu aldar tók að myndast þar vísir að fiskimannaþorpi, þrátt fyrir hafnarleysi, því staðurinn lá vel við til sjósóknar. Þá voru bátar smáir enda þurfti að setja þá upp á land að hverjum róðri enda var þá ekki komin höfn. Árið 1930 voru skráð 11 heimili á Drangnesi með samtals 66 íbúum. Tíu árum síðar hafði þorpsbúum fjölgað í 119. Drangnesingar hafa oft haldið því fram bæði í gamni og alvöru að þeir hafi fundið upp grásleppuna. Alla vega hófst vinnsla grásleppuhrogna til útflutnings á Drangnesi fyrir miðja síðustu öld. Alltaf hafði þó eitthvað verið veitt af henni til matar víða um land fyrir þann tíma.

Talið er að upphaf hákarlaverkunar á Íslandi hafi verið í **Asparvík**.

5.1.1 Menningarminjar

5.1.1.1 Fornminjar - Fornleifar

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 segir m.a.: „Fornleifavernd ríkisins fjallar um og veitir leyfi til allra staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsókna. Fornleifavernd ríkisins er söfnum og öðrum hlutaðeigandi aðilum til ráðgjafar um varðveislu og kynningu menningarsögulegra minja er heyra undir starfssvið hennar. Fornleifavernd ríkisins hefur eftirlit með öllum fornleifarannsóknum og er hlutaðeigandi aðilum til ráðgjafar um skráningu, rannsóknir og varðveislu fornleifa.”

Í IV. kafla þjóðminjalaga er kveðið á um fornleifar en til þeirra teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Fornleifar eru skilgreindar þannig:

- A. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- B. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- C. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- D. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- E. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- F. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjótrú eða þjóðsagnahefð;
- G. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- H. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- I. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr. laganna.

Fornleifavernd ríkisins lætur, eftir föngum, skrá allar þekktar fornleifar og gefur út skrá um friðlýstar fornleifar og skal hún endurskoðuð á þriggja ára fresti.


Skylt er að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Þetta hefur verið gert í Kaldrananeshreppi.

Fornleifavernd ríkisins ákveður hvaða fornleifar skulu friðlýstar. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn tilgreindur svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt. Auðkenna skal friðlýstar fornleifar eða minjasvæði með sérstökum merkjum. Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðlýsinguna.

Fyrstu fornleifarannsóknir fóru fram á tímabilinu 1879-1882 (Kristian Kaalund) og sumrin 1900 og 1905 (Brynjúlfur Jónsson), auk athuganna Finns Jónssonar og Daniels Bruuns sumarið 1907. Þessar rannsóknir voru gerðar á þeirra tíma forsendum, m.t.t. þeirrar söguskoðunar Íslendinga sem þá var viðurkennd, en nú hefur ýmislegt verið endurskoðað varðandi þessi efni. Niðurstöður þessara rannsókna leiddu til friðlýsingar á fjórum stöðum: **Hafnarhólmi, Kaldbak, Klúku og Svanshóli** og eru þessir staðir merktir á aðalskipulagsupprátt, sjá lýsingu í kafla 2.1.2.

Í fornleifaskráningu Kaldrananeshrepps voru skráðar 515 minjastaðir á 26 jörðum. Á þessum minjastöðum sáust leifar fornminja á 189 stöðum en vegna rasks voru margar fornminjar horfnar. Við skráningu fornleifa er notast við tvenns konar flokkun, þ.e. eðli fornleifanna. Með því er reynt að greina á milli hvort á staðnum er mannvirki eða hvort aðeins er vísbending um að mannvirki hafi verið þar eða hvort um er að ræða stað sem tengist þjóðsögum eða markverðum atburðum eða náttúruminjar sem hafa menningarsögulegt gildi. Um skráningu sá **Ragnar Edvardsson**, auk hans hafa allmargir komið að skráningunni, bæði innan- og utansveitarmenn. Sérstaklega skal nefna Magnús Rafnsson og Arnlínu Óladóttur í þessu sambandi.

Hér á undan er birt mynd sem sýnir dreifingu fornminja í Kaldrananeshreppi, sbr. niðurstöður



Mynd nr. 5. Dreifing fornminja í Kaldrananeshreppi, úr Fornleifaskrá. Heimild : Fornleifastofnun Íslands.

Fornleifastofnunar. Í Kaldrananeshreppi hefur orðið verulegur samdráttur í landbúnaði og stafar minjastöðum því ekki jafnmikil hætta og áður af framkvæmdum og ræktun. Mest hætta getur stafað af vegagerð, línun, skógrækt og frístundabyggð. Skógrækt og minjavarsla geta vel farið saman, en erfiðar getur verið með samspil jarðvegsframkvæmda og vörslu minja. Fornleifar þekja brot af fleti mögulegs skógræktarlands og ætti að vera auðvelt að sneiða hjá þeim. Slíkt krefst þess að fornleifastaðir séu þekktir og að skógurinn sé hirtur þannig að hann sái sér ekki sjálfur. Bygging frístundahúss getur valdið miklu alvarlegri spjöllum á fornleifum ef ekki er farið varlega. Þar gildir hinsvegar það sama og með skógrækt ef fornleifastaðir eru þekktir. Með kynningu og viðhaldi geta fornleifastaðir aukið gildi frístundasvæða og aukið verðmæti þeirra frekar en að þær séu andstæðar framkvæmdum. Vegagerð hefur oft valdið allmiklum spjöllum á fornminjum á

Íslandi. Á svæðinu hefur vegagerð norðanvert við Steingrímsfjörð valdið skemmdum og með framhaldi vegagerðar til Drangsness er mikilvægt að vernda minjar. Vegagerð er ekki alltaf af hinu illa þar sem að margar óþekktar fornleifar hafa komið í ljós við lagningu vega, þannig getur lagning vega verið jákvæð. Nauðsynlegt er að vegir sneiði hjá minjum, minjar við vegastæðin geta líka haft kynningargildi. Margar minjar á svæðinu eru hvorki aðgengilegar eða sýnilegar, en full ástæða væri til að koma upplýsingum um þær á framfæri. Þegar skipulögð eru útivistarsvæði, er sjálfsagt að reyna að nýta þær auðlindir sem fyrir eru og fornleifastaðir geta verið áhugaverðir. Til þess að það sé hægt þarf ekki annað en að skrá staðinn, merkja hann svo fólk viti hvar staðurinn er og gera aðgengilegan.

Af hreppsnefndarinnar hálfu hefur ekki ennþá (2010) verið tekin endanleg afstaða til friðlýsingar þeirra minja sem hafa verið skráðar.

5.1.1.2 Húsafríðun

Í húsafríðunarlögum nr. 104/2001 segir í 4. gr.: „Friða má mannvirki, hús eða húshluta, sem hafa menningar sögulegt eða listrænt gildi. Friðun getur náð til nánasta umhverfis friðaðs mannvirkis. Friða má samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðunar um hvert einstakt þeirra. Tilgangur friðunarinnar er að tryggja sem besta varðveislu friðaða mannvirkisins.“

Í 5. gr. segir: "Menntamálaráðherra ákveður friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsafríðunarnefndar. Ráðherra getur að tillögu húsafríðunarnefndar ákveðið að afnema friðun sem byggist á aldursákvæðum 6. gr. Friðun sem ákveðin var í tíð eldri laga heldur gildi sínu."

Í 6. gr. segir: "Öll hús, sem reist eru fyrir 1850, eru friðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918. Eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, er skylt að leita álits hjá húsafríðunarnefnd með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa."

Samkvæmt þessum lögum er Kaldrananeskirkja friðuð.

Skylt er að leita álits húsafríðunarnefndar ef eigendur eftirfarandi mannvirkja hyggjast breyta þeim:

A. Mannvirki byggð fyrir 1850:

Mannvirki/ bújörð	Byggingarár	Upphafleg notun	Núverandi notkun	Ástand
Kaldrananeskirkja	1851 (vígð)	Kirkja	Kirkja	Pokkalegt

Tafla nr. 4. Húsafríðun.

Heimild: Oddviti/Fasteignamat ríkisins.

5.2 Íbúáþróun í Strandasýslu

Í Strandasýslu eru fjögur sveitarfélög: Bæjarhreppur, Strandabyggð, Kaldrananeshreppur og Árneshreppur. Í sýslunni búa um 800 manns.

Í Strandasýslu er tvær atvinnugreinar langstærstar þ.e. landbúnaður og sjávarútvegur. Sjávarútvegur takmarkast að mestu við þéttbýlisstaðina tvo, Hólmavík og Drangnes. Á Norðurfirði er einnig nokkur útgerð. Grásleppuveiðar eru stundaðar tímabundið frá nokkrum stöðum. Í landbúnaði er nær eingöngu um að ræða sauðfjárbúskap nema syðst í sýslunni. Á síðustu árum hefur orðið nokkur uppbygging í ferðaþjónustu í sýslunni og eru bundnar miklar vonir við þróun í þessari atvinnugrein.


Miðstöð þjónustu og verslunar í norðanverðri Strandasýslu er á Hólmavík og þar er opinber þjónusta einnig hlutfallslega umfangsmest.

Frá sjötta áratug síðustu aldar hófst fólksflótti frá Ströndum sem stóð nokkuð lengi, eins og sjá má af mynd nr. 4. Hlutfallsleg fækkun hefur verið talsvert meiri en í öðrum landshlutum þar sem þessi þróun hefur gengið yfir. Ástæður eru margar, en fremur neikvæð efnahags- og atvinnuþróun á svæðinu vegur þó eflaust þyngst. Á síðustu árum hefur verið mikill samdráttur í landbúnaði sem áhrif hefur á íbúáþróun sveitanna og þjónustan við þær hefur dregst saman.

Ef íbúáþróun á Ströndum er borin saman við þróunina á höfuðborgarsvæðinu, eða í nálægð við það, koma fljótt í ljós vissir orsakavaldar. Öll meginuppbygging í eftirfarandi atvinnugreinum hefur átt sér stað á höfuðborgarsvæðinu: Verslun (innflutnings- og heildverslun), fjármagns- og bankaþjónusta (banka- og tryggingafélög), opinber þjónusta (ríkisstofnanir o.fl.) og framleiðsla (orkufrekur iðnaður og stóriðja). Framleiðsla sem síðast er talin er þó núna í uppbyggingu á Austurlandi með Kárahjúkavirkjun og álveri ALCOA á Reyðarfirði.

Á tveimur síðustu áratugum hefur mikil umræða farið fram um þessi mál og ýmsar tillögur komið fram um breyttar áherslur í byggðamálum, en raunverulegar aðgerðir af hálfu ríkisvaldsins hafa verið litlar.

Hætt er við að í dreifbýli sýslunnar verði stöðnun eða jafnvel samdráttur ef lítið breytist í atvinnumálum svæðisins og ef grundvöllur fyrir landbúnaði verður lakari heldur en nú er. Ferðaþjónustan gefur þó góðar vonir um auknar tekjur og bætta afkomu, vandinn er þó sá að störf við ferðaþjónustu er takmarkaður við stuttan tíma. Á síðustu árum hefur verið umtalsverð uppbygging í ferðaþjónustu í sýslunni, sem byggist á ýmsum forsendum. Ýmist eru um að ræða endurnýjun eldri húsa, ný og sérhönnuð hús eða smáhýsi.




Mynd nr. 6. Íbúáþróun í Strandasýslu 1990-2004.

Heimild: Bygðastofnun.

5.3 Íbúapróun í Kaldraneshreppi

Mikil umsvif voru á Drangnesi í tengslum við úterð og fiskvinnslu á 4. og 5. áratug þessara aldar. Fólki fjölgaði jafnt og þétt og voru íbúar þorpsins komnir á þriðja hundraðið um 1950. En um það leyti dróst veiði á Húnaflóa mjög saman og fækkaði þá fólki mjög mikið næstu árin á Drangnesi eins og eðlilegt var, þar sem atvinna þorpsins byggðist á sjávarútvegi. Fólki fækkaði um meira en helming, en það sem bjargaði staðnum frá því að leggjast endanlega af var að rækjuveiðar hófust á Húnaflóa á sjöunda áratugnum og hleyptu þær nýju lífi í byggðina. Atvinna varð næg, ungt fólk settist að á staðnum og uppbygging hófst að nýju.

Á síðustu árum virðist nálægð við höfuðborgarsvæðið skipta landsmenn miklu máli. Þetta kann þó að vera tímabundið ástand þar eð viss áhugi virðist vera að vakna fyrir því að eiga athvarf utan þess. Nú virðist vera vaxandi eftirspurn eftir jörðum og landskikum í meiri fjarlægð en áður var.



Mynd nr. 7. Fólksflutningar í Kaldraneshreppi 1986-2003.


Heimild: Bygðastofnun.

Á árabílinu 1997 til 2009 fækkaði íbúum um 19,7% í hreppnum, þetta voru 28 einstaklingar. Á þessum árum var einnig um að ræða lítilháttar aðflutning til sveitarfélagsins þannig að uppgjörstölur eru ekki eins neikvæðar eins og ella hefði orðið. Þessi þróunin var í nokkru samræmi við það sem almennt gerðist í þjóðfélaginu, þ.e. fólk fluttist til höfuðborgarsvæðisins, en hlutfallstölur eru langt umfram þetta meðaltal. Landsmeðaltal fjölgunar á ári var á öllu tímabilinu um 1,1% en í Kaldraneshreppi var þessi tala um -2,8%. Landsmeðaltal fjölgunar hefur breyst eftir hrúnið 2008.

Ár	Íbúatala	Árleg breyting	%Breyt.	%Breyt. landsins
1997	142			0,7
1998	142	0	0	1,2
1999	144	2	1,4	1,5
2000	131	-13	-9,0	1,12
2001	132	1	0,8	0,66
2002	132	0	0	0,72
2003	125	-7	-5,3	0,7
2004	117	-8	-6,4	1,2
2005	112	-5	-4,3	
2006	101	-11	-9,8	
2007	102	1	1	
2008	110	8	7,8	
2009	114	4	3,5	
Alls	Fækkun 28		19,7	

Tafla nr. 5. Íbúapróun í Kaldraneshreppi 1997-2009.

Heimild: Bygðastofnun/Hagstofan.



Mynd nr. 8. Íbúapróun í Kaldraneshreppi, framreikningur til 2027. Heimild: Bygðastofnun.


		0,50%	1,00%	1,50%
Árið 2007	Íbúar	102		
Árið 2012	Íbúar	105	107	110
Árið 2017	Íbúar	107	112	117
Árið 2022	Íbúar	110	117	125
Árið 2027	Íbúar	112	122	133

Tafla nr. 6. Spá um íbúáþróun. Heimild: BB

Gert er ráð fyrir nokkurri íbúafjölgun í Kaldrananeshreppi á skipulagstímabilinu. Eins og annars staðar kemur fram í greinargerðinni er miðað við fólksfjöldaþróun á bilinu 0,5% - 1,5%.

Miðað við lægstu tölu (0,5%) verða íbúar í Kaldrananeshreppi 112 í lok skipulagstímabilsins, miðað við 1,0% aukningu verða íbúarnir 122 og miðað við 1,5% verða þeir 133. Erfitt er að segja um

hvort spá þessi rætist, en í aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir að grundvöllur verði fyrir þessari þróun og jákvætt væri, að flestra mati, ef fjölgunin yrði meiri.



Mynd nr. 9. Íbúáþróun í Kaldrananeshreppi 1997-2008.

Heimild: Bygðastofnun/ Hagstofan

5.3.1 Aldurs- og kynjaskipting


Árið 2007 voru íbúar Kaldrananeshrepps 102, þá voru 23,5% íbúa hreppsins í aldurshópnum 0 - 19 ára, í aldurshópnum 20 til 39 ára voru þá 17,6%, í aldurshópnum 40 til 59 ára voru 36,3%, í aldurshópnum 60 til 79 voru 18,6%. Meðalaldur er nokkuð hár í Kaldrananeshreppi eða 43,5 ár, meðalaldur á landsvísi er 35,7 ár.

Aldurshópur	Karlar	Konur	Samtals
0-4	1	2	3
5-9	5	4	9
10-14	2	4	6
15-19	1	5	6
20-24	2	2	4
25-29	3	3	6
30-34	3	3	6
35-39	1	1	2
40-44	3	3	6
45-49	4	3	7
50-54	5	5	10
55-59	9	5	14
60-64	4	5	9
65-69	1	2	3
70-74	3	1	4
75-79	3	0	3
80-84	1	2	3
85-89	0	0	0
90-94	0	0	0
95-99	0	1	1
Samtals	51	51	102

Tafla nr. 7. Aldurskipting í Kaldrananeshreppi 2007.

Hlutfall ungs fólks er um landsmeðaltal í sveitarfélaginu. Búast má við að meðalaldur geti hækkað nokkuð á skipulagstímabilinu. Einnig er það greinilegt að það vantar nokkuð í vissa árganga, meðan aðrir eru hlutfallslega mjög stórir og algjört jafnvægi er á milli kynja. Algengt er í sveitarfélögum af þessari stærð að nokkuð ójafnvægi sé í aldurshópum og kynjum. Í heildina má segja að aldursdreifing sé nokkuð skekkt og vantar bæði í yngstu og elstu aldurshópnum. Konur voru 5,8% fleiri heldur en karlar 1. des. 2006 sem er óvenjulegt miðað við það sem almennt gerist á landsbyggðinni. Algengara er að karlar séu í nokkrum meirihluta.

Tafla nr. 7 og mynd nr. 10 sýna aldurskiptingu og íbúafjölda í Kaldrananeshreppi árið 2007.



Mynd nr. 10. Aldurskipting í Kaldrananeshreppi 2007.

Heimild: Byggðastofnun.

5.4 Mælingar og eldri skipulagsáætlanir

- 1944** Skipulagsnefnd lagði til að Drangsneshreppur skyldi mælt og í framhaldi af því yrði gerður skipulagsuppráttur. Vissir áreksrar voru í byggingarnefnd um tiltekin mál sem þurfti að leysa.
- 1945** Oddviti óskaði eftir því við formann Skipulagsnefndar ríkisins að hann gerist eins konar sáttasemjari í málinu.
- 1947** Fyrsti skipulagsuppráttur með greinargerð var sendur til Drangsness.
- 1949** Heimamenn sendu stutta greinargerð til Skipulagsnefndar ríkisins vegna skipulagsuppráttarins. Síðar var samþykkt hreppsnefndar send Skipulagsnefnd ríkisins.
- 1954** Nýtt grunnkort var unnið sem nota skyldi til skipulagsgerðar.
- 1965** Loftmyndir voru teknar af Drangsnesi og nágrenni.
- 1973** Oddviti óskar eftir því að Kaldrananeshreppur verði gerður skipulagskyldur. Skipulagsstjórn og Félagsmálaráðuneytið samþykktu þetta erindi.
- 1976** Skipulagstillaga var send til hreppsnefndar þar sem aðaláhersla var lögð á staðsetningu nýs frystihúss og legu þjóveggar í gegnum þorpið. Hið eldra frystihús hafði þá brunnið. Tillaga um staðsetningu rafstöðvar var send til hreppsnefndar.
- 1977** Vegagerð ríkisins tók ákvörðun um vegastæði í gegnum þorpið eins og það er nú. Ýmis mál voru tekin til athugunar, af hálfu byggingar- og hreppsnefndar, um byggingar og önnur mannvirki.
- 1980** Hreppsnefnd var boðin þátttaka í kostun loftmynda. Hafnarvog var staðsett.
- 1981** Formaður byggingarnefndar óskaði eftir umsögn um tvær lóðir fyrir útgerð og fiskvinnslu innan við Kerlingu. Skipulag ríkisins veitti jákvæða umsögn um málið. Loftmyndataka og kortagerð á vegum verkfræðistofunnar Hnitar hf var samþykkt af hreppsnefnd.
- 1983** Breytt og leiðrétt skipulagskort var sent frá Skipulagi ríkisins. Það gerði ráð fyrir fjölgun íbúðarhúsaloða, stækkun frystihúsaloðar og með breytingu á gatnakerfinu.
- 1985** Sent var frumtillaga að Aðalskipulagi Drangsness 1986-2006. Síðar kom ný tillaga með aukinni íbúðarbyggð.
- 1987** Aðalskipulagið var staðfest árið 1987.
- 1992** Bréf sent hreppsnefnd þar sem grundvallaratriði fyrir endurskoðun Aðalskipulags Kaldrananeshrepps var reifað í sjö liðum. Þetta bréf var árangur af fundi sem haldinn var á Drangsnesi hinn 14. september 1992.
- 1994** Hafin var vinna við endurskoðun aðalskipulagsins sem lauk árið 1996. Ýmsar breytingar voru gerðar á aðalskipulaginu sem þó voru ekki umfangsmiklar. Stækkun íbúðarsvæðis var helsta breytingin.
- 2003** Deiliskipulag samþykkt í landi Klúku.
- 2008** Hafin var vinna á ný við endurskoðun aðalskipulagsins sem nær til alls sveitarfélagsins, samkv. lögum nr. 73/1997, m.s.br., en afgreitt í samr. við skipulagslög nr. 123/2010.
- 2010** Unninn deiliskipulagsuppráttur í landi Svanshóls.

5.5 Íbúabyggð

5.5.0 Almennt

Eins og áður hefur komið fram hófst búseta í Kaldrananeshreppi þegar á landnáms tíð og þá fljótlega voru nokkrar bújarðir orðnar þekktar og þótti Kaldrananeshreppur góður búsetukostur.

5.5.1 Núverandi húsnæði og aðrar fasteignir

Samkvæmt fasteignamati eru 118 metnar lóðir í hreppnum. Stærð framlagningarskrár er 454 matseiningar. Stærð fasteigna er 100.651,8 rúmmetrar. Stærð ræktaðs lands í Kaldrananeshreppi er 343,3 ha.


* Samkvæmt talningu á íbúðarhúsum á bújörðum og stökum lóðum eru þau **xx** talsins. Í vissum tilfellum er fleiri en ein íbúð í húsi (sjá töflu nr. 10).

Yfirlit um áætlað fasteignamat og stærðir fasteigna ársins 2007 í Kaldrananeshreppi er sýnt á töflu nr. 8 og mynd nr. 10.

Tegund eigna	Fjöldi	Flatarmál
* Íbúðir íb.herbergi	59	7.747
Ræktun	29	0
Hlunnindi	44	0
Önnur mannvirki	165	16.108
Óbyggðar lóðir	33	0
Jarðir	35	0
Samtals	365	23.855

Tafla nr. 8. Fjöldi og stærðir fasteigna í Kaldrananeshreppi.

Heimild: Fasteignamat ríkisins



Mynd nr. 10. Fasteignaskrá, eftir fjölda skráninga í Kaldrananeshreppi.

Heimild: Fasteignamat ríkisins.

Staður/bújörð	Stærð	Íb.h	Geymsla	Útihús	Fríst.h	Þjónusta	Stofnanir	Athafnah.	Annað
Ásmundarnes		1	2					Klakhús	
Bakkagerði		1		4	1			Sjóhús	
Bakki		1	3		1				
Bassastaðir		1	2	5					Endurv.
Bjarnarfjörður-viti							Viti		
Bjarnarnes				1					
Bólstaður									
Bær 1		1		1					
Bær 2					3				
Bær 3		1	1	5	1				
Eyjar 1			1		1			Fiskverkun	
Eyjar 2			2		1				
Framnes		1		1					
Drangsnæs (mýrar)				1					
Gautshamar				2	1				
Goðdalur					5				
Grímsey-Vestur							Viti		
Hafnarhólmur		1			5				
Hamarsbæli (Gautshamar)		1							

Staður/bújörð	Stærð	Íb.h	Geymsla	Útihús	Fríst.h	Þjónusta	Stofnanir	Athafnah.	Annað
Hella	959 ha	2	1	4				Smíðaskáli	
Hóll (Svanshóll)		1							
Hvammur					2				
Hveravík		1	1						
Kaldrananes 1	12 ha	1	1	2			Kirkja		
Kaldrananes 2	2.655	2	1	4	2				
Kleifar á Selströnd		2	1		2				Dæluh.
Kleifar í Kaldbaksvík	655 ha		1		2				
Klettakot					1				
Klúka	212 ha	1		1					
Kvíaból (Kaldbaksvík)					1				
Laugarhóll hótél						Hótél			Sundl.
Malarhorn							Viti		
Mýrar		1		1					
Mýrarstekkur		1	1						
Oddi		2	3	6					
Pöntun/Bakkalandi		1							
Reykjarvík		1	2						
Sandnes	1.134								
Skarð					1				Rétt
Steinholt í Svanshólslandi		1							
Sunnalur					4			Sjóhús	
Svansbúð (Kaldbaksvík)			1		1				
Svanshóll	3.345	1	1	5					
Vík			1		1				
Samtölur		27	26	43	35	1	4	5	4

Tafla nr. 9. Samantekt fasteigna á jörðum, utan Drangsness.

Unnið úr fasteignaskrá: BB.

Þessi samantekt sýnir, í stórum dráttum, hvernig metnar fasteignir dreifast í sveitarfélaginu, utan Drangsness. Nokkrar fasteignanna eru lítið nýttar í dag og í misjöfnu ástandi. *Fyrrum bújarðir tilheyra þeim jörðum sem koma innan sviga við hlið þeirra í töflu.

5.5.1.1 Núverandi íbúðarhúsnæði

Aldursbil	Fjöldi íb. á tímabilinu	Meðaltal heildarfj.
Fyrir 1920	6	6,82%
1920-1930	6	6,82%
1931-1940	9	10,23%
1941-1950	24	27,27%
1951-1960	10	11,36%
1961-1970	9	10,23%
1971-1980	12	13,64%
1981-1990	12	13,64%
1991-2009	0	0
Samtals	88	

Tafla nr. 10. Meðaltal fullgerðra íbúða, sem nú eru að hluta til skilgreind frístundahús. BB.


Í Kaldrananeshreppi voru 59 fullgerðar heilsársíbúðir skráðar í árslok 2009 og íbúafjöldinn var þá 117, meðalíbúafjöldi á íbúð var því tveir. Eins og sést á töflu nr. 10 hafa tímabil uppbyggingar íbúðarhúsa verið nokkuð mismunandi hvað fjölda snertir.

Frá 1920 hefur mesta uppbyggingarskeiðið verið á tímabilinu frá 1941 til 1950, en þá var um þriðjungur allra íbúða byggður í hreppnum. Á tímabilinu 1971-1990 var jafn nokkuð mikið byggt eða samtals tuttugu og fjögur hús á helmingi lengri tíma. Eins og sést á töflu nr. 10 hafa verið byggðar tæplega 90 íbúðir á jafnlöngu árabili. Af þeim eru nú 59 íbúðir skráðar sem slíkar og um 30 hafa verið afskráðar eða nýttar til annarra þarfa, t.d. sem frístundahús.

Eðlilegt er að ein til þrjár íbúðir séu byggðar á áratug, miðað við fjölgun íbúa og viðhald eldri húsa. Það er einnig athyglisvert að meðaltal íbúa á íbúð í Kaldrananeshreppi er hlutfallslega mjög lágt eða um tveir íbúar/ íbúð.

Nokkur þeirra íbúðarhúsa sem fram koma í töflum 9 og 10 og mynd nr. 12 eru nú skilgreind sem frístundahús.

Á Drangnesi voru flest íbúðarhúsin við Aðalbraut byggð á fimmta áratugnum og hið sama gildir um Grundargötu. Húsin ofan brekku eru flest byggð á tímabilinu frá 1975 til 1985.



Mynd nr. 12. Uppbygging íbúðarhúsa í hreppnum eftir tímabilum.

Heimild: Fasteignamat ríkisins.

5.5.2 Húsnæði og landnotkun

Ef framreikningur íbúðafjölda á skipulagstímabilinu er hóflegur og miðað er við 0,5% fjölgun þá er þörf á 3 nýjum íbúðum á þessu tímabili og er þá reiknað með 3,0 íbúum að meðaltali í hverri íbúð. Verði fjölgunin 1% þarf 6 nýjar íbúðir en með 1,5% fjölgun þyrfti 10 íbúðir.

Auk þessa þarf að gera ráð fyrir vissri endurnýjun eldri húsa, sbr. kafla 5.5.1.1.

Forsendur fyrir íbúðaspár byggjast einkum á áhrifum fólksfjöldabreytinga á byggingarpörfina. Vissir annmarkar geta þó komið fram við þessa spá og mætti í þessu sambandi nefna þrjá þætti:

1. Tölur um fjölda íbúða eru ekki allveg nákvæmar, stundum spurning um skilgreiningu.
2. Forsendur um íbúðartíðni eftir aldurshópum eru óvissar.
3. Þörfin fyrir íbúðir eftir landshlutum getur verið mismunandi, m.a. vegna mismunandi félagslegra aðstæðna.

Aðalatriðið varðandi íbúðarspár er þó að kanna hvort um sé að ræða uppsafnaða þörf fyrir húsnæði eða hvort rýmkað hafi um vegna mikilla íbúðarbygginga eða brottflutnings úr viðkomandi sveitarfélagi.

Á því skipulagstímabili sem framundan er má gera ráð fyrir að eitthvað íbúðarrými verði aflagt eða nýtt til annarrar starfsemi starfsemi.

Í aðalskipulaginu er ekki gerð sérstök grein fyrir nýtingarhlutfalli þessara reita, þar sem gert er ráð fyrir að það verði ákveðið nánar í deiliskipulagi.

5.6 Atvinnulíf

5.6.1. Almenn um atvinnulífið

Í Kaldrananeshreppi mótast atvinnulífið þannig að fiskveiðar og -vinnsla og landbúnaður eru mikilvægastu atvinnugreinarnar. Flest störf eru í fiskveiðum og -vinnslu (smáútgerð) eða 35%. Samhliða landbúnaði, sem byggist í grunninn á sauðfjárrækt, skapast nokkur vinna við hlunnindatekju, aðallega horgnkelsaveiðar. Heldur hefur dregist saman í báðum þessum greinum hin síðari árin. Vöxtur hefur verið allmikill í ferðaþjónustu og binda menn vonir við að sú atvinnugrein eigi góða framtíð fyrir sér. Störf við opinbera þjónustu eru fá og bundin við skólastarfið og aðra mjög takmarkaða þjónustu. Fyrir nokkrum árum var rekstri rækjuvinnslu hætt og hafði það mjög neikvæð áhrif á atvinnumál í hreppnum. Úr þessu gæti þó ræst á ný. Ræktun kræklinga (*Mytilus edulis*) og fiskeldi hefur verið í þróun á síðustu árum og skapað störf og tekjur. Samtals eru 11 fyrirtæki og stofnanir í Kaldrananeshreppi (2010).

Drangnes er útgerðarstaður og afkoma íbúanna þar hefur grundvallast á sjósókn og fiskvinnslu. Í þorpinu sjálfu eru ekki góð hafnarskilyrði, en byggð var góð lífhöfn í Kókkálsvík, nokkuð innan við þorpið. Grásleppuvertíðin á vorin er mikilvæg á Drangnesi.

Þrot bankakerfisins í október 2008 var stærri og afdrifaríkari atburður en gerst hefur mjög lengi á Íslandi. Þetta mun vafalaust hafa veruleg áhrif á alla þróun næstu misserin. Öll starfsemi, sem tengist fjármálum, mun að líkindum laskast með einhverjum hætti vegna þessa atburða.


5.6.2 Ársverk

Fjöldi starfa í Kaldrananeshreppi hefur verið nokkuð mismunandi á milli ára á tímabilinu 1998 til 2004. Störfum fór fækkandi eftir því sem leið á tímabilið, enda einnig orðið fækkun íbúa. Taflan sem kemur hér á eftir er nokkuð sérstök, m.a. fyrir það hversu mikil atvinnusóknin er í sveitarfélaginu. Sem dæmi, þá virðist atvinnusókn árið 2004 vera 67x100/117 sem er 57,3 % af íbúnum við störf í sveitarfélaginu. Þetta er mjög hátt hlutfall. Þetta hlutfall virðist jafnvel hafa verið ennþá hærra sum fyrri ár. Hér hlýtur því að vera um hlutastörf að ræða í ýmsum tilfellum.

Atvinnuvegur	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	3	4	5	6	4	5	4
Fiskveiðar	21	20	19	20	20	24	20
Iðnaður	27	26	20	22	22	16	15
Þar af fiskvinnsla	20	14	20	20	18	16	13
Veitur	1	3	1	1	1	1	1
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	5	8	5	5	4	5	3
Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	6	3	6	4	5	4	7
Hótel- og veitingahúsarekstur				1	1	3	2
Samgöngur og flutningar	3	2	1	1	1	1	1
Fjármálaþjónusta, líffeyrissjóðir og váttryggingar						2	3
Opinber stjórnýsla; almannatryggingar	5	6	8	6	14	8	6
Fræðslustarfsemi	5	3	3	11	1	3	2
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	2	2	3	2		2	2
Önnur samfélagsþjónusta, féлага-, menningarst. o.fl.	2	1	1	1		1	1
Samtals	80	78	72	80	73	75	67

Tafla nr. 11. Fjöldi starfa eftir aðalstarfi í Kaldrananeshreppi 1998 -2004. (Tekið er mið af októbermánuði hvers árs).
Heimild: Byggðastofnun


Árið 2006 voru störf í landbúnaði og fiskveiðum 29% af heildarfjölda ársverka og var um að ræða lítills háttar fækkun frá árinu á undan. Flest störf við landbúnað á tímabilinu 1990-2006 voru árið 1990, eða 30,6 sem jafngilti um 50 % starfa.



Mynd nr. 13. Atvinnuskipting og fjöldi starfa í Strandasýslu 1997. Heimild: Byggðastofnun

Við fiskveiðar voru skráð 20 ársverk, árið 2004, sem jafngildir um 30% af heildarfjölda ársverka í sveitarfélaginu. Mestur fjöldi starfa við fiskveiðar voru 32% árið 2003. Árið 2004 voru 13 störf í fiskvinnslu, sem samsvarar 19,4 % heildarfjöldans. Flest hlutfallsleg ársverk í þessari grein voru árið 2000. Á öllu tímabilinu hefur fiskvinnsla og fiskveiðar verið fjölmennustu atvinnugreinarnar.

Ársverk í iðnaði voru 2,0 árið 2004, eða 3,0 %. Flestir störfuðu við iðnað árið 1999 eða 12. Fæst ársverk í iðnaði voru árið 2000 eða ekkert. Flestir störfuðu við byggingariðnað árið 1999 eða átta. Fæstir unnu við starfsgreinina árið 2004 eð fjórir. Vægi þessarar starfsgreinar í sveitarfélaginu er mjög lítið miðað við það sem gengur og gerist á Íslandi, en á móti kemur mjög hátt hlutfall starfa við fiskveiðar- og vinnslu. Við landbúnað störfuðu 4,0 árið 2004, eða 5,79 %.



Mynd nr. 14. Atvinnuskipting í Kaldrananeshreppi 2007.

Heimild: Byggðastofnun

Í maí 2007 unnu 10 manns við landbúnað og fiskveiðar, við fiskvinnslu unnu þá 12, við almenna þjónustu unnu þrír. Þá unnu 5 við opinbera stjórnsýslu og 5 við menntunar- og menningarmál.


Á mynd nr. 13 er sýnd atvinnuþáttaka í Strandasýslu árið 1997. Þar kemur fram að hún er í kringum 50% sem er mjög algengt. Þar sem meiri fjölbreytni er í atvinnulífi er þetta hlutfall þó heldur hærri eða allt að 55%. Mynd nr. 14 sýnir atvinnuskiptingu í Kaldrananeshreppi árið 2007.

5.6.3 Fiskveiðar og -vinnsla

Fiskvinnslan Drangur hefur afgerandi stöðu í atvinnumálum á Drangnesi. Fiskvinnslan Drangur ehf. á nú húseignir Hólmadrangs ehf. Fyrirtækið hefur verið í saltfiskvinnslu sem yfirleitt hefur gengið nokkuð vel. Afurðir hafa verið unnar fyrir markaði á Spáni og í Grikklandi. Hráefni fær vinnslan af smábátum sem róa frá Drangnesi. 15-20 bátar hafa lagt upp á Drangnesi, auk aðkomubáta. Til þess að halda uppi stöðugri vinnslu þarf að jafnaði 4-5 tonn af hráefni á dag. Nokkrir einstaklingar eiga fiskveiðikvóta. Fiskaflinn, þ.e. bolfiskur, fer jafnan á markað á Drangnesi eða Hólmavík. Útgerðarfélagið Gummi og ÁVM-útgerð eru á Drangnesi, þau gera út hvort sinn bátinn og hafa tiltekið aflamark.

Grásleppuhrogn eru verkuð á Drangnesi. Oft getur grásleppuveiðin gefið það vel af sér að verulega munar um það. Hákarl hefur löngum verið verkaður á Drangnesi.

Fyrrum voru fiskveiðar ríkur þáttur í afkomu margra bænda sem bjuggu við sjávarströndina, ekki aðeins þorskveiðar heldur einnig hrognkelsveiðar og fleiri tegundir. Þetta hefur nú minnkað.



Mynd nr. 15. Aflamark í Kaldrananeshreppi 1991-2008.

Heimild: Fiskistofa.

5.6.4 Landbúnaður

Sauðfjárrækt er eina grein hefðbundins landbúnaðar sem stunduð er í Kaldrananeshreppi. Nokkur einangrun og fjarlægð frá markaði ráða þessu einkum. Svæðið hentar mjög vel til sauðfjárræktar, en til að styrkja fjárhagslega afkomu sauðfjárbúa af líkri stærð og nú eru í Kaldrananeshrepp er æskilegt að möguleiki sé á tekjuöflun meðfram hinum hefðbundna búskap.

Á síðustu árum hefur verið töluverð samþjöppun í landbúnaði á Íslandi. Annars vegar hefur orðið aukning í framleiðslu á einstökum bújörðum og svæðum á sama tíma og búrekstur hefur lagst af eða dregist saman annars staðar. Í Kaldrananeshreppi hefur orðið verulegur samdráttur í sauðfjárbúskap, til þess liggja margar ástæður. Nýliðun hefur verið mjög lítil, ástæður þess eru m.a. að tekjumöguleikar eru litlir, verð á greiðslumarki er hátt og sveitarfélagið hefur ekki haft bolmagn til að styðja unga bændur við kaup á greiðslumarki eins og sums staðar hefur verið gert, því hefur leið ungs fólks fremur legið til betur launaðra starfa. Búast má við að núverandi styrkjakerfi í landbúnaði breytist talsvert á næstu árum. Aðild Íslands að ýmsum alþjóðasamþykktum og alþjóðastofnunum hefur áhrif á þetta.

Til að auka fjölbreytni í landbúnaði í hreppnum hyggjast nokkrir bændur snúa sér að öðrum búgreinum, ýmist sem aðalbúgrein eða hliðarbúgrein, svo sem ferðaþjónusta, ráðstöfun lands fyrir frístundasvæði, skógrækt o.fl.

Nú eru 4 bújarðir í hreppnum þar sem stundaður er hefðbundinn búrekstur. Á sjö jörðum er nú stunduð mismunandi landnýting sem ekki telst til hefðbundins landbúnaðar.

Heiti	Búrekstur	Nytjar/Starfsemi	Eignarhald
Bassastaðir	Sauðfjárrækt		Einn eigandi
Hafnarhólmur/Gautshamar	Sauðfjárrækt		Margir eigendur
Kaldrananes	Sauðfjárrækt	Hlunnindatekja	Einn eigandi
Oddi	Sauðfjárrækt		Einn eigandi

Tafla nr. 12. Bújarðir í hefðbundnum búrekstri (2008).

BB/JJ

Heiti	Búrekstur	Nytjar/Starfsemi	Eignarhald
Bakkagerði	Ekki hefðbundinn búrekstur	Sjávarnytjar	Margir eigendur
Bakki	Ekki hefðbundinn búrekstur	Skógrækt	Margir eigendur
Bær I	Ekki hefðbundinn búrekstur	Skógrækt / Hlunnindi	Margir eigendur
Bær III	Ekki hefðbundinn búrekstur	Tölvubjónusta	Einn eigandi
Klúka	Ekki hefðbundinn búrekstur	Skógrækt/frístundab/ferðabi.	Eigandi Kaldrananeshreppur
Sandnes	Ekki hefðbundinn búrekstur	Skógrækt	Margir eigendur
Svanshóll	Ekki hefðbundinn búrekstur	Skógrækt	Tveir eigendur

Tafla nr. 13. Bújarðir í nýtingu, án búrekstrar (2008).

BB/JJ

Heiti	Heiti	Heiti
Ásmundames	Goðdalur	Drangnes, þéttbýlið
Bjarnarnes	Hvammur	Hveravík
Bólstaður	Kleifar á Selströnd	Kaldbak
Brúará	Sunnadalur	Kleifar í Kaldbaksvík
Eyjar	Bær 2	Reykjarvík
Framnes	Asparvík	Skarð
Hella		

Tafla nr. 14. Bújarðir í eyði (haustið 2008).

BB/JJ

Á Bæ 1 og Bæ 3 eru nokkrar ær á hvorum bæ að mestu leyti til heimabruks (samaltals 20 ær, hrútar og gemlingar á Bæ 1 og 10 á Bæ 3).

Auk þeirra eyðijarða sem taldar hafa verið hér á undan eru nokkrar fleiri, sem fyrr hafa farið í eyði. Eins og sést hér á undan voru bújarðir all margar í Kaldrananeshreppi þegar best lét. Þeir sem nú stunda búrekstur í Kaldrananeshreppi eru með meðalstór sauðfjárbú.

Á forðagæsluskýrslu haustið 2009 var samantöl áhöfn í búrekstri í Kaldrananeshreppi eftirfarandi:

Ær og hrútar og lömb::	1308
Kýr	0
Varphænur	Til heimanota 36
Hestar	21

Tafla nr. 15. Forðagæsluskýrsla árið 2009.

Heimild: Búffjäreftirlitsmaður.

Þurrhey, rúmmetrar	Nýjar rúllur 1962 rúmmetrar, fyrningar: 210 rúmmetrar
Vothey, rúmmetrar	

Tafla nr. 16. Uppskeyra árið 2009.

Heimild: Búffjäreftirlitsmaður

Jörð	Stærð samningssvæðis	Skógrækt	Verndarsvæði	Tilgangur
Bakki	15,7 ha	14,4 ha	engin	Útivistarskógur
Bær 1	80 ha	78,6 ha	vatnsvernd og útsýni	Fjölnytjaskógur
Klúka	38,5 ha	36,8 ha	vatnsvernd, votlendi, rústir	Útivistarskógur
Sandnes	84,5 ha	75,2 ha	votlendi og útsýni	Fjölnytjaskógur
Svanshóll	195,7 ha	141,3 ha	votlendi, volgrur, og rústir	Fjölnytjaskógur

Tafla nr. 17. Samningar sem gerðir hafa verið um skógrækt á bújörðum. Heimild Arnln Ólafsdóttir

Heyskapartími er oft stuttur í Kaldrananeshreppi og nú er meginhluti hefyngsins unninn í plastrúllur sem hentar vel aðstæðum eina og annars staðar á Íslandi.

Þjónusta við bændur er unnin hjá Ráðunautaþjónustu Húnaþings og Stranda sem er með starfsstöðvar á Hvammstanga og á Blönduósi.

Skarðsrétt er fjallskilarétt sveitarfélagsins. Samkvæmt fjallskilaseðli árið 2008 er leitarsvæðum á úthaga þannig skipt: Selárdalsleit, Tungukotsleit, Hálsaleit, Hvannadalsleit, Hólsfjallsleit, Balafjallaleit og Kaldbaksfjallsleit.

Skarðsrétt er merkileg gömul torfrétt. Sagt hefur verið um hana að réttin sé síðasta járnaldar-mannvirkið hér á landi, sem enn er í notkun. Stefnt er að því að halda Skarðsrétt við og endurhlaða.

Beitarlönd sveitarinnar ráðast af jarðamörkum og ekki er þar um eiginlegar afréttir að ræða.

Eftir að slátrun var lögð niður á Hólmavík hefur hefur sauðfé verið flutt til slátrunar á Hvammstanga. Hestar eru fáir í hreppnum og þar er hestamennska takmörkuð við Drangnes að mestu.

Meðal hlunninda á bújörðum var talsverður viðarreaki, sem nýttur var til bygginga og smíða. Í seinni tíð hefur rekinn minnkað nokkuð sem og nýting hans. Silungs- og selveiði og dúntekja voru drjúgt búslag á mörgum bæjum. Enn er æðarvarp nytjað og reki og silungsveiði nýtt að einhverju leyti.

5.6.5 Verslun og þjónusta

Á Drangnesi er rekið verslunarútibú Kaupfélags Steingrímsfjarðar. Þar er hægt að kaupa helstu nauðsynjar, einkum dagvörur.

Ársverk í verslun í Kaldrananeshreppi voru sjö árið 2004 og í fjármálaþjónustu, vegna lífeyrissjóða og váttrygginga voru þau þrjú á því ári. Nokkrar sveiflur hafa verið í þessum starfsgreinum, sem ræðst af aðstæðum á hverjum tíma.

5.6.6 Ferðaþjónusta

Samkvæmt lögum um skipan ferðamála fer Ferðamálastofa með framkvæmd ferðamála. Yfirstjórn málaflöksins er í höndum iðnaðarráðherra sem skipar ferðamálastjóra til fimm ára í senn. Ferðamálastjóri veitir Ferðamálastofu forstöðu og ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Verkefni Ferðamálastofu eru einkum:

- Útgáfa leyfa, skráning á starfsemi og eftirlit með að skilyrðum fyrir þeim sé fullnægt.
- Þróunar-, gæða- og skipulagsmál ferðaþjónustu, þ.e. framkvæmd markaðrar ferðamálastefnu, samræming umhverfis- og fræðslumála, miðlun upplýsinga, svæðisbundin þróun og alþjóðlegt samstarf.
- Markaðs- og kynningarmál ferðaþjónustu, í samræmi við ákvörðun ráðherra hverju sinni.

Erlendum ferðamönnum sem koma til landsins hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu ár. Þeir voru 129.315 árið 1987, en voru orðnir 201.654 árið 1997, sem er um 56% aukning á 10 árum. Árið 2007 var fjöldi ferðamanna orðinn 485.000 eða rúmlega 140% aukning á þessum tíu árum. Á árinu 2008 fór ferðamannafjöldinn yfir hálfa milljón í fyrsta skipti.

Samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar voru unnin um 6.000 ársverk í ferðaþjónustu árið 1991 og gjaldeyrstekjur af erlendum ferðmönnum voru 12,5 milljarðar króna það ár, en árið 1997 var þessi tala orðin 22,3 milljarðar. Árið 2005 var talan komin í rúmlega 39,7 milljarða. Eftir bankahrunið hefur vægi ferðaþjónustunnar stórukist. Atvinnugreinin er þó sveiflum háð. Vandamál ferðaþjónustunnar er, og mun að líkindum verða áfram, hin árstímabundnu umsvif í greininni. Víða er starfsemin eingöngu bundin við sumartímann.

Ferðaþjónusta hefur vaxið hratt á landsbyggðinni undanfarin ár. Árið 1981 voru skráð 554 ársverk í greininni þar, en 1.204 árið 1990. Sennilega er mun meira vinnuframlag í greininni heldur en kemur fram í opinberum tölum, m. a. vegna þess að ársverk í ferðaþjónustu bænda, sem í mörgum tilvikum eru hlutastörf, eru ekki talin með eftir því sem næst verður komist. Ferðaþjónusta bænda er ört vaxandi atvinnu- og/eða aukabúgrein sem vissulega býður upp á möguleika til verðmætasköpunar á landsbyggðinni.

Heildarfjöldi gistinátta útlendinga í landinu öllu árið 1998 var 1.016.847, 6,7% fleiri en árið 1996 og árið 2005 var fjöldi gistinátta útlendinga 1.550.183.

Ferðaþjónusta hefur verið talsvert vaxandi í Strandasýslu á síðustu árum og er unnið markvisst að því að efla hana.

Gistirými á Drangnesi riflega tvöfaldaðist sumarið 2008 þegar nýtt gistihús, að Grundargötu 17, tók til starfa.

Grundvöllur ferðaþjónustunnar í Kaldrananeshreppi byggist á rekstri eftirfarandi þátta:

1. **Hótel Laugarhóll í Bjarnarfirði**, þar er boðið upp á gistingu- og alhliða veitingar allt árið. Þar eru 16 gistiherbergi og svefnpokapláss. Góður matsalur er á staðnum og eldhús. Við hótelið er mjög góð sundlaug sem nýtist gestum.
2. Í uppbyggingu er **ferðaþjónusta Á.V.M.** við Grundargötu 17 á Drangnesi, fyrir hendi var Gistiheimilið Malarhorn og kaffihúsið Malarkaffi. Um er að ræða lítið gistihús með 6 til 8 rúmum og veitingasal í fyrrum verbúð, þar sem einnig er aðstaða tengd sjóstangaveiði. Árið 2008 var byggður gistiskáli með 10 stórum herbergjum á lóðinni, með baði og litlum eldhúsum. Sömu aðilar hafa gert út bátinn Sundhana til siglinga og sjóstangaveiði í mörg ár, en nú markmiðið að auka þjónustuna og bjóða upp á hvalaskoðunarferðir. Þetta gæti krafist aukins gistirýmis.
3. **Gistiþjónusta Sunnu** er lítið og þægilegt gistiheimili þar sem í boði er góð stúdíóíbúð á neðri hæð með eldhúsaðstöðu.
4. **Tjaldsvæði** og salernisaðstaða er við samkomuhúsið Baldur á Drangnesi, ennfremur er aðstaða fyrir tjaldvagna austan við þjóðveginn nær Illasundi.
5. **Bryggjuhátíð** hefur verið árviss atburður á Drangnesi frá 1996 og þá mætir yfirleitt fjöldi aðkomufólks. Á hátíðinni er boðið upp á dögveiðikeppni, sjávaréttasmakk, harmoníkkuleik, andlitsmálningu, hesta, listamenn, ljósmyndasýningar, hoppukastali, söngvarakeppni, grillveisla, kvöldskemmtun, varðeld og ball. Samið hefur verið sérstakt lag fyrir bryggjuhátíðina.
6. **Kotbýli kuklarans að Klúku í Bjarnarfirði**. Galdrasýning á Ströndum er mjög gaumgæfilega hugsuð og varð aðstandendum sýningarinnar fljótt ljóst að fyrir lágu ákaflega rýrar upplýsingar um ýmsar hliðar galdramála. Það þurfti því vinna úr ýmsum heimildum sem um þetta fjalla. Langflestir þeirra sem ákærðir voru fyrir galdra var umkomulaust alþýðufólk og þótt einstaka yfirstéttarmaður væri ákærður vitna heimildir ekki til þess að neinn þeirra hafi verið brenndur eða hýddur. Galdrasýningin í Kotbýli kuklarans hefur staðið fyrir mörgum skemmtilegum og frumlegum dagsskrárlíðum í tengslum við sjálft sýningarhaldið.
7. Tvær góðar **sundlaugar** eru í Kaldrananeshreppi; að Klúku og á Drangnesi, sem nánar er lýst í kafla 5.10.3.

Mikil aukning hefur verið á ferðamönnum sem koma gagngert til landsins í hvalaskoðun og vilja geta sinnt þessu áhugamáli sínu um land allt. Það eru yfirleitt alltaf einhverjir hvalir í Steingrímsfirðinum svo ekki ættu gestir að verða fyrir vonbrigðum.

Áætlunarsiglingar eru í boði út í Grímsey frá Drangnesi, þarna er stór lundabyggð og ýmislegt fleira að skoða.

Arnkata 2008 er klasasamstarf ferðaþjónustuaðila á Ströndum og í Reykhólasveit, meðal markmiða þessara aðila er að auka vægi hvalaskoðunar á svæðinu. Sumarið 2007 komu 300-400 manns til

hvalaskoðunar en áætlanir eru um það að á næstu fjórum árum komi allt að 4-5000 manns til hvalaskoðunar. Lögð er áhersla á að náttúrutengd ferðaþjónusta á þessu sviði verði jafn mikilvæg hinn menningartengdu ferðaþjónustu sem fyrir er á Ströndum.

Heitir pottar eru í fjöruborðinu neðan við skólann þegar komið er inn í Drangnes. Um er að ræða þrjá potta sem heitt vatn kemur úr borholunni sem þarna er, en vatnið er nokkuð saltblandað. Hitastig í pottum er um 40°C og pH 9,3. Þetta nýtist jafnt heimamönnum sem og gestum.

Verslun, sem einnig nýtist ferðamönnum, er á Drangnesi og þar eru olíuvörur seldar.


5.6.7 Frístundahús

Aðeins eitt deiliskipulagt svæði fyrir frístundabyggð hefur verið samþykkt í Kaldrananeshreppi en það er í landi Klúku í Bjarnarfirði. Unnin hefur verið tillaga að deiliskipulagi í landi Svanshóls sem nú er í afgreiðsluferli. Ígildi deiliskipulags hefur verið unnið í landi jarðanna Sunndals og Goðdals, þau eru þó ekki formlega samþykkt. Í þessari aðalskipulagstillögu er gert ráð fyrir sex nýjum svæðum fyrir frístundabyggð.

Allmörg stakstæð frístundahús eru í hreppnum, nokkur á Drangnesi en mun fleiri í dreifbýlishluta Kaldrananeshrepps. Í dreifbýlishlutanum eru samtals 35 frístundahús (2009). Nokkur húsanna eru sérstaklega hönnuð sem frístundahús en önnur eru gömul íbúðarhús sem nú nýtast sem frístundahús.

Skilgreind frístundahús í hreppnum eru talinn upp ásamt öðrum mannvirkjum í töflu nr. 9; samantekt fasteigna-, í kafla 5.5.1.

Eitt neyðarskýli er í Kaldrananeshreppi; á Trékylisheiði.



Mynd nr. 16. Samþykkt deiliskipulag í landi Klúku

Heimild: Kaldrananeshreppur.

5.6.8 Fólksfjöldun og mannaflí

Í Aðalskipulagi Kaldrananeshrepps fyrir tímabilið 2010-2030 er gert ráð fyrir að íbúafjöldun í sveitarfélaginu verði á bilinu 0,5-1,5% á ári. Miðað við 0,5% fjölgun verður íbúafjöldi í Kaldrananeshreppi um 112 í lok skipulagstímabilsins, miðað við 1% fjölgun verður íbúafjöldinn 122 og miðað við 1,5% verður íbúafjöldinn 133.

Í framreikningi á mannafla (ársverk) er reiknað með að hlutfall mannafla/íbúa verði á milli 48-50% af framreiknaðri hámarksíbúatölu. Þurfa þá ný atvinnutækifæri á skipulagstímabilinu að vera um 15 miðað við 1,5% fjölgun íbúa, miðað við 1% fjölgun þurfa ný atvinnutækifæri að vera um 10 og miðað við 0,5% fjölgun þurfa ný atvinnutækifæri að vera um 5 á skipulagstímabilinu.

5.7 Veitur

5.7.1 Vatnsveita

Í aðalskipulagi þessu eru skilgreindar samveitur Drangnesi, á Bæ. á Klúku og á Svanshóli og nágrenni. Vel þarf að hyggja að þessum vatnsveitum. Mikilvægt er einnig að skoða vatnsból vegna einkaveitna og sjá til þess að þau séu í góðu ástandi, ekki síst þar sem ferðaþjónusta er starfrækt. Sjá kafla 2.4.1.

5.7.2 Nýting á heitu vatni, hitaveita

Heitt vatn er nýtt í Kaldrananeshreppi, á Drangnesi;-20 holur (ein í notkun), á Laugarhóli; -6 holur (ein í notkun- Klúku), Svanshóli, Bakka, Goðdal og á Kaldbak. Hús eru hituð á þessum stöðum með heitavatni og sundlaugar eru á tveimur stöðum. Auk þess er lítil heit setlaug er á Laugarhóli sem kennd er við Guðmund góða. All mikil hitaorka er í Hveravík og mun það bjóða upp á ýmis tækifæri til nýtingar. Sjá einnig kafla 5.1.

Árið 1997 fannst heitt vatn á Drangnesi sem hefur haft mjög jákvæð áhrif á byggð á svæðinu. Holur sem boraðar hafa verið eru 20 talsins, með staðarheitin DN-01 til DN-20 og staðarnúmer 40651 til 40670, boraðar í fjórum áföngum árin 1996, 1997, 1998 og loks 2011. Saga borunar er þannig að í ársbyrjun 1996 varð vatnslífið í frystihúsinu þar sem frauð í Bæjarvatna-leiðslunni og ákveðið var að bora eftir köldu vatni nærri frystihúsinu. Þá var hola DN-01 boruð (sjá mynd). Þegar hún var hitamæld kom í ljós að hitastigull var mun hærri en gera mátti ráð fyrir. Ekki fékkst kalt vatn úr holunni og því var önnur hola boruð utarlega við bryggjuna (DN-02) og tók hún inn sjó. Árið 1997 var þessari óvæntu niðurstöðu úr holu DN-01 fylgt eftir með hitastigulsborunum. Boraðar voru tiltölulega grunnar hitastigulsholur DN-03 til DN-13 til að afmarka hitafrávik. Árið 1998 voru fyrst boraðar tvær kaldavatnsholur til viðbótar (DN-14 og DN-15) og síðan í beinu framhaldi af því var boruð vinnsluhola DN-16. Hún gaf nóg vatn fyrir hitaveitu á staðnum. Að því loknu voru boraðar tvær kaldavatnsholur (DN-17 og DN-18). Hóla 7 var boruð fyrst í 54 metra en dýpkuð strax í 134 metra og gaf um 10 l/s af 60° heitu vatni og var tengd þá um haustið (1997) við skólann og frystihúsið og síðan allt þorpið árið 1998. Flest hús voru tengd veitunni í ágúst og fram í janúar og öll hús þann vetur (1997-98). Hóla DN-07 var notuð fram í ársbyrjun 2002 en þá var hola DN-16 tengd við veituna. Hiti á holutoppi í DN-16 var í byrjun 62°C. Síðustu holurnar, DN-19 og DN-20, voru boraðar í febrúar 2011, um 12 m eru á milli holanna. Hóla DN-19 er 24 m djúp og gefur heitt vatn og hola DN-20 er 20 m og gefur kalt vatn. Líklegt er talið að hólun DN-19 geti gefið umtalsverða orku, eð allt að 90° hita. Heildardýpi borholanna á Drangnesi er um 1305 metrar.

Sumarið 2008 úthlutaði Orkuráð styrkjum til jarðhitaleitar á 29 stöðum á landinu. Þetta var á stöðum þar sem ekki nýtur hitaveitu við og komu þrjár styrkir til jarðhitaleitar á Ströndum. Úthlutunin var að mestu leyti liður í mótvægisáðgerðum stjórnvalda vegna skerðingar á þorskkvóta og gátu sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklingar sótt um. Tvö verkefni í Kaldrananeshreppi fengu styrki, sveitarfélagið fékk 4 milljónir og einstaklingur fékk 8 milljónir til jarðhitaleitar í Hveravík.

Borun eftir heitu vatni við Klúku í Bjarnarfirði lauk í nóvember 2008 og var árangur mjög góður. Borholan, sem er kölluð KL-6, er 313 metra djúp og gefur um 16 l/sek af tæplega 49°C heitu vatni í fríu rennsli, en um 25 l/sek með 10 metra niðurdreitti. Að boruninni stóð Hitaveita Drangness með tilstyrk Orkusjóðs. Nægt vatnsmagn fékkst og er nú hægt að leggja hitaveitu á næstu bæi og endurnýja kerfið fyrir Laugarhól og Klúku.



Mynd nr. 17. Staðsetning borholna á Drangsnesi

Heimild: Ísor 2009-2010.

Fyrir utan Drangsnæs þá er

1. Ein borhola á Hafnarhólmi (nú undir veginum skammt innan við Girðishver.
2. Tvær í Hveravík, önnur gefur mikið af heitu vatni og hin er kaldavatnshola.
3. Tvær á Kleifum á Selströnd og hvorug nothæf.
4. Þrjár á Hellu og engin nothæf.
5. Tvær á Kaldrananesi og fást úr henni um 1 l/s af 30°C heitu vatni sem er notað til húshitunar í örðu húsinu þar.
6. Ein á Bakka sem gefur mikið af 30°C heitu vatn og er það notað í varmadælu til húshitunar.
7. Ein á Svanshóli og þar eru hús hituð með jarðhita.
8. Sex holur eru á Klúku og þar eru öll hús hituð upp með jarðhita.
9. Ein hola í Ásmundarnesi og er húsið þar hitað upp með um 35°C heitu vatni.
10. Tvær holur í Reykjarvík og hvorug nýtileg.
11. Ein hola á Kleifum í Kaldbaksvík og ekkert vatn í henni.

Sjá einnig kafla 2.4.2 og kafla 4.2. sem fjallar um jarðhita almennt.

5.7.3 Rafveita

Rafmagn til notkunar í Kaldrananeshreppi er fengið frá Orkubúi Vestfjarða. Raflínan kemur frá spennistöð í Steingrímsfirði og er 11 kV. Þriggja fasa raflína kom til Drangness árið 1956 og eins fasa raflína var lögð til Bjarnarfjarðar árið 1967. Raflínur eru víða komnar í jörð (m.a. heimtaugar). Spennar eru við bújarðir, í einhverjum tilfellum eru þeir sameinaðir fyrir fleiri en eitt hús. Rafmagnstruflanir eru nokkuð tíðar vegna veðurfars yfir vetrarmánuðina. Ljósavélar voru á nokkrum bújörðum. Raforkudreifing er á vegum Orkubúsins.

Hús utan þéttbýlis eru flest hituð með rafmagni, ýmist með rafmagnsöfnum eða að vatn er forhitað (hitatúba) með rafmagni. Í nokkrum íbúðarhúsum eru brennsluofnar þar sem timbur er brennt og nýttist til upphitunar. Einn ljósastaur er við hverja bújörð í Kaldrananeshreppi, eins og annars staðar á Ströndum. Orkubúíð sér um viðhald stauraljósanna en Kaldrananeshreppur sér um reksturinn.

5.7.4 Fráveita

Hreppsnefnd hefur markvisst beitt sér fyrir því að fráveitumálunum í sveitarfélaginu verði komið í gott horf. Nú er svo komið að flest stakstæð íbúðar- og frístundahús í Kaldrananeshreppi eru tengd rotþró.

Árið 1969 voru samþykkt á Alþingi lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lög nr. 12/1969. Í lögum þessum voru fjölmörg ákvæði sem snertu frárennsli, meðferð sorps og úrgangs o. fl. Reglugerð nr. 941/2002, heilbrigðisreglugerð, kveður nánar á um framkvæmd laganna, ábyrgð sveitarfélaga, skipan heilbrigðisnefnda í hverju sveitarfélagi og verksvið þeirra. Jafnframt gerði reglugerðin ráð fyrir setningu sérstakra heilbrigðissamþykkt, sem gilda skyldu fyrir einstök sveitarfélög. Í heilbrigðisreglugerðinni, sem sett var með heimild í 9. gr. fyrrnefndra laga voru skýr ákvæði, sem vörðuðu fráveitur sbr. 61. gr. þar sem sú krafa er gerð, að allt skólp *“skuli leitt út fyrir stórstraumsfjöru, nema heilbrigðisnefnd geri ríkari kröfur.”* Þá sagði í 67. gr. reglugerðarinnar, að *“þar sem frárennsli frá salernum og öðru skólpi verði ekki veitt í göturæsi eða aðra almenna skólþveitu, skal veita því í vatnsheldum holræsum í rotþrær, og skal leita um það fyrimæla heilbrigðisnefndar, hverju sinni.”*

Nú eru í gildi lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Fjölmargar reglugerðir hafa verið gefnar út með heimild í þeim lögum, m. a. reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, og reglugerð nr. 799 frá sama ári, um meðhöndlun seyru. Samkvæmt fyrri reglugerðinni skulu heilbrigðisnefndir gera nauðsynlegar ráðstafanir til að skólp verði hreinsað og þær skulu hafa eftirlit með öllum fráveitum.

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um meðhöndlun seyru skulu sveitarfélög koma á kerfisbundinn tæmingu seyru úr rotþró og heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi til meðhöndlunar á seyrunni.

5.7.5 Sorpeyðing

Kaldrananeshreppur er aðili að Sorpsamlagi Strandasýslu og sorpförgun fer fram í nágrenni Hólmavíkur. Sorp er flutt frá Kaldrananeshreppi til Hólmavíkur þar sem það er urðað. Fimm sorpgámar eru í hreppnum sem staðsettir eru við vegamót í Bjarnarfirði, Drangnesi og Kokkálsvíkurhöfn. Þá eru á Drangnesi söfnunargámar fyrir tré og járn. Sorp er tekið vikulega allt árið. Sorpsamlagið sækir heyrúlluplast hjá bændum og fer með það í endurvinnslu. Rafgeymum og öðrum spilliefnum er safnað og sent í endurvinnslu samkvæmt samningi við Sagaplast ehf.

- Sorpsamlag Strandasýslu stefnir að því að allur úrgangur verði flokkaður og fari í endurvinnslu.

5.8 Samgöngumál

5.8.1 Almennt

Vegasamgöngur hafa byggst hægt upp á norðanverðum Ströndum og fólksfækkun þar hefur haft þau áhrif að enn hægði á slíkum framkvæmdum

Upphaf svokallaðra akbrauta er að leita til Vegalaga sem sett voru á Alþingi árið 1894. Þar kemur sundurgerð í flokkun og nafngiftum vega fram. Eftir þetta hafa vegalög tekið sífelldum breytingum, bæði hvað varðar fjármögnun og gæði vega. Í lok síðari heimsstyrjaldar má heita að akfærir vegir hafi verið komnir að flestum býlum í sveitarfélaginu. Síðan hefur verið unnið áfram að framþróun landsamgangna og má í raun gera ráð fyrir að svo muni verða um ókomna tíð.

Vissar almenningssamgöngur á landi eru í boði til Drangness, þ.e. áætlunarferðir; Brú-Hólmavík-Drangnes. Reglulegar póstferðir eru farnar um sveitina. Nemendum grunnskólans sem ekki búa á Drangnesi er ekið til og frá skóla.

Snjómokstur: Frá vegamótum Djúpvegjar og Strandavegar til Drangness er mokað 6 daga vikunnar. Frá Drangnesi um Kaldrananes að Klúku er mokað tvo daga í viku. Mokstur á Strandavegi um Bjarnarfjarðarháls (Bassastaðaháls), er háð mokstri í Árneshreppi.

Talið er að vegur um Arnkötludal muni hafa mjög jákvæð áhrif fyrir Strandir sem heildar. Þessi leið er umtalsvert styttri til Reykjavíkur heldur en leiðin suður Strandir að Brú.

Í skýrslu frá iðnaðarráðuneytinu *Vaxtarsamningur Vestfjarða* sem út kom í byrjun ársins 2005 er fjallað um ferðamannaleiðir á Vestfjörðum. Mælt er með að þegar verði hafist handa við að endurbýggja malarvegi að þeim stöðum sem mest aðrättarafl hafi fyrir ferðamenn.

5.8.2. Samgöngur á landi, umferð

Skilgreiningar vega eru samkvæmt vegalögum nr. 80/2007 og nýjustu samgönguáætlun sem samþykkt var á Alþingi.

Þjóðvegir eru þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og upp eru taldir í vegaskrá. Þjóðvegum skal skipað í flokka eftir eftirfarandi reglum:

a. **Stofnvegir** eru hluti af grunnkerfi samgangna eins og það er skilgreint í samgönguáætlun hverju sinni. Til stofnvega teljast vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Til stofnvega teljast einnig umferðarmestu vegir sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Einnig vegir á hálendinu sem mikilvægir eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu. Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná að fyrstu þvergötu sem tilheyrir gatnakerfi þéttbýlisins og enda þar. Þó er heimilt að láta stofnveg ná til flugvallar og hafnar sem mikilvæg eru fyrir ferðaþjónustu og flutninga.

b. **Tengivegir** eru vegir utan þéttbýlis sem liggja af stofnvegi á stofnveg eða af stofnvegi á tengiveg og eru a.m.k. 10 km langir, vegir sem tengja landsvegi við stofnvegi, vegir sem ná til þéttbýlisstaða með færri en 100 íbúa og tengja þá við stofnvegakerfið, vegir að helstu flugvöllum og höfnum sem mikilvægar eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu, og vegir að ferjuhöfnum ef þeir eru ekki stofnvegir, vegir að þjóðgördum og innan þeirra og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis. Þar sem tengivegur endar í þéttbýli skal tengja hann fyrstu þvergötu sem tilheyrir vegakerfi þéttbýlisins og enda þar.

c. **Héraðsvegir** eru vegir sem liggja að býlum, atvinnustarfsemi, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis sem ákveðnir eru á staðfestu skipu-lagi og taldir upp í vegaskrá. Héraðsvegur skal aldrei ná nær framangreindum stöðum en 50 m ef hann endar þar. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að fríundahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.

d. **Landsvegir** eru vegir yfir fjöll og heiðar sem ekki tilheyra neinum af framangreindum vegflokkum og aflagðir byggðavegir á eyðilendum. Á vegum þessum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum.

Sveitarfélagsvegir.

Sveitarfélagsvegir eru vegir innan þéttbýlis sem ekki teljast þjóðvegir skv. 8. gr., eru í umsjá sveitarfélaga og ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar.

Almennir stígar.

Almennir stígar eru reiðstígar, göngu- og hjólreiðastígar sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar og haldið er við af fé ríkis eða sveitarfélaga. Ákvæði laga þessara um vegi gilda einnig um almenna stíga eftir því sem við á.

Einkavegir.

Einkavegir eru vegir sem hvorki teljast þjóðvegir né sveitarfélagsvegir og eru í eigu einstaklinga, fyrirtækja eða opinberra aðila.

Veghaldarar.

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega. Sveitarfélög eru veghaldarar sveitarfélagsvega. Eigendur einkavega hafa veghald þeirra. Veghaldari ber ábyrgð á veghaldi vegar. Við veghaldið skal gæta umferðaröryggis og að umferð eigi greiða og góða leið um vegi að teknu tilliti til umhverfis-, náttúru- og minjaverndar í samræmi við kröfur sem leiðir af gildandi lögum á hverjum tíma.

Í vegalögum nr. 80/2007. gr. segir: Vegagerðin sér um gerð vegaskrár, sem er skrá yfir þjóðvegi. Hér er um að ræða fyrstu útgáfu af skrá yfir þjóðvegi landsins, sem gerð hefir verið samkvæmt nýjustu vegalögum.

Vegaskrá er gerð á **tvenns konar formi**, annars vegar er öllum vegum skipt í kafla og hins vegar er leiðum þeirra lýst. Sú leiðarlýsing fylgdi áður vegáætlun. Héraðsvegir eru þó ekki í þeirri skrá.

Í kaflaskiptu vegaskránni koma fram margskonar upplýsingar um hvern kafla. Má þar nefna lengd kaflans, í hvaða kjördæmi hann er, sveitarfélagi og númer vegagerðarsvæðis. Þar kemur fram vegflokkur og hvað er óvegað, einnig er dálkur fyrir vegtegund. Tákn í þeim dálki gefa til kynna vegtegund sem æskileg er fyrir viðkomandi vegkafla, þegar aðeins er miðað við almenna umferðarspá.

Helstu breytingar frá fyrri vegalögum, hvað vegaskrá varðar, eru eftirfarandi:

Stofnvegir eru flestir þeir sömu og áður, að viðbættum nokkrum umferðarmiklum vegum, sem voru í flokki tengivega. Niður falla nokkrir vegkaflar í þéttbýli og teljast þeir nú til gatnakerfis þeirra. Hins vegar bætast í flokk stofnvega fjórar hálendisleiðir, sem hafa nokkra sérstöðu og verða í sérhópi um sinn, svokallaðir stofnvegir um hálendi.

Tengivegir eru færri en áður (á landinu öllu). Auk þeirra sem færast í flokk stofnvega verða margir þeirra héraðsvegir. Einnig fylla nú þennan flokk vegir innan þjóðgarða og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum, sem voru landsvegir.

Héraðsvegir hétu áður safnvegir, en auk þeirra fóru margir stuttir tengivegir í þennan flokk.

Landsvegir eru nú færri en áður. Þeir fá að jafnaði litla og árstíðabundna þjónustu og viðhald.

Þjóðvegir í Kaldrananeshreppi:

Tengivegir eru eftirfarandi:

643. Strandavegur: Af Djúpvegi í botni Steingrímsfjarðar, um Bjarnarfjarðarháls (Bassastaðaháls), Bala, Veiðileysufjörð, Djúpuvík, fyrir Reykjarfjörð, um Gjögur, Árnes, að vegamótum Ófeigsfjarðarvegur.

645. Drangnesvegur: Af Strandavegi hjá Hálsgötugili, sunnan við Bjarnarfjarðarháls (Bassastaðaháls), út Selströnd, um Drangnes og Kaldranes, á Strandaveg í Bjarnarfirði sunnan brúar á Bjarnarfjarðará.

Megin vegatengingar við Kaldrananeshrepp eru, nánar skýrt:

Strandavegur nr. 643 er tengivegur norður Strandir. Að sunnan tengist vegurinn Drangnesvegi í Steingrímsfirði þar sem hann fer yfir Bjarnarfjarðarháls (Bassastaðaháls). Endastöð vegarins er við höfnina í Norðurfirði. Lengd vegarins er um 94 km og hæstur er hann yfir Veiðileysuháls í 220 mys. Vegurinn, sem er malarvegur, er víða seinfarinn. Snjómokstur er takmarkaður.

Drangnesvegur, nr. 645, er tengivegur sem liggur frá Strandavegi 643 þar sem komið er að Bjarnarfjarðarhálsi (Bassastaðahálsi) og tengist á ný við Strandaveg norðanvert við hálsinn. Vegurinn er um 34 km á lengd.

Skráðir héraðsvegir sem tengjast þjóðvegi nr. 643 eru sjö talsins (2008), þeir liggja að bújörðum og öðrum mannvirkjum í sveitarfélaginu.

Árnes í Trékyllisvík	94	Guðlaugsvík	110
Asparvík	31	Brú í Hrutafirði	153
Bjarkarlundur um Tröllatunguheið	86	Kaldbaksvík	40
Borðeyri	143	Króksfjarðarnes um Tröllatunguheið	72
Djúpavík	66	Laugarhóll í Bjarnarfirði	18
Hólmavík um Bjarnarfjörð	49	Norðurfjörður	102
Hólmavík um Selströnd	36	Óspakseyri	94
Eyri í Ingólfsfirði	103	Reykjavík um Hvalfjarðargöng (um Þröskulda)	269
Stóra-Fjarðarhorn	70	Staðardalur-vegamót	25
Gjögur	87	Veiðileysufjörður, sæluhús	56

Tafla nr. 18. Nokkrar vegalengdir frá Drangnes, í km.

Heimild: Vegagerð ríkisins

Sundurliðuð skrá yfir tengivegi í Kaldrananeshreppi.

643 Strandavegur, tengivegur, heildarlengd 3,36 km.

Heiti upphafspunktar: Sveitarfélagsmörk.
Heiti endapunktar: Drangnesvegur (645) syðri endi.
Vegtegund: C2.

643 Strandavegur, tengivegur, heildarlengd 7,74 km.

Heiti upphafspunktar: Drangnesvegur (645) syðri endi.
Heiti endapunktar: Drangnesvegur (645) nyðri endi.
Vegtegund: D.

643 Strandavegur, tengivegur, heildarlengd 13,59 km.

Heiti upphafspunktar: Drangnesvegur (645) nyðri endi.
Heiti endapunktar: Asparvík.
Vegtegund: D.

643 Strandavegur, tengivegur, heildarlengd 12,10 km.

Heiti upphafspunktur: Asparvík.
 Heiti endapunktur: Sveitarfélagsmörk.
 Vegtegund: **D.**

643 Strandavegur, tengivegur, heildarlengd 1,38 km.

Heiti upphafspunktur: Sveitarfélagsmörk.
 Heiti endapunktur: Kolbeinsvíkurá
 Vegtegund: **D.**

645 Drangsnesevegur, tengivegur, heildarlengd 14,90 km.

Heiti upphafspunktur: Strandavegur (643).
 Heiti endapunktur: Drangsnese, litla húsið til vinstri.
 Vegtegund: **C2.**

645 Drangsnesevegur, tengivegur, heildarlengd 0,76 km.

Heiti upphafspunktur: Drangsnese, litla húsið til vinstri.
 Heiti endapunktur: Drangsnese, áhaldahús VG.
 Vegtegund: **C2.**

645 Drangsnesevegur, tengivegur, heildarlengd 11,10 km.

Heiti upphafspunktur: Drangsnese, áhaldahús VG.
 Heiti endapunktur: Kaldrananese.
 Vegtegund: **D.**

645 Drangsnesevegur, tengivegur, heildarlengd 6,95 km.

Heiti upphafspunktur: Kaldrananese.
 Heiti endapunktur: Strandavegur (643).
 Vegtegund: **D.**

Samtals tengivegir: 71,88 km. Bundið slitlag er 19,5 km.

Skrá yfir héraðsvegi í Kaldrananeshreppi.

6419 Klúkuvegur, héraðsvegur, heildarlengd 0,08 km.

Heiti upphafspunktur: Strandavegur (643).
 Heiti endapunktur: Klúka.
 Vegtegund: **D.**

6419 Laugarhólsvegur héraðsvegur heildarlengd 0,43 km

Heiti upphafspunktur: Strandavegur (643)
 Heiti endapunktur: Laugarhóll.
 Vegtegund: **D.**

6422 Oddavegur, héraðsvegur, heildarlengd 0,17 km.

Heiti upphafspunktur: Strandavegur (643).
 Heiti endapunktur: Oddi.
 Vegtegund: **D.**

6423 Svanshólsvegur, héraðsvegur heildarlengd 0,35 km.

Heiti upphafspunktur: Strandavegur (643)
 Heiti endapunktur: Svanshóll.
 Vegtegund: **D.**

6424 Bakkavegur, héraðsvegur, heildarlengd 0,19 km.

Heiti upphafspunktur: Drangsnesevegur (645).
 Heiti endapunktur: Bakki.
 Vegtegund: **D.**

6425 Kaldrananeskirkjuvegur, héraðsvegur, heildarlengd 0,13 km.

Heiti upphafspunktur: Drangsnesevegur (645).
 Heiti endapunktur: Kaldrananeskirkja.
 Vegtegund: **D.**

6428 Bakkagerðisvegur, héraðsvegur, heildarlengd 0.66 km.

Heiti endapunktur: Drangsnesevegur (645)
 Heiti endapunktur: Bakkagerði.
 Vegtegund: **D.**

6429 Bæjarvegur , héraðsvegur, heildarlengd 0,10 km.

Heiti upphafspunktur: Drangsnesevegur (645).
 Heiti endapunktur: Bær 1.
 Vegtegund: **D.**

6431 Fiskinesvegur, héraðsvegur, heildarlengd 0,04 km.

Heiti upphafspunktur: Drangsnisvegur (645)
 Heiti endapunktur: Íbúðarhús Fiskinesi.
 Vegtegund: **D.**

6430 Kokkálsvíkurvegur, héraðsvegur, heildarlengd 0,32 km.

Heiti upphafspunktur: Drangsnisvegur (645).
 Heiti endapunktur: Hafnarvegur.
 Vegtegund: **D.**

6432 Bassastaðavegur, héraðsvegur, heildarlengd 0,02 km.

Heiti upphafspunktur: Strandavegur (643).
 Heiti endapunktur: Bassastaðir.
 Vegtegund: **D.**

Vegtegundir:

Vegtegundir eru ákvarðandi fyrir tæknilega gerð vega og eru grunntegundir einkenndar með A, B, C, D eða F. Tegundirnar eru síðan nánar skilgreindar með tölustöfum aftan við bókstafinn. Þeir tengivegir, sem taldir eru hér að framan, hafa fengið eftirfarandi skilgreiningu:

Gildir einkum um tengi- héraðs- og landsvegi.

C2 Vegir með tveimur akreinum, Breidd 6.5 m með öxlum. Hönnunarhraði er yfir 90 km/klst.

D Vegir með einni akrein (með útskotum).

Umferðartalning:

1993

Vegnr.	Vegheiti	SDU	ADU	
645-01	Drangsnisvegur	Strandavegur-Drangsnis	136	70
645-02	Drangsnisvegur	Litla hús tv. Áhaldahús V.	142	73
645-03	Drangsnisvegur	Drangsnis-Kaldrananes	112	55
645-04	Drangsnisvegur	Kaldrananes-Strandavegur	87	41

2000

Vegnr.	Vegheiti	SDU	ADU	
645-01	Drangsnisvegur	Strandavegur-Drangsnis	108	128
645-02	Drangsnisvegur	Litla hús tv. Áhaldahús V.	127	156
645-03	Drangsnisvegur	Drangsnis-Kaldrananes	74	123
645-04	Drangsnisvegur	Kaldrananes-Strandavegur	11	17

2006

Vegnr.	Vegheiti	SDU	ADU	
645-01	Drangsnisvegur	Strandavegur-Drangsnis	55	88
645-02	Drangsnisvegur	Litla hús tv. Áhaldahús V.	121	151
645-03	Drangsnisvegur	Drangsnis-Kaldrananes	64	117
645-04	Drangsnisvegur	Kaldrananes-Strandavegur	30	56

Umferðarforsögn:

Umferðarforsagnir ber að skoða sem dæmi um hugsanlega þróun umferðar ef tiltekna forsendur ganga eftir.

Ein meginforsenda umferðarforsagnar er landnotkun á viðkomandi svæði á grundvelli skipulagstalna. Aðrar forsendur eru ferðavenjur, svo sem ferðatíðni sem aftur er t.d. háð bílaeign og eldneysisverði.

Í 32. gr. Vegalaga segir, m.a.: „Byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja, nema leyfi Vegagerðarinnar komi til, nær vegi en 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega.“ Þetta er mikilvægt ákvæði sem ávallt þarf að taka mið af.

Aðstæður í Kaldrananeshreppi:

Núverandi tengivegir, sem að langmestu leyti eru malarvegir, eru í misgóðu lagi. Nokkrir héraðsvegir eru í sveitarfélaginu, heimreiðar, sem tengja bújarðir við þjóðveg. Þeir eru í misjafnlega góðu ástandi.

Talið er að vegur um Arnkötludal muni hafa jákvæð áhrif á Ströndum.

Samkvæmt Vegaáætlun 2009-2012 var gert ráð fyrir nokkrum fjámunum (611 millj. kr.) til vegagerðar í sveitarfélaginu á tímabilinu. Þar er um að ræða eftirtalin verkefni, sjá töflu. Í mars 2009 voru unnin

drög að skýrslu hjá Veghönnurdeild Vegagerðarinnar: *Strandavegur (643): Drangnesvegur syðri-Svanshóll*. Þar er um að ræða lýsingu á nýrri veglínu yfir Bjarnarfjarðarháls (Bassastaðháls). Þar er lagt mat á ýmsa þætti er snerta þessa framkvæmd.

Niðurstaða skýrslunnar er eftirfarandi:

- Nýr vegur verður lagður af yfir Bjarnarfjarðarháls (Bassastaðháls) og um Bjarnarfjarðarbotn að Svanshóli.
- Um 2/3 hlutar nýja vegarins mun liggja um óraskað land.
- Reiknað er með að áhrif framkvæmdarinnar á náttúrufar svæðisins verði óveruleg. Minniháttar skerðing verður á gróðurlendi.
- Í útboðsgögnum verður tekið fram að engin umferð vinnuvéla sé heimil utan framkvæmdasvæðisins, sem afmarkast af skeringarbrúnum og/eða fláafótum.
- Raskað svæðið verður jafnað og reynt að gera sárið í landinu sem minnst áberandi. Raskað svæði innan gróðurlendis verður grætt upp.
- Vegagerðin telur að þessi veg framkvæmd og efnistaka henni samfara muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Til að áhrif framkvæmdarinnar verði sem minnst verður ýmsum aðgerðum beitt á framkvæmdatíma og haft samráð við ýmsa aðila.

Strandavegur nr 643	2009	2010	2011	2012
02 Djúpvegur-Drangnesvegur	62	2		
03 Um Bjarnarfjarðarháls (Bassastaðháls)				
Drangnesvegur nr 645				
01 Strandavegur-Drangnes			330	150
02 Djúpvegur-Drangnesvegur				
03-04 Bjarnarfjarðarháls(Bassastaðháls)-Klúka				
04-05 Ásmundarnes-Kaldbaksvík				
Samtals	62	2	330	150

Tafla nr. 19. Áætlaðar framkvæmdir í vegamálum í milljónum króna. Heimild: Vegagerðin.

5.8.3 Göngu- og reiðleiðir

Nokkrar áhugaverðar göngu- og reiðleiðir í Kaldrananeshreppi eru merktar á landnotkunaruppdrátt og stuðst var við ferðakort sem nær yfir Vestfirði og Dali.

Samkvæmt Aðalskipulagi Kaldrananeshrepps er gert ráð fyrir að eftirfarandi gönguleiðir verði staðfestar, sjá einnig kafla 2.5.3:

GL-1. Lambatindur.

Lýsing:

Fjalllendið milli Kaldbaksvíkur og Veiðileysu er á náttúruminjaskrá og hæsti tindur svæðisins er Lambatindur, 854 m. Tilsýndar er hann óárennilegur uppgöngu en þegar komið er nær eru víða skörð í klettabeltinu sem auðvelt er að komast um. Gengið er upp gilið rétt innan við bæinn Kaldbak í norðanverðri Kaldbaksvík. Þaðan er gengið er beint af augum upp á brún öðru hvoru megin við gilið. Þá er snúið í NNV og gengið upp á hvern hjallann af öðrum uns komið er upp á öxlina á milli Miðaftanshöggs og Skrælinga. Ráðlegast er að fylgja Skrælingum ofan við fannirnar þar til komið er á NV-enda þeirra. Þá er gengið niður breiðan hrygg, þverhníptan á báða vegu sem tengir Lambatind og Skrælinga. Þá eru eftir u.þ.b. 100 metrar upp á tindinn, leið sem opnar stórkostlegt útsýni austur á Tröllaskaga, inn á miðhálandi Íslands, yfir Ísafjarðardjúp og norður yfir Hornstrandir.

Lengd: 4,5 km	Tími: 6 klst.	Hækkun: Upp í 854 m.	Erfið fjallganga.
---------------	---------------	----------------------	-------------------

GL-2. Bjarnarfjörður-Asparvík

Lýsing:

Rétt utan við Laugarhól er gönguleiðarskilti á upphafspunkti gönguleiðarinnar. Gengið er upp austan við Hallardalsgljúfur og þar sést Goðafoss vel. Síðan er gengið fram Seljadal en Hallárdalur gengur norður úr honum. Þegar komið er upp úr Seljadal er gott útsýni yfir Balafjöll ef hrygg er fylgt meðfram dalverpinu. Áfram er haldið til norðurs þar til komið er að Asparvíkurdal. Fossá er fylgt niður dalinn þar til komið er að sjó.

Lengd: 14,0 km	Tími: 5 klst.	Hækkun: Upp í 520 m.	Fremur auðveld fjallganga.
----------------	---------------	----------------------	----------------------------

GL-3. Hólsfjall.

Lýsing:

Við þjóðveginn þar sem hann liggur yfir Hallardalsá, rétt utan við Hótel Laugarhól í **Bjarnarfirði**, er gönguleiðaskilti sem er upphafspunktur. Gengið er yfir brúna á þjóðveginum sem liggur yfir Hallardalsá og síðan upp með ánni eftir varnargarði. Gengið er meðfram Hallardalsárgljúfri og að Goðafossi sem steypist ofan í gljúfrið efst í því. Ofan við fossinn er haldið yfir ána og stefnt í norðvestur á skarð í fjallsöxlinu og skásneitt upp að klettum. Víðsýnt er yfir Bjarnarfjarðarháls (Bassastaðaháls), Steingrímsfjörð, til Húnaflóa, Langjökuls og Eiríksjökuls. Þverá er síðan fylgt niður af fjallinu en hún steypist í mörgum fossum ofan í Þverárgljúfur. Neðan við gljúfrið er göngubrú yfir ána og þaðan er fylgt götum niður í dalinn fyrir ofan Svanshól og út að Laugarhóli aftur. Hér er um að ræða hringleið.

Lengd: 6,0 km	Tími: 2,5 klst.	Hækkun: Upp í 400 m.	Fremur auðveld fjallganga.
---------------	-----------------	----------------------	----------------------------

GL-4. Steingrímsfjörður-Bjarnarfjörður við Urriðavötn.

Lýsing:

Gömul þjóðleið sem liggur skammt fyrir austan Hellu og fer upp Hálsana austanvert við Urriðavötn. Best er að ganga niður meðfram Urriðáá eða á gömlum vegslóða sem liggur niður í Bjarnarfjörð.

Lengd: 10,0 km	Tími: 3,0 klst	Hækkun: Upp í 160 m.	Fremur auðveld fjallganga.
----------------	----------------	----------------------	----------------------------

GL-5. Pyttasundshæðir.

Lýsing:

Lagt er upp frá Hafnarhólmi og gengið upp að Pyttasundshæðum. Gengið er niður á leiðina um Bæjarháls og gengið eftir vörðuleið um Bæjarskarð.

Lengd: 9,0 km	Tími: 3,0 klst.		Fremur auðveld fjallganga.
---------------	-----------------	--	----------------------------

GL-6. Bæjarháls-Bæjarvötn.

Lýsing:

Gamla póstleiðin frá Bæ á Selströnd að Kaldrananesi var fyrrum fjölfarin og vel vörðuð og hafa vörðurnar nú verið endurbættar og gönguleiðin merkt beggja vegna með rekavíðarskiltum. Er þar notað gamalt vinnulag Strandamanna þegar girðingarstaurar voru settir niður á klapparholt eða í sandi. Hægt er að velja um að fara frá Kaldrananesi að Bæ. Gengið er frá Bæ upp svonefnt Berg, þegar því sleppir er genginn Kjölur. Brátt blasa við Bæjarvötn á vinstri hönd og norðan Skammár eru riðnar Bringur. Þá er komið í Bæjarskarð en þaðan sést að Kaldrananesi. Lengd ferðar eru um 6,0 km og tími 2-3,0 kls. Hækkun er frá 40,0 m upp í 200 m. Þetta er fremur auðveld og vel vörðuð reiðleið.

GL-7. Bæjarfell.

Lýsing:

Upp á Bæjarfell er gengið frá Drangnesi (hæð er 345 m). Gott útsýni opnast göngumönnum yfir Steingrímsfjörð, Húnaflóa og til Grímseyjar. Þægileg fjölskylduganga, gott útsýni yfir Steingrímsfjörð og yfir í Grímsey.

		Hækkun: Upp í 345 m.	Auðveld fjallganga.
--	--	----------------------	---------------------

GL-8. Gönguleiðir í Grímsey.

GL-9. Gönguleið að Gunnustaðagróf. Leiðin frá þjóðvegi er um hálfur kílómeter í nokkrum halla.

RL-1. Trékyllisheiði-Djúpavík-Kúvíkur.

Lýsing:

Reiðleiðin hefst við Bólstað í Selárdal. Farið er yfir Trékyllisheiði sem er fremur slétt en gróðurlítill. Vörður vísa veginn til Djúpavíkur. Eldri leið lá nokkru norðar en nú, fyrir ofan Reykjarfjarðardal og niður í Árnadal í Trékyllisvík. Áður var þetta fjölfarin leið en nú fara hana fáir. Ef farið til hægri eftir varðaðri leið er komið að Kúvíkum. Farið er undir hlíðum Háafells í átt að Kúvíkurdal. Fyrrum fóru menn þessa leið til þess að sækja verslun. Reiðleiðin til Djúpavíkur er 22 km og leiðin til Kúvíkur er aðeins lengri.

RL-2. Bassastaðaháls.

Lýsing:

Þægileg reiðleið á milli Bjarnarfjarðar og Steingrímsfjarðar. Farið er gamla veginn yfir Bassastaðaháls. Á leiðinni er Selkollusteinn sem tengist sögunni um ófreskjuna Selkollu. Leiðin er um 6,0 km.

RL-3. Sandnesháls.

Lýsing:

Upphafsstaður er Kvíanes og gengið yfir Sandnesháls í Bjarnarfjörð. Komið er niður við brúna rétt hjá Hvammi í Bjarnarfirði. Þetta er þægileg reiðleið. Leiðin er um 6,0 km.

(RL-4. Hamarsháls.

Lýsing:

Lagt upp frá Hamarshólma (Kokkálsvík) riðið yfir Hamarsháls áleiðis til Bjarnarfjarðar (að Urriðaseli). Reiðleið milli fjarða. Leiðin er um 7,5 km.)

5.8.4 Hafnir

Bryggjukantar á Drangnesi eru samtals 163 m, við Drangnesbryggju og skjólhöfnina í Kokkálsvík.

Hafnir í Kaldrananeshreppi eru á tveimur stöðum. Á Drangnesi er gömul steinbryggja en smábátahöfn er í Kokkálsvík.

Drangnesbryggja er óvarin fyrir öldu, en hún er aðal löndunarbryggjan og þar er hafnarvigtin. Dýpi við bryggjuna er 3 m og lengd hennar er 25 m. Mesta dýpi við Drangnesbryggju 3 m á 25 m kafla.

Skjólhöfnin í Kokkálsvík, sem er einnig löndunar- og viðlegubryggja var upphaflega byggð árið 1974. Hún er samtals 60 m löng, 40 m timburbryggja úr gagnvarinni furu og 20 m harðviðarbryggja sem var byggð 1991. Flotbryggja, sem er hluti af hafnarmannvirkjum, er 50 m löng, byggð úr steypueiningum.

Flotbryggja fyrir smábáta kom árið 1988. Síðan kom 20 m steinsteipt flotbryggja árið 2007. Bryggja er varin með grjótvörn sem smám saman hefur verið styrkt og bætt.

5.8.5 Fjarskipti

Samkvæmt fjarskiptaáætlun áttu allir landsmenn að geta tengst háhraðaneti árið 2007. Áætlunin tók mið af þróun tækni sem gerir fjarskiptum, tölvutækni og fjölmiðlun kleift að renna saman. Í henni kemur fram að háhraðatengingar til einstaklinga, menntastofnana og fyrirtækja verða eflar jafnt og þétt næstu fimm árin eða til ársins 2010. Einnig á að auka aðgengi að GSM-farsímabjónustu á ferðamannastöðum og minni þéttbýlisstöðum. Einnig er stefnt er að því að allir landsmenn hafi aðgang að gagnvirku stafrænu sjónvarpi og að í boði verði stafrænt sjónvarp um háhraðanet. Þá gerir fjarskiptaáætlun ráð fyrir að útvarpað verði stafrænt um gervihnött um allt land og næstu mið.

Fjórir GSM sendar frá Vodafone voru gangsettir á Ströndum og nágrenni í byrjun maí 2008. Sendarnir bæta verulega samband á svæðinu og eru á eftirtöldum stöðum, Svalbarða á Vatnsnesi, Ennishöfða í Strandasýslu, á Skeljavíkurbálsi við Hólmavík og við hafnarsvæðið á Hólmavík.

Nettengingar eru ennþá fremur slæmar sums staðar. Vonir eru bundnar við að þetta verði lagfært á allra næstu árum, enda er þetta orðið nauðsynlegur hluti af daglegu lífi fólks.

Árið 1949 var byggður 7 m hár steinsteiptur viti í Grímsey, 4,3 x 4,3 m að utanmáli. Hann var útbúinn með ljóshúsi, linsum og gasljóstækjum járngrindarvitans. Vitinn var rafvæddur með sólarorku árið 1992. Grímseyjarviti er þannig staðsettur: N.br. v.lg 65 41,1679 21 23,7189. Ljóseinkenni eru Fl WRG 10s og sjónarlengd: 10 sjómflur. Ljóshæð yfir sjávarmáli er 82 m hæð vita er 10,3 m. Hönnuður var Einar Stefánsson húsateiknari.

Dreifikerfi síma er komið í jörð í Kaldrananeshreppi. Nú er staðan sú að GSM-sími nýttist í öllum hreppnum. ADSL-samband er komið á Drangnesi en 3G-tengikerfi kemur annars staðar í hreppnum. Nettenging er mikilvæg fyrir ferðabjónustu þar eð mikill hluti viðskipta og auglýsinga fer oft fram á netinu.

Fjarskiptamál í Kaldrananeshreppi eru misjafnlega vel á veg komin því símalínur detta út og langbylgjusendingar Ríkisútvarpsins eru götöttar.

Næsta endurvarpsstöð fyrir útvarp og sjónvarp RUV er á Blönduósi og aðstæður til móttöku eru mismunandi eftir staðsetningu loftneta. FM-sendingar nást ekki í öllum hreppnum.

5.9 Stofnanir og tengd starfsemi

5.9.1 Menntamál

Drangsnesskóli var vígður haustið 1944. Nú er skólinn rekinn af sveitarfélaginu, s.s. annars staðar háttar til. Sérstaða Drangsnesskóla felst í því, að hann hefur tveim hlutverkum að gegna. Auk þess að vera kennsluhúsnæði þá fara þar fram guðsþjónustur og kirkjulegar athafnir í kapelli sem er hluti af skólabyggingunni. Árið 1987 hófst smíði viðbyggingar við skólann sem lauk sumarið 1992 og var hún þá tekin í notkun.

Áður en skólahúsið var tekið í notkun fór kennsla fram í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi í hálfan annan áratug. Heimavistaraskóli á Klúku í Bjarnarfirði var aflagður sem slíkur árið 1994.

Torfi Guðbrandsson fyrrverandi skólastjóri að Finnbogastöðum í Árneshreppi hefur tekið saman sögu skólamála í Kaldrananeshreppi.

Skólaárið 2009/2010 var starfsmannahald þannig: Skólustjóri í fullu starfi og tveir kennarar. Þetta skólaár eru nemendur 15 talsins.

Skólinn er rekinn af metnaði og eru aðstæður þar góðar að flestu leyti. Skólinn er ágætlega tækjum búinn.

Til stendur að bæta aðstöðu barna með því að byggja upp sparkvöll við skólann.

5.9.2 Menningar- og félagsmál

Nokkur menningar-, líknar- og hagsmunafélög hafa starfað í hreppnum.

Margs konar félagsstarf hefur farið fram í gegnum tíðina í Kaldrananeshreppi. Má í því sambandi nefna Búnaðarsamband Kaldrananeshrepp, sem stofnað var á grunni Jarðabótafélags hreppsins um 1900. Markmið félagsins var að stuðla að framförum í landbúnaði, sérstaklega í ræktunarmálum. Leiðbeinendur voru fengnir til upplýsingamiðlunar og jarðvinnslutæki voru keypt. Félagið ákvað einnig að styrkja bændur til tækjakaupa, útvega tilbúinn áburð o.fl. Árið 1957 var stofnað embætti héraðsráðunautar í Strandasýslu. Einn merkasti atburður í sögu Búnaðarsambands Strandasýslu var svokölluð húsagerðarsamþykkt frá 1961 sem olli byltingu við húsbyggingar í sýslunni. Nautgriparæktarfélag var stofnað árið 1928. Þetta félag starfaði í nokkra áratugi en hefur ekki tilgang fyrir Kaldrananeshrepp nú.

Lestrarfélag Selstrandar var stofnað árið 1896 og var markmið félagsins að auðga félagslíf, bóklestur og menntun. Bókasafnhús var byggt á árunum 1931-32 að Hamarsbæli, það flutti síðan í húsnæði bókasafnsins á Drangnesi árið 1947. Síðasti fundur Lestrarfélags Selstrandar var haldinn á Drangnesi árið 1947, en þá sameinaðist félagið Lestrarfélagi Bjarnarfjarðar og Bala, sem einnig hafði verið stofnað árið 1896. Þetta nýja Lestrarfélag náði til alls hreppsins og þá var stofnað Bókasafn Kaldrananeshrepps.

Veiðifélag Bjarnarfjarðar var stofnað árið 1941. Því var ætlað að stuðla að ræktun árinna.

Kvenfélagið Snót var stofnað árið 1927 að Kaldrananesi. Tilgangur þess félags var að stuðla að margs konar framförum, standa fyrir félagsstarfi kvenna og að veita þeim aðstoð sem þurftu.

Slysavarnardeildin Björg, nú Björgunarsveitin Björg, var stofnuð árið 1945 og starfaði til 1954, deildin var síðan endurreist árið 1975. Fjöldi félagsmanna í Björg er hlutfallslega hár.

Sparisjóður Kaldrananeshrepps var stofnaður árið 1948, eignir hans voru yfirteknar þegar Búnaðarbankaútibú kom á Hólmavík árið 1973. Síðan hefur ýmislegt gerst í eignarhaldi fyrirtækisins.

Ungmennafélagið Neisti var stofnað í samkomuhúsinu á Kaldrananesi árið 1924. Strax á fyrsta ári voru félagsmenn orðnir 56. Aðalmarkmið félagsins voru ástundun íþróttar og almennt félagsstarf, þá var einnig lögð áhersla á blaðaútgáfu. Þrjú ungmennafélög í Strandasýslu mynduðu með sér samband árið 1927, þ.e. Hvöt í Kirkjubólshreppi, Geislinn í Hrófbergshreppi og Neisti í Kaldrananeshreppi. Aðaltilgangur sambandsins var að taka við sundlauginni í Hveravík. Ungmennafélagið Neisti varð

aðili að Íþróttasambandi Íslands árið 1940. Félagið hefur starfað með mismunandi krafti á ýmsum tímum. Ungmennafélagið Neisti hefur staðið fyrir ýmsum viðburðum á síðari árum standa.

Sundfélagið Grettir kom til sögunnar árið 1928. Fyrsta framtak þess félags var að grafa baðpoll í Kýlalæk á Svanshóli, niður við Bjarnarfjarðará. Árið 1930 stóð félagið fyrir uppbyggingu steyptrar sundlaugar ásamt búningaþstöðu á svipuðum slóðum. Þessi laug entist ekki lengi eða nokkru fram yfir 1940. Varanleg sundlaug var síðan byggð og tekin í notkun árið 1947, sú var vestan við túnhólinn á Klúku þar sem hún er ennþá. Þar var kennt sund og keppt í sundi. Sundfélagið var einnig aðili að byggingu samkomu- og skólahússins á Laugarhóli, sem vígt var árið 1972.

Skíðaganga var vinsæl íþrótt á vissu tímabili, aðallega á fimmta áratug síðustu aldar.

Bindindisfélagið Hrönn var stofnað árið 1938. Markmið þess var að stuðla að bindindi og standa að skemmtanahaldi og leikstarfsemi. Starfsemi þessa félags er nú hætt.

Ýmislegt er sótt til Hólmavíkur í félags- og menningarstarfi.

5.9.3 Samkomuhús og söfn

Fyrsta fundar- og samkomuhús, þinghús, hreppsins var reist á Kaldrananesi árið 1924. Samkomuhús á Drangnesi, sem hét Baldur, var tekið í notkun sama ár. Þetta hús var notað til ársins 1976. Núverandi hús var byggt árið 1980. Töluverð starfsemi er í húsinu og þar er einnig hreppsskrifstofa. Eigandi samkomuhússins Baldurs er húsfélagið Baldur.

Áætlað er að setja upp grásleppu- og nytjasetur á Drangnesi.

Héraðsbókasafn Strandasýslu er til húsa í Grunnskólanum á Hólmavík. Allir íbúar sýslunnar geta gerst félagar í safninu. Það er nokkuð nýtt af íbúum Kaldrananeshrepps.

Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna að Reykjum í Hrótafirði er byggðasamlag Húnaþings vestra, Héraðsnefndar Austur-Húnavatnssýslu og Héraðsnefndar Strandasýslu. Safnið hefur að geyma fjölbreytt úrval muna er tengjast sögu svæðisins þ.m.t. hákarlaveiðiskipið Ófeig og baðstofuna frá Syðsta-Hvammi.

Í hreppnum eru fjölmargir staðir sem áhugavert er að skoða og má í því sambandi nefna stórbrotna náttúru, sögustaði o.fl. Í þessu sambandi skal einnig getið Kotbýlis kuklarans að Klúku.

5.9.4 Heilbrigðismál

Kaldranaeshreppur er hluti af Hólmavíkurlæknishéraði sem telur um 700 íbúa með inndjúpi (Nauteyrahrepp) og er þá Bæjarhreppur undanskilinn, en honum sinna Hvammstangalæknar.

Heilsugæslustöðin Hólmavík, sem heyrir undir Heilbrigðisstofnunina Hólmavík, þjónar íbúum Kaldrananeshrepps.

Pökkalegur snjóbíll er til á Hólmavík sem nýttist í neyðartilfellum. Yfir veturinn er vegur ávallt ruddur snjó á milli Drangness og Hólmavíkur.

Starfsemi og aðstaða Sjúkrahúss Hólmavíkur: Húsnæðið, 458 m² á stærð, er á tveimur hæðum auk kjallara. Efri og neðri hæðin rýmir hjúkrunardeild ásamt eldhúsi. Rúmafjöldi er 12 og eitt rúm er að auki nýtt til bráðainnlagnar. Viðhald hússins hefur verið þökkalegt.

Á sjúkrasviði stofnunarinnar starfa hjúkrunarfræðingur, tveir sjúkraliðar ásamt 12 ófaglærðum starfsstúlkum í hlutastarfi. Þar er sinnt allt að 12-13 sjúklingum, (hefur farið upp í 17 sjúklinga) sem sumir hverjir þarfnast mikillar umönnunar. Sjúklingar eru vistaðir í bráðatilvikum og til hvíldarinnlagnir í skamman tíma.

Starfsemi og aðstaða Heilsugæslustöðvarinnar á Hólmavík: Húsnæðið er 357 m² á stærð, byggt á árunum 1983 til 1985. Móttaka sjúklinga er opin virka daga frá kl. 9 til 12 og 13 til 16 á Hólmavík. Læknismótaka er sæmilega vel búin tækjum. Hjúkrunarfræðingur sér um mæðraskoðun og ungbarnaefirlit en sjúkraliðar sjá um móttöku, vélritun sjúkraskýrslna, röntgenmyndatöku auk fleiri starfa. Forvarnarstarfsemi er sinnt á stöðinni. Gæsluvakt er á staðnum. Rannsóknarstofa er frekar lítil og þar er takmörkuð starfsemi. Aðstaða til sjúkrahjálfunar og endurhæfingar er ekki til staðar. Röntgenmyndataeki með búnaði eru nýleg, flestar gerðir myndir eru teknar og sendar til Reykjavíkur til aflestrar. Tannlæknisaðstaða er á staðnum og hefur tannlæknir

komid eina viku í mánuði til að sinna tannlækningum. Apótek er rekið af sveitarfélögunum en fastráðinn læknir er ábyrgðaraðili. Læknisbústaður er á Hólmavík. Nýleg sjúkrafreið er til staðar, vel búin tækjum.

5.9.5 Félagsþjónusta

Þeir öldruðu sem þurfa á hjúkrunarinnlögn að halda stendur það til boða á Sjúkrahúsi Hólmavíkur. Íbúðir eða annars konar sérhæfð aðstaða fyrir aldraða er ekki fyrir hendi í sýslunni.

Skrifstofa Svæðisstjórnar Vestfjarða um málefni fatlaðra er á Ísafirði. Verkefni skrifstofunnar er m.a. að stuðla að samræmingu á þjónustu við fatlaða á svæðinu og hafa eftirlit með stofnunum fyrir fatlaða og aðgengimálum þeirra á svæðinu. Byggðasamlag hefur verið stofnað um málefni fatlaðs fólks, þar sem málaflökurinn hefur færst frá ríki til sveitarfélaga (2011). Aðilar að byggðasamlaginu eru; Bolungavíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Strandabyggð, Kaldrananeshreppur, Árneshreppur, Reykhólahreppur, Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur. Umsjón barnaverndarmála er í höndum sameiginlegrar barnaverndarnefndar Húnaþings vestra og Héraðsnefndar Strandasýslu samkvæmt samningi þar um sem tók gildi í upphafi árs 2003.

5.9.6 Opnber stjórnsýsla

Héraðsnefnd Strandasýslu er samstarfsvettvangur sveitarfélaga í sýslunni. Nefndin fjallar um vissa málaflökka sem snerta sveitarfélögin sameiginlega. Héraðsnefnd annast verkefni á sviði samgöngu- og vegamála, ásamt þátttöku í sameiginlegum rekstri. Einnig má nefna fjallskil. Hreppar sýslunnar, sem jafnframt eru aðilar að héraðsnefndinni, eru: Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð og Bæjarhreppur.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða er í Bolungarvík.

Sýslumaður Strandasýslu situr á Hólmavík. **Lögregluumdæmið** nær yfir alla Vestfirði og situr lögreglustjóri á Ísafirði.

Kaldrananeshreppur er aðili að **Almannavarnanefnd Strandasýslu**, en samtals eru fimm sveitarfélög aðilar að nefndinni. Formaður Almannavarnanefndarinnar er sýslumaðurinn á Hólmavík.

5.9.7 Kirkjur, kirkjugarðar

Síðan 1970 er Strandasýsla hluti af Húnavatnsprófastsdæmi. Í Kaldrananeshreppi eru tvær sóknir, sem báðar tilheyra Hólmavíkurprestakalli. Kaldrananeskirkja er við Bjarnarfjörð og kapella sem er á Drangnesi. Kirkjan að Kaldrananesi var byggð árið 1851 og er því friðuð. Vel hlaðinn grjótgarður er umhverfis kirkjugarðinn.

Kaldrananeskirkja, sem nú stendur er næstelsta hús sýslunnar. Hún er úr járnvörðu timbri og árið 1888 var settur turn á hana og fleiri breytingar fóru fram til ársins 1892. Smíðað var nýtt altari og gráður, nýir gluggar settir í, sæti endurnýjuð og þilverkið að hluta. Prédikunarstóllin, sem er líklega frá 1787, fékk að halda sér, en var málaður í sama stíl og bekkir, altari og gráður um leið og öll kirkjan var máluð í fyrsta skipti. Þá var líka sett hvelfing í kirkjuna. Altaristafla er eftir C. Rosenberg og mun myndin sem þar er máluð eftir líkneski Bertels Thorvaldsens. Kirkjan á einnig kaleik og patínu ásamt tveimur klukkum. Árið 1970 fóru fram nokkrar endurbætur á kirkjunni. Hún var lengstum bændakirkja en söfnuðurinn eignaðist hana skömmu eftir 1950. Meðal góðra gripa kirkjunnar eru altaristafla, kaleikur og patína auk tveggja klukkna (önnur með ártalinu 1798). Síðustu endurbætur á kirkjunni voru unnar á árunum í kringum 2000 og nýr veggur hlaðinn umhverfis kirkjugarðinn. Um var að ræða svokallaða bændakirkju, þ.e í eigu bændna, en uppúr 1950 komst hún í eigu safnaðarins. Kirkjugarður er við kirkjuna. Heimagrafreitur er á Svanshóli.

Drangneskapella, sem er hluti af húsnaði grunnskólans, var byggð 1944. Kirkjugarðurinn á Drangnesi er upp af Stekkjarvík, í hlíðinni ofan vegar. Þar austan við er skógarreitir Kvenfélagsins Snótar sem er eitt af útivistarsvæðum Drangness.

Kirkjukór starfar í sókninni.

5.10 Umhverfi og útivist

5.10.1 Útivist -almennt

Víða eru góðir útivistarmöguleikar í Kaldrananeshreppi eins og fram kemur í kafla 5.8.3, þar sem nokkrum gönguleiðum er lýst. Þar er víða náttúrufegurð.

Með aðalskipulagstillögunni er lögð fram áætlun (stefnumörkun) sem tekur að einhverju leyti á umhverfis- og útivistarmálum. Þessi áætlun er þó ekki tæmandi enda þarf þessi málaflokkur að vera í sífældri endurskoðun. Af þessum ástæðum er mikilvægt að fara að öllu með gát og vanda til verka þar sem mannhöndin kemur við sögu.

Gildi útivistarsvæða ræðst oftast af ákveðnum þáttum, svo sem náttúrufari og ýmsum öðrum umhverfisaðstæðum, lega þessara svæða skiptir einnig miklu máli. Þeir umhverfisþættir sem nefna mætti og eru fyrir hendi í Kaldrananeshreppi eru: Sjávarströnd, votlendi, vötn, ár, fossar, söguminjar, plöntu- og dýralíf. Það sem hefur síðan mikil áhrif á þróun þessara svæða er manngerð aðstaða og skipulögð starfsemi. Gönguleiðir hafa verið skilgreindar og settar niður merkingar í Grímsey.

Nefna má ýmsar áhugaverðar gönguleiðir sem tengja útivistarsvæðin, sjá kafla 5.8.3. Hestamennska er vaxandi í hreppnum, en hestamannafélagið Blakkur er starfandi í Strandasýslu.

Silungur veiðist í nokkrum ám og vötnum í Kaldrananeshreppi, s.s. í Selá og Bjarnarfjarðará, einnig í Kjalavatni og í vatni neðst í Kaldbaksdal. Skotveiði er töluvert stunduð.

5.10.2 Íþróttasvæði

Íþróttavöllur Kaldrananeshrepps er í grennd við samkomuhúsið Baldur. Mismunandi er hversu mikill áhugi er fyrir íþróttaiðkun á hverjum tíma. Erfitt er að halda uppi markvissu íþróttastarfi í svo fámennu sveitarfélagi, en samt sem áður er mikilvægt að geta boðið upp á vissa aðstöðu. Þetta þjónar einnig ferðabjónustu sem menn binda góðar vonir við. Sjá þó umfjöllun um sparkvöll við grunnskólann.

5.10.3 Sundlaugar

Sundlaugin á Laugarhóli er eldri og stærri sundlaugin í Kaldrananeshreppi og er hún í ágætu ástandi. Hún er 25 m löng. Meðlimir Sundfélagsins Grettis byggðu sundlaugina fyrir rúmum sextíu árum. Þar er einnig náttúrulegur heitur pottur. Aðstaðan er nýtt af heimamönnum, ferðamönnum og hótलगestum á Laugarhóli. Sundlaugin hefur nýlega verið lagfærð og endurbætt af nýstofnuðu Hollvinafélagi.

Sundlaugin á Drangnesi var byggð nýlega og er 12.5 m löng. Þar er heitur pottur, gufubað og krakkaþollur. Þar er einnig að finna aðstöðu til þrekkþjálfunar.

Þrjú **heitir pottar**, sem staðsettir eru í fjöruborðinu neðan þjóðveggar á Drangnesi, eru nýttir af heimamönnum og gestum allt árið.

5.11 Öryggismál

Í Kaldrananeshreppi er til slökkvibíll til að bregðast við útköllum. Þessi búnaður er á Drangnesi. Um er að ræða slökkvibíll og aðstöðuhús fyrir hann (slökkvistöð) að Grundargötu 17.

Eldvarnareftirlit í Kaldrananeshreppi er eins og almennt gerist. Eftirlit nær jafnt til afgreiðslustigs byggingarleyfis sem og eftirlits með eldri byggingum af öllum gerðum.

6.0. Eignarhald á landi

Bújarðir og annað land í Kaldrananeshreppi er fyrst og fremst í einkaeigu. Þar háttar svo til að í mörgum tilfellum eru landeigendur margir um hverja jörð. Oft er um að ræða marga erfingja viðkomandi jarða. Sveitarfélagið á eftirfarandi jarðeignir: Drangnes, Klúku og Skarð. Jörðin Kleifar er í eigu Landsvirkjunar.

7.0. Könnun á landnotkun

Þegar í upphafi vinnu við Aðalskipulag Kaldrananeshrepps 2010-2030 var ákveðið að gera könnun á áformum landeigenda um landnotkun. Þetta er eðlilegt vegna þess að unnið er að skipulagi sveitarfélagsins í heild. Mikilvægt er einnig að virða eignarrétt manna og að skapa skilyrði fyrir landeigendum til þess að koma á framfæri hugmyndum sínum um landnotkun á eigin landi. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi nýrra skipulagslaga nr. 123/2010 og þeirra sem áður giltu. Til þess að fylgja þessum markmiðum eftir var landeigendum sendur spurningalisti til útfyllingar.

Mjög líklegt má telja að síðar á skipulagstímabilinu komi fram nýjar óskir og hugmyndir um heimild til breyttrar landnotkunar, en þá þarf að gera breytingar á staðfestu aðalskipulagi í samræmi við kafla 8.1. í greinargerð þessari. Sjá einnig kafla 2.3.1.

Að könnun á áformum landeigenda um breytta landnotkun, sem framkvæmd var meðan vinna við skipulagstillöguna stóð yfir, bendir til þess að nokkrar framkvæmdir séu fyrirhugaðar að frumkvæði landeigenda (9 svara). Fimm aðilar hyggjast kanna möguleika á virkjun vatns- og vindafli eða hitaorku. Fimm aðilar hyggjast ráðstafa landi fyrir frístundabyggð. Tveir aðilar huga að aukinni uppbyggingu ferðaþjónustu. Fram kemur vilji fyrir uppgræðslu skógræktar hjá fimm aðilum og í einu tilfalli er talað um uppbyggingu eins til tveggja frístundahúsa á bújörð. Einn aðili hyggst ráðstafa landi fyrir fjögur íbúðarhús. Síðar í verkferlinu hafa komið til nokkur ný atriði er varða framtíðaráform.

Könnun á áformum landeigenda um breytta landnotkun.

Bújarðir-landareign	A:Óbreytt landnotkun	B:Breytt landnotkun	Ný landnotkunáform - greinargerð
Bassastaðir		x	2
Bakki		x	1, 5, 6, 7 (vatnsafl -hugmynd)
Bjarnarnes (25% - eignarhl.)	x		
Bólstaður	x		
Brúará		x	7, 9, 10 (vatnsafl-hugmynd), greinargerð
Bær 1		x	2, 5 og 6
Bær 2	x		
Bær 3	x		
Eyjar		x	7 (vindafl)
Gautshamar	x		
Goðdalur	x		
Hafnarhólmur	x		
Hvammur	x		
Hveravík		x	2, 5 og 7 –orkuframl. með heitu vatni
Kaldrananes –Nesvöllur (lóð 2)		x	6 –skjólbelti/útivist
Kleifar	x		8 -Vegagerðin hefur fengið leyfi til efnistöku
Sandnes		x	2, 5 og 6 -200 ha skógrækt nú þegar, útivistarsv.
Sunnadalur	x		
Svanshóll		x	2, 4, 5, 6 og 7 (vatnsafl), 9 og 11
Samtölur	10	9	

Tafla nr. 20. Fjöldi bújarða/landareigna þar sem fyrirhugaðar eru breytingar, eftir flokkum. Heimild: BB/Heimamenn.

Landnotkun/valkostir

() A. Óbreytt landnotkun

() B. Breytt landnotkun

Ef svarið er B þá er spurt um hver eftirfarandi atriði eiga þar við, eitt eða fleira.

- () 1. Leiga/sala á frístundahúsalóðum (1-2 lóðir).
- () 2. Leiga/sala á frístundahúsalóðum (fleiri en 2 lóðir).
- () 3. Leiga/sala á íbúðarhúsalóðum, utan búreksturs 1-2 lóðir.
- () 4. Leiga/sala á íbúðarhúsalóðum, utan búreksturs (fleiri en 2 lóðir).
- () 5. Almenn skógrækt; útivistarskógur.
- () 6. Bændaskógrækt; landgræðsluskógar, skjólbelti.
7. Virkjun til raforkuframléiðslu:
- () Vatnsafl.
- () Vindafl -Hitaorka
- () 8. Starfræksla efnistökusvæða.
- () 9. Ferðaþjónusta (bændagisting).
- () 10. Önnur þjónusta.
- () 11. Breytt landbúnaðarstarfsemi.
- () 12. Aðrar breytingar á landnotkun.

Ef krossað var við lið nr. 12 á listanum þá var vinsamlegast óskað eftir stuttri greinargerð. Nokkur svör bárust seint en niðurstöður þeirra hafa verið teknar til greina.

Samantekt vegna könnunar:

B:Breytt landnotkun												
Flokkur/ Valkostir	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
Landnokunarflokkur	1	5	0	1	5	5	5	1	1	1	1	0
Tafla nr. 21. Fjöldi bújarða/landareigna þar sem fyrirhugaðar eru breytingar, eftir flokkum. BB.												

7.1. Skipulag á bújörðum

Efn af þýðingarmiklum breytingum á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og hinum nýju skipulagslögum og í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 er sú að allt landið er skipulagsskytt og eru bújarðir ekki undanskildar eins og áður var.

Uppdráttur, sem nær yfir allt sveitarfélagið, nefndur sveitarfélagsuppdráttur, er í mælikvarðanum 1/50.000. Uppdráttur sem nær yfir Drangsnæs og nágrenni, nefndur þéttbýlisuppdráttur, er í mælikvarðanum 1/10.000.

Aðalskipulag Kaldrananeshrepps 2010-2030 á að greiða fyrir öllum afgreiðslum vegna einstakra skipulagsgerinda sem tillagan nær til og gera íbúum Drangsnæs, bændum og öðrum landeigendum léttara að ná markmiðum sínum varðandi landnotkun. Í langflestum tilfellum þarf að vinna deiliskipulag vegna breyttrar landnotkunar.

8.0. UM SKIPULAG

8.1. Framkvæmd og endurskoðun skipulags

Í inngangi þessarar greinargerðar eru rakin helstu atriði sem snúa að hinni lögformlegu hlið aðalskipulags, m.t.t. meðferðar og afgreiðslu þessa mikilvæga þáttar í stjórnýslu sveitarfélagsins.

Eftir að staðfesting aðalskipulags hefur farið fram hefur það öðlast það gildi sem því er ætlað, þ.e. að vera bindandi fyrir allar meiri háttar framkvæmdir í viðkomandi sveitarfélagi a.m.k. til næstu tólf ára. Þótt aðalskipulagstillagan sé unnin af kostgæfni, svo sem aðstæður leyfa, þá geta ýmsar forsendur breyst á skemmri tíma. Athugun á forsendum endurskoðunar á aðalskipulagi er því nauðsynleg með ákveðnu millibili..

Auk þeirrar reglulegu athugunar á endurskoðun sem áður er nefnd getur það gerst að nauðsynlegt sé að gera breytingu á hluta aðalskipulags meðan skipulagstímabilið stendur yfir. Í því tilfalli er um tvær leiðir að velja:

35. gr. skipulagslaga fjallar *endurskoðun aðalskipulags*: „Þegar að loknum sveitarstjórnarkosningum metur sveitarstjórn hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið. Skal sú ákvörðun m.a. taka mið af því hvort landsskipulagsstefna kalli á endurskoðun aðalskipulagsins. Um málsmeðferð á endurskoðaðri áætlun fer sem um gerð nýs aðalskipulags sé að ræða. Ef niðurstaða sveitarstjórnar er að aðalskipulagið þarfnist ekki endurskoðunar heldur það gildi sínu. Tilkynna skal Skipulagsstofnun um þá niðurstöðu.“

36. gr. skipulagslaga fjallar *breytingar á aðalskipulagi*: „Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingu á gildandi aðalskipulagi og fer þá um málsmeðferð eins og um gerð aðalskipulags sé að ræða.“

„Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á gildandi aðalskipulagi sem séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 30.–32. gr. og skal þá sveitarstjórn senda rökstudda tillögu um breytinguna til Skipulagsstofnunar. Niðurstaða sveitarstjórnar skal auglýst. Við mat á því hvort breyting á aðalskipulagi geti talist óveruleg skal taka mið af því hvort hún hafi verulegar breytingar á landnotkun í för með sér eða sé líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila eða hafa áhrif á stór svæði. Fallist Skipulagsstofnun á tillögu sveitarstjórnar skal hún staðfesta tillöguna innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni og auglýsa hana í B-deild Stjórnartíðinda. Fallist Skipulagsstofnun ekki á að um óverulega breytingu sé að ræða skal hún tilkynna sveitarstjórn um það og fer þá um málsmeðferð eins og um gerð aðalskipulags sé að ræða.“

Innan marka aðalskipulags þarf jafnan að gera **deiliskipulag** sem kveður nánar á um einstakar framkvæmdir, t.d. stærð lóða, breidd gatna, mænisstefnu þaka, nýtingarhlutfall húsa og fleira. Ef vikið er frá staðfestu aðalskipulagi í deiliskipulagstillögu skal sérstaklega gerð grein fyrir nauðsyn á slíku fráviki og þá ber að senda Skipulagsstofnun tillögu um breytingu á aðalskipulagi. Breyting á aðalskipulagi kallar einnig á aðlögun svæðisskipulags, sé það fyrir hendi, enda þarf að vera samræmi þar á milli.

9.0. **LOKAORÐ**

Það eru ýmis atriði sem þarf að skrásetja og fjalla um í greinargerð sem fylgir aðalskipulagstillögu sem þessari. Þetta er vinna sem alltaf er álitamál hvenær lýkur. Markmiðið er þó ávallt að koma fram með öll helstu atriði sem ýmist eru einkennandi fyrir sveitarfélagið, hafa áhrif á þróun byggðarinnar, eða hafa fengist samþykkt í stefnumörkun viðkomandi hreppsnefndar.

Það sem undirritaður telur vera mikilvægast varðandi Aðalskipulag Kaldrananeshrepps 2010-2030, sem nú er lagt fram til afgreiðslu og staðfestingar, er í aðalatriðum í eftirfarandi:

- Samkvæmt skipulagstillögunni er gert ráð fyrir nokkurri fjölgun íbúa í Kaldrananeshreppi og mótast landnotkun í sveitarfélaginu af því.
- Gert er ráð fyrir megin uppbyggingunni á Dranganesi og þar verði miðstöð verslunar og þjónustu.
- Sérstök áhersla verði lögð á rannsóknir á hitaorku, bæði með aukinni leit (borunum) og athugunum á nýtingu orkunnar.
- Gert er ráð fyrir iðnaðarsvæði við Hveravík þar sem möguleikar á orkunýtingu verði kannaðir.
- Gert er ráð fyrir uppbyggingu á aðstöðu fyrir menningartengda ferðaþjónustu og frístundabyggð í landi Klúku (Laugarhóls). Þessi uppbygging er að hluta til á vegum hreppsins.
- Gert ráð fyrir umtalsverðri uppbyggingu frístundahúsa og frístundasvæða í hreppnum.
- Sérstök áhersla er lögð á þátt ferðaþjónustu.
- Stefnt er að því að aðgengi almennings að öllu umhverfi sé sem mest og án hindrana.

Afkoma atvinnulífs og þróun íbúafjölda í Kaldrananeshreppi hljóta að fylgjast að.

Til þess að koma í veg fyrir þá íbúáþróun sem verið hefur á síðustu árum og áratugum víðast hvar á landsbyggðinni verður ekki annað séð en til þurfi að koma stjórnvaldsaðgerðir sem með ýmsum hætti þyrftu að styrkja jaðarbyggðir á Íslandi.

Áðurtalin atriði eru einna mikilvægust í fyrirleggjandi aðalskipulagstillögu, en fjölmörg önnur mál fá umfjöllun og ýmsar ákvarðanir hafa verið teknar varðandi stefnumörkun sveitarfélagsins.

Áður en skipulagstillagan var lögð fram til kynningar og síðan auglýsingar, í byrjun ársins 2011, höfðu tekið gildi ný skipulagslög nr. 123/2010 og varð því að aðlaga texta o.fl. að þeirri lagasetningu.

Ég vil að lokum þakka ágætt samstarf við heimamenn í Kaldrananeshreppi og þá sérstaklega oddvita. Sömu leiðis ber að geta þess að höfundur hefur fengið góða fyrirgreiðslu hjá ýmsum stofnunum og einstaklingum.

Kópavogi, 22. september 2009/30. júlí 2010/30. september 2010.

Benedikt Björnsson arkitekt faí.

10.0. **HELSTU HEIMILDIR**

1. Benedikt Björnsson og heimamenn: Aðalskipulag Kaldrananeshrepps 1994-2014, des. 1995.
2. Búnaðarsamband Strandamanna: Strandir II, 1985. Lýður Björnsson sá um útgáfuna.
3. Búnaðarsamband Strandamanna: Tölulegar upplýsingar, skýrslur yfir búrekstur.
4. Byggðastofnun: Tölfræðilegar upplýsingar.
5. Fasteignamat ríkisins, Borgarnesi: Skráning fasteigna.
6. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Stefán Ólafsson prófessor: Búseta á Íslandi, 1997.
7. Fornleifastofnun Íslands FS185-99133: Fornleifaskráning í Kaldrananeshreppi, Strandasýslu.

8. Hagstofa Íslands: Hagtíðindi og mannfjöldaskýrslur.
9. Haukur Jóhannesson: Bornun holna DN-19 og DN-20 á Drangnesi, febrúar 2011.
10. Haukur Jóhannesson: Ýmsar upplýsingar og gögn.
11. Heilsugæslustöðin á Hólmavík: Upplýsingar um þjónustu.
12. Heimamenn: Ýmsar upplýsingar, skriflegar og munnlegar, 2008.
13. Hollustuvernd ríkisins: Starfsreglur um góða búskaparhætti, 26. ágúst 2002.
14. Hreppsnefnd og ráðgjafi: Könnun á áformum um breytta landnotkun, 2008.
15. Hættumatsnefnd: Mat á hættu vegna ofanflóða á Drangnesi, 2009.
16. Íslenskur söguatlas, Reykjavík, 1991, 1992, 1993.
17. Ísor 100009: Borholur í landi Drangness, 2010.
18. Ísor 10037: Hóla DN-16 á Drangnesi, 2010.
19. Landvernd: Vistfræði hafsins, lesarkir.
20. Markús Á. Einarsson: Veðurfar á Íslandi, Reykjavík 1976.
21. Menntamálaráðuneytið: Tölfræðileg gögn, vegna skóla og dagvistunar.
22. Náttúruverndarráð: Náttúruinjakrá, sjöunda útgáfa 1996.
23. Nýttjaland: Stærðir jarða.
24. Orkubú Vestfjarða: Ýmsar upplýsingar.
25. Ólafur Jónsson: Skriðuföll og snjóflóð, endurúgefin 1992, þrjú bindi.
26. Samband íslenskra sveitarfélaga: Árbækur sveitarfélaga.
27. Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og skipulagslög nr. 123/2010, ásamt reglugerðum.
28. Skipulagsstofnun: Ýmsar greinargerðir vegna aðalskipulags.
29. Torfi Guðbrandsson fyrrv.skólastjóri: Saga skólamála í Kaldrananeshreppi.
30. Umhverfisráðuneytið: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, 1997.
31. Veðurstofa Íslands: Hættumat fyrir Drangnes. Greinargerð með hættumatskorti, 2009.
32. Veðurstofa Íslands: Tölfræðileg gögn.
33. Vefurinn Strandir. is.: Ýmsar upplýsingar.
34. Vegagerðin o.fl.: Námur-efnistaka og frágangur. Gefin út af tíu ríkisstofnunum ásamt S.ísl.sv. 2002.
35. Vegagerðin: Umferðartalning o.fl.
36. Ýmis rit um skipulags- og byggingarmál: Erlend og innlend.
37. Ýmsir heimamenn.
38. Zóphónías Pálsson: Ágrip af sögu skipulagsmála í einstökum sveitarfélögum 1938-1988.
39. Þjóðminjasafn Íslands: Fornleifaskrá, Rvík 1990.
40. Þorleifur Einarsson: Jarðfræði, 4. útgáfa 1980.
41. Þorsteinn Jósepsson, Steindór Steindórssen: Landið þitt Ísland, 1981.
42. Örn og Örlygur: Íslandshandbókin, 1989.

11.0. Skýringar hugtaka

Helstu hugtök sem varða skipulags- og byggingarmál og skyld mál eru eftirtalin:

Aðalskipulag: Skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu.

Aðgengi fyrir alla: Með aðgengi fyrir alla er átt við að fólki sé ekki mismunað um aðgengi og almenna notkun mannvirkja á grundvelli fötlunar, skerðinga eða veikinda og það geti með öruggum hætti komist inn og út úr mannvirkjum, jafnvel við óvenjulegar aðstæður, t.d. í eldsvoða. Jafnframt séu sjónarmið algildrar hönnunar höfð að leiðarljósi við hönnun bygginga og umhverfis þeirra.

Afréttur: Landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarþeirra fyrir búfé.

Algild hönnun: Hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlana og þjónustu sem allir geta nýtt sér, að því marki sem aðstæður leyfa, án þess að koma þurfi til sérstök útfærsla eða hönnun. Algild hönnun útilokar ekki hjálpartæki fyrir fatlaða sé þeirra þörf.

Athafnasvæði: Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugæmslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsvæði.

Áætlanir um landnotkun á landsvísu: Á landsvísu eru unnar áætlanir á vegum opinberra aðila, s.s. um samgöngur, fjarskipti, orkumannvirki, landgræðslu, skógrækt og náttúruvernd, sbr. 10. gr. skipulagslaga.

Byggðamynstur: Lögum og yfirbragð byggðar, svo sem hæð og þéttleiki.

Byggðareitur (reitur): Götur skipta þéttbýli í misstór svæði, t.d. bæjarhluta og bæjarhverfi. Byggðareitur kallast hið minnsta slíkra svæða. Um hann liggja engar akbrautir. Oftast markast byggðareitur af fjórum götum.

Byggðapróun: Framvinda atvinnulífs og mannfjölda á tilteknu svæði.

Byggingarfulltrúi: Framkvæmdastjóri byggingarnefndar.

Byggingarhæft: Svo er svæði kallað þegar það hefur verið undirbúið til húsbýggingar. Þá hafa verið gerðir uppdættir, er setja má lóðarmörk og hús eftir og sýna hvar nálægar götur og leiðslur eru. Þá er og búið að koma götustæðum í rétta hæð, leggja holræsi, vatnsveitu og rafmagnsleiðslur, undirbyggja götur og gera þær akfærar.

Byggingarleyfi: Skriflegt leyfi byggingarfulltrúa eða Byggingarstofnunar til að byggja, breyta eða rífa hús eða önnur mannvirki eða breyta notkun þeirra, sbr. ákvæði laga um mannvirki.

Byggingarnefnd: Í hverju sveitarfélagi skal starfa byggingarnefnd, kjörin af sveitarstjórn. Sveitarstjórn getur ákveðið að nefndin fjalli einnig um skipulagsmál sveitarfélagsins og nefnist þá skipulags- og byggingarnefnd. Byggingarnefndir fara með byggingarmál undir yfirstjórn sveitarstjórna.

Byggingarreglugerð: Umhverfisráðuneytið setur almenna byggingarreglugerð. Í reglugerðinni er m.a. mælt fyrir um hvernig háttáð skuli undirbúningi byggingarframkvæmda, eftirliti, efnisnotkun o.fl.

Byggingarreitur: Reitur sem byggingarlínur mynda á skipulagsuppráttum eða mæliblaði. Innan þessa reits er heimilt að reisa byggingar á viðkomandi lóð.

Byggingarsvæði: Svæði sem samkvæmt skipulagi er ætlað til bygginga s.s. íbúða, iðnaðar- eða verslunarhúsnæðis, stofnana o.fl.

Deiliskipulag: Skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði eða reiti innan sveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess. Ákvæði um deiliskipulag eiga jafnt við um þéttbýli og dreifbýli.

Eignarland: Landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.

Einkavegur: Einkavegir eru þeir vegir sem skv. vegalögum teljast ekki stofn-, tengi-, héraðs- eða landsvegir, og eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

Flokkun gatna/vega : Sjá kafla 5.8.2.

Fornleifar: Hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk og orðin eru 100 ára eða eldri.

Fólkvangur: Landsvæði í umsjón sveitarfélags eða sveitarfélaga sem friðlýst hefur verið til útivistar og almenningsnota.

Framkvæmdaleyfi: Leyfi til framkvæmda í samræmi við skipulag sem ekki eru háðar ákvæðum laga um mannvirki.

Friðlýstar fornleifar: Fornleifar sem ástæða hefur þótt til að friðlýsa sérstaklega vegna mikilvægis minjanna. Hægt er að friðlýsa minjar yngri en 100 ára. Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað.

Friðlýst svæði/friðland: Friðland kallast það landsvæði sem friðlýst er samkvæmt náttúruverndarlögum vegna sérstaks landslags, gróðurfars eða dýralífs.

Frístundabyggð: Svæði fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til fastrar búsetu.

Grenndarkynning: Kynning á óverulegri breytingu á deiliskipulagi eða byggingarleyfisumsókn í þegar byggðu hverfi þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag. Skipulagsnefnd annast grenndarkynningu. Grenndarkynning felst í því að nágrönnum, sem skipulagsnefnd telur að hagsmuni eigi að gæta, er kynnt málið og gefinn kostur á að tjá sig innan ákveðins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur.

Grunnkort: Kort sem sýnir ákveðinn fjölda kennileita, s.s. mörk sveitarfélaga, lóðarmörk, götur, hæðarlínur eða önnur náttúruleg auðkenni.

Götuireitur: Afmarkað svæði sem engar götur liggja um. Oftast afmarkast götuireitur af fjórum götum.

Halli götu: Halli götu er yfirleitt mældur í prósentum. Oft er sagt að halli sé t.d. 1 á móti 10 (10%). Halli = hæð/lengd.

Heilbrigðisreglugerð: Til þess að stuðla sem best að framkvæmd laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit setur ráðherra heilbrigðisreglugerð um atriði, sem sérlög ná ekki yfir, og gildir hún fyrir allt landið, landhelgi þess og lofthelgi.

Húsfriðunarnefnd: Í húsfriðunarnefnd eiga sæti fimm menn. Þjóðminjavörður er formaður nefndarinnar. Aðra nefndarmenn skipar menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra listamanna, annan samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, en tvo án tilnefningar. Meginverksvið húsfriðunarnefndar er að gera tillögur um hvaða hús eða húshluta skuli friða vegna menningarsögulegs, listræns eða umhverfislegs gildis. Menntamálaráðherra ákveður friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsfriðunarnefndar og viðkomandi sveitarstjórnar.

Hverfisvernd: Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja.

Hættusvæði: Svæði sem að hætta getur stafað af t.d. flóðum, ofanflóðum (snjóflóðum og skriðuföllum), sviptivindum eða jarðskjálftum. Óheimilt er t.d. að reisa mannvirki á svæði þar sem vitað er að snjóflóð hefur fallið.

Íbúðarsvæði: Svæði sem samkvæmt skipulagi er ætlað fyrir íbúðarhús. Á íbúðarsvæðum má ekki gera ráð fyrir öðru en íbúðum og starfsemi sem eðlilegt telst að þar sé til þjónusta fyrir íbúðahverfi, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum og öðru slíku, sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna ólyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð.

Jarðalög: Ný jarðalög nr. 81/2004 eru í ýmsum greinum ólík þeim eldri. Nokkur meginatriði laganna eru eftirfarandi:

1. Forkaupsréttur sveitarfélags á jörðum er afduminn. Þótt þessi réttur sé afduminn þurfa sveitarstjórnir í nokkrum tilfellum að veita umsögn vegna viðskipta með jarðir.
2. Jarðanefndir verða afdumdar.
3. Leitað skal umsagnar héraðsráðunautar við stofnun nýs lögbylis.
4. Forkaupsréttur ábúanda er stytur, var eftir 10 ár en verður 7 ár. Þetta gildir einnig um ríkisjarðir.
5. Ættaróðul verði aflögð.
6. Ný ákvæði gilda um sameiningu jarða. Þörf er á samþykki landbúnaðarráðherra vegna þessa gjörnings.
7. Landbúnaðarráðherra skal eingöngu staðfesta skipti á ytri mörkum jarðahluta eða landspildna séu þær leystar úr landbúnaðarnotum eða skipt út úr jörð.

Með nýjum lögum er heimilt að undanskilja jarðefni, rétt til efnistöku umfram búsparfir og einnig öll vatns og jarðhitaréttindi.

Landnotkun: Ráðstöfun lands til mismunandi nota, svo sem undir íbúðir, frístundahús, iðnað, verslun, útivist og landbúnað.

Landnotkunarflokkur: Landnotkunarflokkur segir til um hvaða landnotkun er heimil á tilteknum landnotkunarreit, sbr. 2. kafla.

Landnotkunarreitir: Reitir með eina skilgreinda landnotkun. Landnotkunarreitir skal að jafnaði ekki taka yfir minna svæði en götureit. Innan landnotkunarreits skal meirihluti reits helgaður aðalnotkun samkvæmt skilgreiningu viðkomandi landnotkunarflokks í 2. kafla. Önnur notkun en sú sem skilgreind er sem aðalnotkun er þó heimil ef hún nær aðeins til óverulegs hluta reitsins og er í samræmi við aðalnotkun.

Landnýting: Samheiti yfir mælikvarða á það hversu mikil nýting lands er, svo sem nýtingarhlutfall og þéttleika byggðar.

Landslag: Landslag merkir svæði sem hefur ásýnd og einkenni vegna náttúrulegra og/eða manngerðra þátta og samspils þar á milli. Landslag tekur þannig til daglegs umhverfis, umhverfis með verndargildi og umhverfis sem hefur verið raskað. Undir landslag fellur m.a. þéttbýli, dreifbýli, ósnortin víðerni, ár, vötn og hafsvæði.

Landsskipulagsstefna: Samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál til tólf ára sem umhverfisráðherra lætur vinna og leggur fyrir Alþingi.

Landsvegur: Landsvegir eru samkvæmt vegalögum þeir vegir yfir fjöll og heiðar sem vegamálastjóri ákveður og eigi teljast til neins annars vegaflokks.

Leikvöllur: Leikvöllir þurfa að vera í hæfilegri fjarlægð frá heimilum þeirra barna sem þeir eru ætlaðir. Eftir því hvaða aldurshópi leikvöllum er ætlað að þjóna og fjarlægð frá heimadyrum má skipta þeim í nær-, grenndar- og hverfisvelli.

Leyfi til framkvæmda: Framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki og önnur leyfi til starfsemi og framkvæmda samkvæmt sérlögum sem um viðkomandi framkvæmd gilda.

Lögbýli: Jörð eða lögbýli nefnist sky. ábúðarlögum hvert það býli sem sérstaklega er metið til verðs í fasteignamat, með ákveðnum landamerkjum eða með ákveðnum tún- eða engjamerkjum, ef um er að ræða hjáleigu eða býli sem hefur sameiginlegt beitarland með annarri jörð eða jörðum. Ennfremur verður býlið að hafa nægt landrými eða búrekstraraðstöðu til að framfleyta minnst 10 kúgildum. Auk þess verður að vera nægur húsakostur til að nýlja jörðina. Jörð sem ekki hefur verið setin í 2 ár eða lengur telst eyðijörð og þó hús séu fallin eða rifin telst hún lögbýli nema jörðinni sé ráðstafað til annarra nota með samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar, t.d. lögð til afréttar eða sameinuð annarri jörð. Jörð eða lögbýli teljast ennfremur nýbýli, garðyrkjubýli og smábýli sem hlotið hafa samþykki og staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins sem lögbýli.

Mengun: Með mengun er átt við að örverur, efni og efnasambönd valdi óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, raski lífríki eða óhreinki loft, lág eða lög. Mengun tekur einnig til óþæginda vegna ólyktar, hvers konar hávaða og titrings, geislunar og varmaflæðis.

Miðsvæði: Á miðsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnábyrgð sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, s.s. verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum og hreinlegum iðnaði. Þar sem aðstæður leyfa má á miðsvæðum gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

Mæliblað: Mæliblað lýsa legu og stærð lóða og gildandi mörkum eigna og umráðasvæða. Á mæliblaði skal sýna kvaðir sem eru í gildi á viðkomandi svæði, s.s. vegna samþykktra mannvirkja eða veitukerfa. Sýna skal byggingarreit og hæðartölur aðliggjandi götu. Oft unnið í mælikvarða 1: 500.

Náttúruminjar: a. náttúruverndarsvæði, b.lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem eru á náttúruminjaskrá, sbr. 67. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999.

Náttúruminjaskrá: Umhverfisráðherra gefur út náttúruminjaskrá fjórða hvert ár og auglýsir hana í Stjórnartíðindum. Náttúruvernd ríkisins skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands sjá um öflun gagna og skráningu í náttúruminjaskrá og undirbúa útgáfu hennar.

Náttúruverndarnefnd: Í hverju sýslu- og bæjarfélagi skal starfa þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Héraðsnefnd, bæjarstjórn eða borgarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna, kýs þá til fjögurra ára í senn og ákveður formann. Varamenn skulu kosnir jafnmargir til sama tíma. Hlutverk

náttúruverndarnefnda er að stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði m.a. með fræðslu, umfjöllun um framkvæmdir og starfsemi sem líkleg er til þess að hafa áhrif á náttúruna og gera tillögur um úrbætur til sveitarstjórna og Náttúruverndar ríkisins.

Náttúruverndarsvæði:

- a. Friðlýst svæði, þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar, og náttúruvætti.
- b. Önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá.
- c. Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

Nýtingarhlutfall: Hlutfall milli brúttóflatarmáls bygginga á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits. Um skilgreiningu brúttóflatarmáls fer samkvæmt íslenskum staðli.

Opið svæði til sérstakra nota: Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skrúðgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvellir, sleða- og skíðasvæði, skautasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvellir, rallybrautir og skotvellir. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði.

Óbyggt svæði í skipulagsáætlunum: Í svæðis- og aðalskipulagi skal gera grein fyrir þeim svæðum sem skilgreind eru sem óbyggð svæði. Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagi óbyggðra svæða. Ef mannvirki, s.s. stígar, eru fyrirhuguð á óbyggðum svæðum getur þurft að deiliskipuleggja þau.

Ósnortið víðerni: Landsvæði sem er a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu, er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum, og þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum.

Rammahluti aðalskipulags: Sá hluti aðalskipulags þar sem útfærð eru ákveðin afmörkuð svæði sveitarfélagsins með það að markmiði að ákvarða nánar landnotkun, svo sem um meginþætti þjónustukerfa og að afmarka byggingarsvæði eða áfanga deiliskipulagsáætlana.

Ræktað land: Garðar og tún og akrar, þ.e. land sem hefur verið ræktað með jarðvinnslu, sáningu og reglulegri áburðargjöf, land í skógrækt eða land sem hvorki hefur þarfnast jarðvinnslu né sáningar til að verða slægjuland en er það vegna áburðargjafar og er notað sem slíkt.

Sérstök svæðisskipulagsmeðferð: Svæðisskiplag sem tekur til stakra framkvæmda eða áætlana, oft á vegum annarra aðila en sveitarstjórna, sbr. skipulagslög. Skipulagstillaga er unnin af þeim sem ábyrgð ber á viðkomandi áætlun eða framkvæmd en kynnt á vegum Skipulagsstofnunar. Sérstakt svæðisskiplag er háð staðfestingu umhverfisráðherra. Sérstakt svæðisskiplag tekur gildi þegar staðfesting þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Sjálfbær þróun: Þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum kynslóða til að mæta þörfum sínum. Í þessu felst að sókn eftir efnahagslegum gæðum verður að haldast í hendur við vernd umhverfisins og grunnæða jarðar.

Skiplagsáætlun: Áætlun um markmið og ákvarðanir viðkomandi stjórnvalda um framtíðarnotkun lands. Þar er gerð grein fyrir því að hvers konar framkvæmdum er stefnt og hvernig þær falla að landnotkun á tilteknu svæði. Forsendum ákvarðana er einnig lýst. Skipulagsáætlanir sveitarfélaga skiptast í þrjá flokka, svæðisskiplag, aðalskiplag og deiliskipulag. Skipulagsáætlun er sett fram í skipulagsgreinargerð og á skipulagsuppdrætti þar sem það á við.

Skiplagsferill: Framvinda skipulagsvinnu, m.a. undirbúningur skipulagsvinnunnar, uppbygging verkþátta, öflun og greining upplýsinga, úrvinnsla valkosta, stefnumörkun, samskipti við sveitarstjórn og almenning, ákvarðanatáka, framkvæmd skipulags, stjórnun og endurskoðun.

Skiplagsfulltrúi: Skipulagsfulltrúi er framkvæmdastjóri skipulagsnefndar. Í þeim sveitarfélögum þar sem skipulags- og byggingarnefnd starfar, getur skipulags- og byggingarfulltrúi annast skipulagsmál.

Skipulagsgreinargerð: Lýsing skipulagsáætlunar þar sem gerð er grein fyrir skipulagsmarkmiðum og færð rök fyrir stefnu og ákvörðunum um landnotkun og þróun byggðar.

Skipulagskvaðir: Kvaðir sem lagðar eru á einstakar lóðir eða landsvæði í deiliskipulagi, svo sem um umferðarrétt og legu lagna.

Skipulagsmarkmið: Markmið og almenn stefna skipulagsáætlunar og og markmið hennar í einstökum málaflokkum.

Skipulagsnefnd: Í hverju sveitarfélagi skal starfa sérstök skipulagsnefnd eða sameiginleg skipulags- og byggingarnefnd. Skipulagsnefndir, skipulags- og byggingarnefndir þar sem við á, fara með skipulagsmál undir yfirstjórn sveitarstjórna.

Skipulagsreglugerð: Umhverfisráðherra setur reglugerð, er nær til alls landsins, um gerð skipulagsáætlana að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í skipulagsreglugerð skal kveðið nánar á um gerð skipulagsáætlana, svo sem um innihald skipulagsgreinargerða, framsetningu skipulagsuppdráttar, skipulagskvaðir og skipulagsskilmála, um samráð og kynningu tillagna og afgreiðslu skipulagsáætlana. Í skipulagsreglugerð skal skilgreina landnotkunarflokka og umhverfisvernd, svo og önnur hugtök sem fyrir koma í reglugerðinni og þarfnast skýringa. Í skipulagsreglugerð skal kveðið á um öryggis-forsendur og takmarkanir á landnotkun, t.d. vegna náttúruvár eða mengunar. Þá skal sérstaklega kveðið á um aðgengi og þarfir barna, fatlaðra og aldraðra. Í skipulagsreglugerð skulu vera ákvæði um starfshætti skipulagsnefnda, skipulagsfulltrúa og samvinnunefnda um svæðisskipulag og um menntun og starfsreynslu skipulagsfulltrúa og annarra þeirra sem falin er gerð skipulagsáætlana.

Skipulagsskilmálar: Bindandi ákvæði í deiliskipulagi um útfærslu skipulags, svo sem um byggðamynstur, byggingarlínur, útlit mannvirkja og form, fjölda bílastæða, hæðarlegu, götur, stíga, gróður og girðingar.

Skipulagsstig: Skipulagsstigin eru fjögur, lands-, svæðis-, aðal- og deiliskipulagsstig.

Skipulagsstjóri: Framkvæmdastjóri Skipulagsstofnunar. Hann fer með stjórn skipulagsmála í umboði umhverfisráðuneytis.

Skipulagsstofnun: Hlutverk Skipulagsstofnunar er í aðalatriðum eftirfarandi: Að hafa eftirlit með framkvæmd skipulagslaga og viðeigandi reglugerða. Að veita ráðgjöf um skipulags- og byggingarmál. Að fylgjast með stöðu skipulagsmála í sveitarfélögunum. Að annast leiðbeiningarstarf og sjá um umsagnir um ágreiningsmál. Að sjá um upplýsingar um landnotkun á landsvísu. Að stuðla að rannsóknnum og útgáfu og að sjá um upplýsingar um ferlimál fatlaðra. Að framfylgja ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagssvæði: Það landsvæði sem skipulagsáætlun tekur til. Svæðisskipulag tekur til alls lands tveggja eða fleiri sveitarfélaga sem jafnan skulu mynda heild í landfræðilegu, hagrænu og félagslegu tilliti. Aðalskipulag tekur til alls lands eins sveitarfélags. Deiliskipulag nær til einstakra svæða eða reita innan aðalskipulags og skal jafnan miðast við að ná til svæða sem mynda heildstæða einingu. Í þéttbýli skal deiliskipulag að jafnaði ekki taka yfir minna svæði en göturret.

Skipulagstillaga: Tillaga að skipulagsáætlun sem sett er fram í greinargerð og á uppdrætti. Svæðisskipulag telst skipulagstillaga fram að endanlegri samþykkt samvinnunefndar á skipulagsáætlun. Aðal- og deiliskipulag telst skipulagstillaga fram að endanlegri samþykkt sveitarstjórnar á skipulagsáætlun.

Skipulagstímabil: Það tímabil sem skipulag nær til. Aðalskipulag skal miðað við ákveðið tímabil og er því ætlað að fullnægja áætlunum þörfum eigi skemur en til loka skipulagstímabilsins. Tímabil aðalskipulags skal að jafnaði vera minnst 12 ár.

Skipulagsuppdráttur: Uppdráttur sem sýnir fyrirhugaða notkun lands í samræmi við þá stefnumörkun sem kynnt er í skipulagsgreinargerð.

Staðfest skipulag: Skipulag sem umhverfisráðherra hefur staðfest eftir að það hefur hlotið meðferð skv. 31. gr. skipulagslaga. Þegar skipulag hefur verið staðfest er það bindandi fyrir alla aðila.

Stofnanasvæði: Svæði sem er fyrst og fremst ætlað fyrir stofnanir ríkisins og sveitarfélaga.

Sveitarfélagsuppráttur: Skipulagsuppráttur aðalskipulags sem nær til alls lands viðkomandi sveitarfélags og þar sem gerð er grein fyrir notkun lands utan þéttbýlis.

Svæði fyrir frístundabyggð: Svæði fyrir frístundabyggð eru svæði ætluð fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu. Til svæða fyrir frístundabyggð teljast einnig svæði fyrir fjallaskála, gangnamannaskála og neyðarskýli.

Svæði fyrir þjónustustofnanir: Á svæðum fyrir þjónustustofnanir skal fyrst og fremst gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, umferðarmiðstöðvum og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Svæðisbyggingarnefnd: Heimilt er sveitarfélagi að hafa samvinnu við nágrannasveitarfélag eða -félög um kosningu svæðisbyggingarnefndar og ráðningu byggingarfulltrúa, sbr. gr. 7.2 í byggingarreglugerð nr. 44/1998. Svæðisbyggingarnefnd skal kjósa sér formann á fyrsta fundi.

Svæðisskipulag: Skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga þar sem sett er fram sameiginleg stefna um byggðapróun og þá þætti landnotkunar sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Umhverfisstofnun: Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 90/2002 um Umhverfisstofnun. Hlutverk hennar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

Meginmarkmið:

- Heilnæmt umhverfi - að athafnir mannsins og þau efni sem hann notar og framleiðir spilli ekki að óþörfu auðlindum landsins og vistkerfi.
- Sjálfbær þróun - að ekki sé gengið á rétt komandi kynslóða til lífsgæða.
- Öryggi neytenda - að matvæli, aðrar neysluvörur og efni valdi ekki heilsutjóni, slysum á fólki eða mengun.

Umhverfisvernd: Alhliða vernd gegn hvers konar mengun, öðrum skaðlegum umhverfisáhrifum og varðveisla náttúrugæða.

Umsagnaraðilar: Opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála og leyfisveitingum þeim tengdum.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála: Stjórnsýslunefnd sem úrskurðar um ágreining á sviði skipulags- og byggingarmála samkvæmt skipulagslögum.

Þéttbýli: Þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra. Afmarka má þéttbýli með öðrum hætti í aðalskipulagi sveitarfélags.

Þéttleiki bygðar: Byggingarmagn miðað við flatarmál lands sem m.a. er lýst með nýtingarhlutfalli eða reikningsstærðum eins og íbúar/ha eða íbúðir/ha.

Þjóðlenda: Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

Þjóðvegir: Sjá kafla 5.8.2.

***Uppdrættir
vegna
aðalskipulags:***

***Sveitarfélagsuppdráttur
Péttbýlisuppdráttur***

***Viðaukar
greinargerðar***

Afgreiðsla á athugasemdum íbúa

Afgreiðsla á athugasemdum umsagnaraðila

Samþykkt tillaga að afgreiðslu vegna minnisblaðs Skipulagsstofnunar, dags. xx.

Ennfremur verða *Fornleifaskráning í Kaldrananeshreppi og Hættumat á Drangnesi*, lögð fram með skipulagstillögunni.